


**BJÖRN TEITSSON**

*Rauða hárið kom honum til Hróarskeldu*

• á ferðinni • dekur

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**BALTASAR KORMÁKUR**

*Gerir kvikmynd eftir Djúpinu*

Byggir á björgunarafreki Guðlaugs

FÓLK 30



**INGIMUNDUR INGIMUNDARSON**

*Gulljakkinn varð bronsjakki*

Varnarjaxlinn fékk bronsjakka í afmælisgjöf

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

3. febrúar 2010 — 28. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**MIÐVIKUDAGUR**

**Siðblindir í röðum stjórnenda fyrirtækja**



Nanna Briem geðlæknir fjallar um siðblindu og birtingarmyndir hennar.

TÍMAMÓT 20

**Tvær með níu tilnefningar**



Avatar og The Hurt Locker fengu flestar tilnefningar til Óskarsverðlaunanna í ár.

FÓLK 24

**Dreymandi píanó**

Ólafur Reynir Guðmundsson heldur tónleika í Guðríðarkirkju í Grafarholti og leikur þar eigin tónsmíðar.

MENNING 23

**Atvinnulaus**



Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari ætlar að vera þolinmóður og bíða eftir rétta atvinnutilboðinu.

ÍÞRÓTTIR 27

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BJART OG KALT** Í dag verða austan 3-8 m/s, en stífari S- og SV-til. Víða bjart en skýjað og dálítil él NA-til. Frost víða 0-8 stig en hiti rétt yfir frostmarki við suður- og suðvesturströndina.

VEÐUR 4

# Algjört hrun hefur orðið í sölu tónlistar

**Þótt hér sé óspart hlaðið niður tónlist erlendra listamanna virðist íslenskum tónlistarmönnum fremur hlíft. Þetta má lesa út úr samantekt á sölutölum síðustu ára. Hlutdeild erlendrar tónlistar í sölu hefur farið úr 60 í 35 prósent.**

**VIÐSKIPTI** Fullyrðingar um að niðurhal tónlistar af netinu styðji við almenna tónlistarsölu eiga ekki við rök að styðjast. Þetta segir Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda, að megi lesa úr tölum um þróun tónlistarsölu bæði hér heima og erlendis.

Hann segir að hér hafi orðið algjört hrun í sölu tónlistar, sér í lagi þegar horft er til sölu á erlendri tónlist. Gunnar bendir á að þar til fyrir fáum árum hafi hlutdeild erlendrar tónlistar verið í kringum 60 prósent á móti þeirri íslensku. „Núna er þetta hlutfall komið niður í 35 prósent.“

Nýjar tölur sýna að sala á tónlist í Bandaríkjunum dróst saman um meira en helming milli áranna 1999 og 2009, farið úr 14,6 milljörðum Bandaríkjadala (1.860 milljörðum króna) í 6,3 milljarða dala (tæpa 803 milljarða króna) í fyrra.

Hér eru ekki enn til tölur yfir tónlistarsölu í fyrra, en samkvæmt tölum Hagstofu Íslands er þróunin jafnvel enn verri en í Bandaríkjunum sé litið til tímabilsins frá 1998 til 2008.

Árið 1998 seldist hér erlend tónlist fyrir 395 milljónir króna í heildsölu á verðlagi þess árs. Það jafngildir 716 milljónum króna á verðlagi ársins 2008, en þá seldist hins vegar erlend tónlist fyrir 165 milljónir króna. Samdrátturinn nemur 76 prósentum.

Heildarsamdráttur er þó heldur minni, eða 54,1 prósent, þar sem sala á íslenskri tónlist hefur ekki dregist jafnmikið saman.

- óká / sjá síðu 8



**HITT HÚSIÐ Á YLSTRÖNDINNI** Atvinnuleysisátak Hins hússins fyrir ungt fólk tekur á sig fjölbreyttar myndir eins og þessi mynd sýnir ótvírætt. Hópur ungs fólks kom saman í Nauthólsvíkinni í gær þar sem brugðið var á leik. Hugmyndafræði Hins hússins er að allt ungt fólk geti fundið hugmyndum sínum farveg, hvar sem það er statt í lífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iðnaðarráðherra vill breyta skipulagslögum um kostnað við framkvæmdir:

# Vill koma á fót landsskipulagi

**SKIPULAGSMÁL** Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra telur að breyta verði skipulagslögum til þess að koma í veg fyrir að lítil sveitarfélög beri mikinn kostnað við skipulag stórra framkvæmda. Hún segir rökstuðning umhverfisráðherra varðandi neðri hluta Þjórsár byggja á réttum lagalegum grunni. Lögin komi hins vegar sveitarfélögum illa.

„Það er ekki sanngjarnt að kostnaður geti fallið með þessum hætti á lítil sveitarfélög. Það á sérstaklega við framkvæmdir sem við teljum þjóðhagkvæmar,“ segir Katrín.

Í dag kveða lögin á um að eingungis sveitarfélög og skipulagssjóður geti greitt kostnað við skipulagsvinnu.

Þá segir Katrín að hún telji að koma eigi upp landsskipulagi sem gæti að samræmingu á milli sveitarfélaga.“

„Það hefur verið mín skoðun lengi að skipulagsmál sem tengjast umfangsmiklum framkvæmdum, sem jafnvel teljast þjóðhagslega hagkvæmar, og snerta fleiri en eitt sveitarfélag, ættu að heyra undir landsskipulag.“

- kóp / sjá síðu 10

Sjósundferð Kaffibarsins:

# Formaðurinn kaldur á spítala

**FÓLK** „Það endaði einn á spítala síðast – ofkólnaði næstum því. Það var reyndar ég. Ég fór aðeins of langt út í,“ segir Karl West, formaður Sjósundselskaps Kaffibarsins.



KARL WEST

Hópurinn hittist tvisvar í viku og á mánudag endaði ferðin á því að formanninum var ekið í sjúkrabíl á spítala. „Ég ofreyndi sjálfan mig – dreif ekki alveg til baka,“ segir Karl eldhress, enda búinn að endurheimta 36,8 gráðu líkamshita þegar Fréttablaðið náði í hann. Hann telur að líkamshitinn hafi farið niður í 34 gráður þegar hann komst upp úr ísköldum sjónum við illan leik.

- afb / sjá síðu 30

Vondar krónur og atvinnulífið:

# Fjárfestingar í stað lánsfjár

**EFNAHAGSMÁL** **Stjórnvöld hafa upp á síðkastið skoðað möguleikann á því að gefa fjárfestum, sem keyptu íslenskar krónur á erlendum mörkuðum eftir að gjaldeyrishöft voru innleidd hér í nóvember 2008, kost á að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Þetta er ekki leyft nú um stundir.**




**Ræddar hafa verið ýmsar leiðir á fundum ráðamanna og forsvarsmanna atvinnulífsins um málið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.**

**Horft er til þess að féð komi í stað erlends lánsfjár en slíkt er ekki í boði fyrir íslensk fyrirtæki um þessar mundir.**

- jab / sjá Markaðinn










**SPURNING DAGSINS**



*Páll, gréstu krókódílatárum yfir bráðinni?*

„Nei, ég grét veiðitárum."

Páll Reynisson veiðimaður veiddi sinn fyrsta krókódíl í Suður-Afríku á dögunum.

Forystumenn stjórnmálaflokkanna funduðu á ný um Icesave:

# Össur bjartsýnn á samstöðu

**STJÓRNMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra er bjartsýnn á að það takist að ná samstöðu um markmið Íslendinga í viðræðum við Breta og Hollendinga um Icesave, komi til þeirra. Forystumenn stjórnmálaflokkanna funduðu í gær.

„Það var harður en jákvæður tónn í þessum fundi og eftir hann er ég bjartsýnn á að ríkisstjórninni og stjórnarandstöðunni takist að ná samstöðu. Það er algjör forsenda fyrir því að hægt sé að nota sér þau færi sem eru í stöðunni. Ég er líka orðinn nokkuð viss um það að það eru opnari gagnvart viðsemjendum okkar. Ég tel að þeir geri sér grein fyrir þeirri gríðarlega þröngu stöðu sem málið er í."

Össur segir vitaskuld mun á skoðunum stjórnar og stjórnarandstöðu, en hann sé bjartsýnn. „Ég er orðinn sannfærður um að þeir eru af mikilli einlægni og heilindum að skoða það í fyllstu alvöru hvort þeir geti lagt í þessa sjóferð, í herrans nafni og fjörutíu, með okkur. Menn verða að hafa þrek til þess að ná samstöðu í svona örlagastundu í lífi þjóðarinnar."

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra telur að viðræður gætu hafist innan hálfs mánaðar og staðið stutt yfir. **- kóp**



**UTANRÍKISRÁÐHERRA** Segir menn ekki mega bresta þrek til að ná samstöðu á ögurstundu í lífi þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forsætisráðherra:

## Áttum að hafa sérfræðing með

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir telur að skynsamlegt hefði verið að hafa sérfræðing með í viðræðum við Breta og Hollendinga um Icesave. Hún vildi þó ekki viðurkenna að það hefðu verið mistök að skipa Svavar Gestsson yfir samninganefndina. Þetta kom fram í Kastljósi í gær.

Jóhanna sagði að hún hefði ítrekað mótmælt því að tengja lán Norðurlandanna við Icesave. Jóhanna hélt utan í gær og mun funda með José Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, um aðildarumsókn Íslands að sambandinu. Iceave mun bera á góma. **- kóp**



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Tekur sæti í nefnd alþingismanna um viðbrögð við hrunskýrslu.

Mannaskipti í hrunnefndinni:

## Ragnheiður í stað Ásbjörns

**STJÓRNMÁL** Ragnheiður Ríkharðsdóttir, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins, hefur tekið sæti Ásbjörns Óttarssonar, flokksbróður síns, í nefnd alþingismanna sem fara á yfir skýrslu rannsóknarnefndar þingsins um orsakir hruns fjármálakerfisins á Íslandi.

Ásbjörn ákvað sjálfur að víkja úr nefndinni eftir að hafa viðurkennt að hafa tekið sér ólöglegar arðgreiðslur upp á tuttugu milljónir króna úr fyrirtæki sínu. Ásbjörn kveðst hafa skilað umræddri upphæð aftur til fyrirtækisins. Það hafi hann gert eftir að honum varð ljóst við umfjöllun fjölmiðla að arðgreiðslan hafi ekki verið lögleg þar sem eiginfjárstaða fyrirtækis hans hafi verið neikvæð þegar arðurinn var tekinn á árinu 2006. **- gar**

# Sophia brást hart við í dómsalnum

**Sophia Hansen neitaði fyrir dómi í gær að hún hefði skrifað undir þrjú viðskiptabréf. Hún hefur verið ákærð fyrir fjársvik. Rúna Hansen, dóttir hennar, bar vitni símleiðis frá Tyrklandi. Hörð viðbrögð Sophiu í dómsal vöktu athygli.**

**DÓMSMÁL** Sophia Hansen neitaði fyrir dómi í gær að hún hefði skrifað undir þrjú viðskiptabréf, samtals að upphæð um 42 milljónir króna og fleiri pappíra. Hún fyllyrðir að Sigurður Pétur Harðarson hafi falsað undirskrift hennar á bréfunum. Hún hefur nú verið ákærð fyrir fjársvik.

Sigurður Pétur, sem starfaði náið með Sophiu við að fá dætur hennar heim til Íslands, bar að hann hefði séð Sophiu undirrita umrædd bréf, ýmist á hóteli í Tyrklandi eða á heimili hennar. Rúnu dóttur hennar hefði hann séð votta undirskriftina á sumum skjalanna.

„Ég skil ekki hvað þú ert að bulla," heyrðist Sophia þá segja hálfhátt.

Sigurður Pétur bar að hann hefði farið út að borða á hóteli í Istanbúl með Sophiu, Rúnu, eiginmanni hennar og barni á tímabilinu 2005 þegar þær mæðgur hafi skrifað undir eitt bréfanna. Þessu neituðu bæði Sophia og Rúna. Sænskur rithandarsérfræðingur sem kom fyrir dóminn sagði rannsókn sína og samstarfsmanns síns benda eindregið til þess að Sophia hefði skrifað undir umrædd skjöl.

Nokkur vitni voru leidd fyrir dóminn í gær, auk þess sem Rúna Hansen, dóttir Sophiu, bar vitni símleiðis frá Tyrklandi. Undirskrift Rúnu var á sumum þeirra skjala sem lögð voru fram í dóminum, þar sem hún var sögð hafa vottað undirskrift Sophiu. Sophia taldi það af og frá að dóttir sín hefði skrifað eitthvað sem hún ekki skildi, þar sem hún hvorki talaði né læsi íslensku. Rúna sjálf neitaði að hafa vottað undirskrift Sophiu.



**SOPHIA HANSEN** Mætti ásamt verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, í Héraðsdóm Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Athygli vöktu hörð viðbrögð Sophiu í dómsal þegar vitni sögðu eitthvað sem henni hugnaðist sjáanlega ekki.

Ragnar H. Hall kvaðst hafa útbúið bréf að beiðni Sigurðar Péturs, til tryggingar því að sá síðarnefndi fengi greiddar þær fjárhæðir sem hann hefði lagt út til greiðslu á skuldum Sophiu. Þetta hefði verið með hennar vitund og samþykki.

„Mér er alveg sama hvað Ragnar segir hér. Ég ber ekki ábyrgð á hans orðum," heyrðist þá Sophia segja.

Hörður, faðir Sigurðar Péturs, kvaðst hafa útbúið veðskuldabréf upp á þrjár milljónir til að greiða skuldir Sophiu er hún dvaldi í Tyrklandi. Sjálf hefði hún lagt til upphæð og greiðslukjör.

„Ég get bætt við að ég fékk jólakort frá henni með afskaplega miklu þakklæti fyrir aðstoðina," sagði Hörður. Sophia hefði þó ekki greitt bréfið fyrr en það hafði verið sett í innheimtu. **jss@frettabladid.is**

Félag Sigurðar Helgasonar:

## Gert að greiða 1.100 milljónir

**DÓMSMÁL** **Eignarhaldsfélagið Skildingur, í eigu Sigurðar Helgasonar, stjórnarformanns Icelandair, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmt til að greiða Glitni 1,1 milljarð vegna gjaldfallinnar skuldar. Skuldin er vegna láns sem var tekið árið 2007.**



**SIGURÐUR HELGASON**

**Skildingur var stofnaður 2004 um hlutabréf í FL Group. Sigurður stofnaði félagið ásamt þáverandi lykilstjórnendum Flugleiða. Samkvæmt ársreikningi frá 2007 átti félagið hluti í Bakkavör, Kaupþingi og Landsbankanum. Eignir félagsins hafa rýrnað til muna við bankahrunið. Þá staðfesti dómurinn kyrrsetningu á rúmlega 91 milljónar króna á bankareikningi Skildings.** **- sh**

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Bærinn vill HSS

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar vill koma að rekstri Heilbrigðistofnunar Suðurnesja til að tryggja grunnþjónustu við íbúa. Bókun þessa efnis var samþykkt á fundi bæjarstjórnar í gærkvöldi, að því er fram kom á vef Víkurfréttta. Í bókuninni segir að bæjarstjórnin vilji að óvissu um framtíðarrekstur stofnunarinnar verði eytt nú þegar.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Ljósabúnaður víða í ólagi

Það hefur vakið sérstaka athygli lögreglu undanfarið að ljósabúnaði margra ökutækja er ábótavant. Ökumenn eru hvattir til að ganga úr skugga um að ljósin séu í lagi enda er hér um mjög mikilvægt öryggisatriði að ræða í skammdeginu.

## Lést í slysi á Langjökli

Konan sem lést eftir að hafa fallið ofan í sprungu á Langjökli um helgina hét Halldóra Benediktsdóttir. Hún var fædd 8. október 1964 og var til heimilis að Brekkubyggð 28 í Garðabæ.

Halldóra lét eftir sig eiginmann og þrjú börn á aldrinum 7 til 20 ára. Sjö ára sonur Halldóru féll einnig í sprunguna en er á batavegi.


Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Nýr Rauðmagi

Glæný Línuýsa

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


Viðræður sendinefnda Rússa og Bandaríkjamanna í Sviss hafnar á ný:

# Rætt um fækkun kjarnorkuvopna

**SVISS** Viðræður milli Rússa og Bandaríkjamanna um fækkun kjarnorkuvopna hafa hafist á ný í Genf í Sviss, að sögn bandarískra embættismanna sem ræddu við fréttamenn AP-fréttastofunnar.

Viðræðurnar hafa staðið lengi og snúast um hvað koma skuli í stað samkomulagsins frá 1991 um fækkun kjarnorkuvopna. Til stóð að nýtt samkomulag yrði tilbúið þegar fyrri samningurinn rann út 5. desember síðastliðinn.

Michael Parmly, talsmaður bandarísku sendinefndarinnar, sagðist í byrjun vikunnar vonast til þess að „hægt yrði að ljúka fljótlega þeim viðræðum sem eftir standa". Hann vildi hins vegar ekki spá fyrir um hvenær það kynni nákvæmlega að vera.

Sergey Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, lét í síðustu viku hafa eftir sér að vonir stæðu til að samkomulag næðist um það bil „innan fárra vikna".



**SERGEI LAVROV**

Embættismenn í viðræðunefnd Rússa í Genf vildu ekkert láta hafa eftir sér um málið þegar við þá var rætt í byrjun vikunnar.

Nýtt samkomulag þjóðanna um fækkun kjarnorkuvopna á að vera til tíu ára, en viðræður komust á skrið á ný eftir að Barack Obama Bandaríkjaforseti og Dmitrí Medvedev, forseti Rússlands, náðu samkomulagi um að skorið yrði niður um þriðjung í kjarnaoddum beggja þjóða sem þegar hafi verið komið fyrir á hernaðarlega mikilvægum stöðum. **- óká**



**FUNDUR Í FYRRASUMAR** Dmitrí Medvedev og Barack Obama á fundi þeirra í Moskvu í júlíbyrjun í fyrra. Forsetarnir hittust til að ræða fækkun kjarnavopna. NORDICPHOTOS/AFP


HALLGERÐUR „LANGBRÓK“
HÖSKULDSDÓTTIR
Einn mesti kvenskörungur sem sögur fara af á Íslandi. Hún þótti kvenna fegurst en að sama skapi stórlynd og óstýrilát.
31
VÖRÐUR
LÍF- OG HEILSUTRYGGING
Einföld trygging fyrir þá sem þú annt heitast
Hringdu í 514 1000 eða farðu inn á vörður.is
til að fá frekari upplýsingar og tilboð í líf- og heilsutryggingar.
EINFALDAR TRYGGINGAR FYRIR FLÓKIÐ LÍF
vörður

## GENGIÐ 02.02.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,10 | 127,70 |
| Sterlingspund | 202,34 | 203,32 |
| Evra | 177,14 | 178,14 |
| Dönsk króna | 23,790 | 23,930 |
| Norsk króna | 21,715 | 21,843 |
| Sænsk króna | 17,534 | 17,636 |
| Japanskt jen | 1,3996 | 1,4078 |
| SDR | 196,90 | 198,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
232,5214

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi forsvarsmaður FME vísar ásökunum um lygar til föðurhúsanna:

# Vilja beina athyglinni frá sér

**EFNAHAGSMÁL** Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), vísar ásökunum Arnolds Schilder, fyrrverandi yfirmanns innra eftirlits hollenska seðlabankans, um lygar starfsmanna íslenskra eftirlitsstofnana um stöðu íslensku bankanna í aðdraganda efnahagshrunsins til föðurhúsanna.


JÓNAS FR. JÓNSSON

Schilder fullyrti í vitnisburði sínum fyrir hollenskri þingnefnd fyrir skemmstu að íslenskir starfsbræður hans hefðu farið með rangt mál varðandi stöðu bankanna og yfirmenn íslenska seðlabankans hefðu fullvissað hann og fleiri um að Landsbankinn stæði styrkum fótum. Nokkrum vafa er undirorpið hvort Schilder var að ásaka starfsmenn Seðlabankans eða FME um ósannindi en hollenski seðlabankinn sér um eftirlit með fjármálastofnunum þar í landi.

Jónas Fr. sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna ummæla Schilders. Jónas segir að starfsmenn FME hafi gefið þær upplýsingar um fjárhag Landsbankans sem þeir töldu réttar hverju sinni, byggðar á fyrirliggjandi gögnum. Jónas telur að embættismenn í Hollandi vilji beina athyglinni frá vanda heima fyrir með yfirlýsingum og hörku gagnvart Íslendingum og Icesave, en í Hollandi féll fjöldi fjármálafyrirtækja eftir hrunið.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur farið fram á fund í viðskiptanefnd Alþingis, vegna ummæla Schilders og að núverandi og fyrrverandi forstjórar FME, þeir Jónas Fr. og Gunnar Þ. Andersen, verði kallaðir fyrir. **- shá**

Loðnuveiðar hafnar:

# Norsku skipin komin á miðin

**SJÁVARÚTVEGUR Norski loðnuflotinn er nú kominn til loðnuveiða austur og suðaustur af Íslandi en fyrir helgi voru gefnar út reglugerðir um loðnuveiðar íslenskra og erlendra skipa á vetrarvertíð 2010. Eftirlitsflugvél Landhelgisgæslunnar TF-Sif flaug yfir svæðið í gærkvöldi framhjá straumi norskra skipa á leið inn í lögsögu Íslands. Voru þá 22 norsk loðnuskip komin á svæðið, reyndust öll skipin vera á veiðileyfislista.**

**Alls hafa 79 norsk skip leyfi til að veiða á þessari vertíð en 25 skip geta verið við veiðar á sama tíma.** **- shá**

Vill þröskulda í lyfjagreiðslur:

# Langveikir fái meira en aðrir

**HEILBRIGÐISMÁL „Rétt væri að hér væri einhver þröskuldur settur,“ segir Sveinn Guðmundsson, formaður Hjartaheilla höfuðborgarsvæðisins, sem telur ekki sanngjarnt að gera þeim sem lenda í veikindum til skemmri tíma jafn hátt undir höfði og langveikum þegar kemur að greiðslum frá ríkinu.**


SVEINN GUÐMUNDSSON

**„Heilbrigðisyfirvöld hafa á undanförnum mánuðum útilokað fjölda lyfja úr greiðsluþátttöku og þar með gert aðgengi þeirra erfitt eða ekkert. Um er að ræða hjartalyf, magalyf, beinþynningarlyf og astmalyf og búist er við að fleiri lyfjaflokkar bætist í þessa upptalningu. Hafa þar flogaveikilyf og geðlyf verið nefnd,“ segir Sveinn.** **- gar**

## STYRKVEITINGAR

### Félag einstæðra foreldra

Félag einstæðra foreldra mun í fyrsta skiptið síðan 2005 úthluta námsstyrkjum til félagsmanna. Úthlutað verður fjórum styrkjum fyrir vorönn 2010. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu félagsins að Vesturgötu 5 eða á slóðinni: www.fef.is.

## LEIÐRÉTTING

Í grein um nýja sushi-bar á Stjörnutorgi var rangt farið með opnunardag veitingastaðarins. Hann verður opnaður í lok þessarar viku en ekki næstu líkt og greint var frá. Veffang staðarins er jafnframt www.suzushi.is.

# Stjórnmálaflokkarnir eru á framfæri hins opinbera

**Um 80 prósent af tekjum stjórnmálaflokka koma frá ríki og sveitarfélögum. Sjálfstæðisflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn hafa ekki skilað ársreikningi fyrir 2008. Samfylkingin safnar mest frá lögaðilum á því ári.**

**STJÓRNMÁL** Hvorki Sjálfstæðisflokkurinn né Frjálslyndi flokkurinn skiluðu ársreikningum, fyrir árið 2008, til ríkisendurskoðunar innan tilskilins frests. Í yfirlýsingu Frjálslynda flokksins segir að ástæðan sé óvissa með stöðu Ólafs F. Magnússonar í Reykjavík og framlög til hans.

Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, segir að ekki hafi unnist tími til að ljúka ársreikningum. Þeirra sé að vænta á næstu dögum.

Samfylkingin fékk hæst framlög frá lögaðilum á árinu 2008, að minnsta kosti af þeim flokkum sem skiluðu inn ársreikningi. Það ár fékk flokkurinn rúmar 10 milljónir í stuðning frá 44 lögaðilum. Á sama tíma fékk Framsóknarflokkurinn rúmlega 540 þúsund krónur í þrennu lagi. Vinstrihreyfingin - grænt framboð fékk engin framlög frá lögaðilum árið 2008.

Rétt er að geta þess að það ár voru ekki kosningar, en þær hafa löngum verið flokkum tilefni til fjársöfnunar.

Vinstrihreyfingin - grænt framboð fær hins vegar hæsta styrki frá einstaklingum, af flokkunum þremur, 18,7 milljónir árið 2008. Það ár fékk Samfylkingin 17 milljónir frá einstaklingum og Framsóknarflokkurinn tæpar 11. Inni í þessum framlögum eru félagsgjöld. **kolbeinn@frettabladid.is**


**ALÞINGI** Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki enn skilað ársreikningi fyrir árið 2008. Stjórnmálafræðingur segir ársreikningana sýna að flokkarnir séu ekki lengur sjálfbærir, um 80 prósent af fjármagni þeirra séu frá hinu opinbera. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## SEGIR SÖGU UM EÐLI FLOKKANNA

Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðingur segir ýmislegt mega lesa úr ársreikningum flokkanna. Athygli veki hve Samfylkingin fær há framlög frá lögaðilum árið 2008. Það gæti slegið tóninn fyrir það sem koma skal hjá flokknum. Þar sem hámarksframlög séu nú 300 þúsund muni fjármögnun dreifast meira og flokkarnir sækja það á hverju ári sem áður var bundið við kosningaár.


GUNNAR HELGI KRISTINSSON

Þá segir hann athyglisvert hvað Vinstri græn sæki mikið í gegnum fjárframlög einstaklinga.

„Þetta segir sögu um eðli flokkanna. Vinstri græn eru áhugamannahreyfing sem rekur sig mikið til fyrir eigið fé og hefur úr töluvert minna að spila en Samfylkingin. Samfylkingin notar hins vegar báðar leiðir, framlög einstaklinga og lögaðila.“

Gunnar segir ljóst að stjórnmálaflokkarnir séu að verulegu leyti ríkisreknir; í kringum 80 prósent af tekjum flokkanna séu framlög ríkis og sveitarfélaga. „Það segir nokkuð um eðli stjórnmálastarfsemi nú á dögum, þeir eru ekki sjálfbærir án stuðnings opinberra aðila.“

### FRAMSÓKNARFLOKKUR

| | |
|---|---|
| Ríkisframlög | 53.451.512 |
| Framlög sveitarfélaga | 4.989.161 |
| Framlög lögaðila | 540.894 |
| Framlög einstaklinga* | 10.612.608 |
| Samtals | 69.594.175 |

*Þar með talin félagsgjöld

### VINSTRIHREYFINGIN - GRÆNT FRAMBOÐ

| | |
|---|---|
| Ríkisframlög | 65.814.089 |
| Framlög sveitarfélaga | 0 |
| Framlög lögaðila | 0 |
| Framlög einstaklinga* | 18.741.099 |
| Samtals | 84.555.188 |

*Þar með talin félagsgjöld

### ÍSLANDSHREYFINGIN

| | |
|---|---|
| Ríkisframlög | 12.140.510 |
| Framlög sveitarfélaga | 0 |
| Framlög lögaðila | 0 |
| Framlög einstaklinga* | 28.000 |
| Samtals | 12.168.510 |

*Þar með talin félagsgjöld

### SAMFYLKINGIN

| | |
|---|---|
| Ríkisframlög | 114.841.618 |
| Framlög sveitarfélaga | 15.277.267 |
| Framlög lögaðila** | 10.005.000 |
| Framlög einstaklinga* | 17.070.049 |
| Samtals | 157.193.934 |

*Þar með talin félagsgjöld

** Þeir sem greiddu hámark 300.000: AKSO hf., Alfesca, Alþýðuhús Reykjavíkur, Bakkavör Group hf., Brim hf., Eimskip hf., Fagtak hf., Fjarðarmót ehf., FL Group, Glitnir, Hagar hf., Ístak, Kaupþing hf., Klæðning ehf., Landic Property, Landsbankinn, Mjólkursamsalan, Nýsir, Sigfúsarsjóður, Skipti hf., Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Teymi, Úthafsskip, VBS Fjárfestingarbanki hf., Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen, VGK-Hönnun hf.






## VEÐURSPÁ


Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**VÍÐA BJARTVIÐRI**
Það er lítið hægt að kvarta yfir veðrinu þessa dagana og verður áfram yfirleitt hægur vindur og úrkomulítið í dag. Á morgun verður svipað veður, víða bjart með köflum en lítils háttar él við einkum við norður- og austurströndina.




### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 1° |
| Eindhoven | 4° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | 0° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 6° |
| Mallorca | 14° |
| New York | 5° |
| Orlando | 20° |
| Ósló | -4° |
| París | 9° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*


RISA
ÚTSALA
REKKJUNNAR
SÍÐUSTU DAGAR!
30 TIL 70% AFSLÁTTUR
KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
35% AFSLÁTTUR
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.
SVEFNSÓFAR
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá
104.860 kr.
HEILSUKODDAR
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá
5.915 kr.
SÆNGURFÖT
30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá
4.830 kr.
ATH! Myndirnar eru aðeins til hliðsjónar og eiga ekki endilega við tilboðin sem eru gefin upp.
rekkjan
HEILSURÚM
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**KJÖRKASSINN**



*Eiga tannlækningar barna að vera gjaldfrjálsar?*

| | |
|---|---|
| Já | 86,5% |
| Nei | 13,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að seinka klukkunni á haustin á ný miðað við gang sólar?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is VÍSIR

Formaður Blaðamannafélagsins segir fjölmiðla almennt ekki kaupa upplýsingar:

# Verður að horfa til almannahagsmuna

**FJÖLMIÐLAR** Formaður Blaðamannafélags Íslands, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, segir siðareglur félagsins ekki taka til kaupa á upplýsingum.

Eins og fram hefur komið sætir sautján ára piltur nú lögreglurannsókn vegna gruns um að hann hafi tekið ófrjálsri hendi tölvugögn með trúnaðarupplýsingum frá Glitni og Milestone. Stöð 2 segir piltinn hafa boðið þessi gögn til kaups en að þeim viðskiptum hafi verið hafnað. DV hefur birt talsvert margar fréttir með upplýsingum um áðurnefnd fyrirtæki; stjórnendur þeirra og viðskiptavini. Reynir Traustason, ritstjóri DV, neitaði í Fréttablaðinu í gær að gefa upp hvaðan þær upplýsingar blaðsins eru fengnar.

„Nú veit ég ekki frekar en aðrir hvort og þá hvernig DV tengist þessu máli,“ segir formaður Blaðamannafélagsins um hin meintu stolnu gögn. „Það er náttúrlega ljóst að það er ólöglegt að versla með þýfi en fái fjölmiðill í hendur upplýsingar sem gætu verið illa fengnar eða brotið á einkarétti fólks, þá hlýtur að vera horft til þess hvort almannahagsmunir réttlæti birtingu.“

Þá segir Þóra Kristín flesta fjölmiðla hafa það fyrir vinnureglu að kaupa ekki upplýsingar en siðareglur BÍ taki ekki til þessa atriðis. „Mér er ekki kunnugt um hvernig því er farið í vinnureglum DV,“ segir formaðurinn. **- gar**



**ÞÓRA KRISTÍN ÁSGEIRSDÓTTIR** Fái fjölmiðill illa fengnar upplýsingar hlýtur að vera horft til þess hvort almannahagsmunir réttlæti birtingu, segir formaður Blaðamannafélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hagræðing sjóðakerfisins:

# Lífeyrissjóðir í samstarf

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Stjórnir Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, LSS, og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar, LSK, hafa staðfest samning sem undirritaður var hinn 18. janúar um að LSS annist allan daglegan rekstur LSK frá 1. mars 2010.

Samningur þessi er sambærilegur samningum sem LSS hefur gert um rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkur, Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar og Lífeyrissjóðs Akraness en allir þessir lífeyrissjóðir hafa verið lokaðir fyrir nýjum sjóðfélögum frá miðju ári 1998. **- shá**

Húnvetningar ósáttir:

# Andstaða við Húnavallaleið

**SAMGÖNGUR Húnvetningar eru andsnúnir flutningi þjóðvegs 1 frá Blönduósi, svokallaðri Húnavallaleið. Tillaga þess efnis að því yrði beint til sveitarstjórnar að hún hafnaði því að setja leiðina inn á aðalskipulag hreppsins fyrir 2010 til 2022 var samþykkt á íbúafundi í hreppnum í fyrrakvöld.**

**Tillagan var samþykkt með ellefu atkvæðum gegn þremur. Tekið skal fram að um fimmtíu manns sóttu fundinn og því var lágt hlutfall sem tók afstöðu.** **- sh**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Nítján í vímu undir stýri

Tólf ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Þá voru sjö ökumenn teknir fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna.

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Ýsa og þorskur hækkar

Á fundi úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna var ákveðið að hækka verð á slægðum og óslægðum þorski, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seldur til skyldra aðila, um níu prósent. Verð á slægðri og óslægðri ýsu var hækkað um tíu prósent og verð á karfa um fimm prósent. Verð þetta gildir frá og með 1. febrúar 2010.


# Mygladar auglýsingar Múrbúðarinnar

Fyrir stuttu fékk ég fund með stjórnendum Múrbúðarinnar til að sýna hvernig fyrirtækið gæti náð miklu meiri sölu með nútíma marketing.

Best ég komi mér strax að efninu: - öðrum eins hallærisgangi í markaðsmálum hef ég aldrei kynnst og hjá Múrbúðinni. Samt er ég búinn að vera í sjö ár í bransanum og þar áður rak ég grillsjoppu.

Ég hreinlega GAF Múrbúðinni uppskrift að topp árangri í markaðssetningu. Vera með tilboð, útsölur, vask-free, súperdíla, söluprengjur og verðhrun. Þannig smalar maður liðinu inn í búðina. Ég benti þeim á að hakka verðið og lakka það svo aftur. Þá halda allir að þeir séu að græða feitt.

Andlitið hreinlega datt af mér þegar Múrbúðin sagði nei takk við tilboði mínu um markaðsráðgjöf. Í staðinn ætlar Múrbúðin að halda sig við gamla og myglaða hallærisganginn. Einga afslætti, bara gott verð alltaf og fyrir alla. Þeir sögðust ekki vilja hakka verðið til að lakka það svo aftur.



**MARKÚS LÁKI SALÓMONSSON**

Ég spurði hvort þeir ættu ekki skrújárn þarna í búðinni til að herða eitthvað af lausu skrúfunum í hausnum á sér. Marketing gengur nefnilega ekki út á að vera alltaf með gott verð, heldur að láta fólk HALDA að það sé að fá gott verð. Það er geðveikt lame að hjakka bara alltaf á sömu tuggunni, afslátt eða gott verð, afslátt eða gott verð.

Vegna þess að einhverjir sáu bílinn minn fyrir utan Múrbúðina og hafa þekkt hann á einkanúmerinu, þá vil ég taka fram að ég ber einga ábyrð á þessari hallærislegu markaðssetningu fyrirtækisins. Einga.

*Markús Láki Salómonsson*
*sexy@musko.is*
*Höfundur er forstjóri*
*Musko Marketing*

AUGLÝSING





**RANNSAKENDURNIR** Ingibjörg skýrði frá rannsókninni ásamt Helga Magnúsi Gunnarssyni, saksóknara efnahagsbrota, og Gunnari Þ. Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, á blaðamannafundi á föstudaginn var. Hún sagði hún að fjölda annarra meintra brota á gjaldeyrislögunum hefði verið vísað áfram til Fjármálaeftirlitsins. Þaðan er málum síðan vísað til lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ / PJETUR

# Segjast hafa lært að braska hjá Straumi

**Grunaðir gjaldeyrisbraskarar segjast hafa talið viðskipti sín lögleg. Þeir hafi farið eins að í starfi sínu hjá Straumi og unnið þar eftir forskrift núverandi forstöðumanns gjaldeyriseftirlits Seðlabankans. Sá segir viðskiptin alls ekki sambærileg.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjórmenningarnir sem grunaðir eru um umfangsmikið ólöglegt gjaldeyrisbrask í gegnum einkahlutafélagið Aserta bera því við að þeir hafi talið sig fara í öllu að lögum við aflandsviðskiptin. Þeir hafi farið eins að og í störfum sínum hjá Straumi fjárfestingarbanka eftir bankahrun, þar sem þeir hafi unnið eftir forskrift Ingibjargar Guðbjartsdóttur, núverandi forstöðumanns gjaldeyriseftirlits Seðlabankans.

Fjórmenningarnir, Gísli Reynisson, Karl Löve Jóhannsson, Markús Máni Michaelsson og Ólafur Sigmundsson voru yfirheyrðir af efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra á föstudag, eftir húsleit á heimilum þeirra og starfsstöð. Félag þeirra, Aserta, hafði stundað viðskipti með gjaldeyri fyrir tugmilljarða við um hundrað viðskiptavini og millifært alls 13 milljarða króna til Íslands, fram hjá gjaldeyrishöftum.

Talið er að heildarhagnaðurinn af því hafi numið á bilinu tveimur til fimm milljörðum, þar af hafi nokkur hundruð milljónir runnið til fjórmenninganna.

Þrír mannanna störfuðu áður hjá Straumi fjárfestingarbanka, og sinntu þar gjaldeyrisviðskiptum. Þar starfaði einnig lögfræðingurinn Ingibjörg Guðbjartsdóttir, en hún var í maí í fyrra ráðin forstöðumaður gjaldeyriseftirlits Seðlabankans vegna sérþekkingar sinnar á brotalömum gjaldeyrishaftanna.

## FME LAUK SKOÐUN Á STRAUMI ÁN AÐGERÐA

Háværr orðrómur var uppi um það fyrir ári að Straumur, í gegnum erlend útibú sín, stundaði ólögmæt gjaldeyrisviðskipti á aflandsmörkuðum fyrir viðskiptavini hérlendis. Fjármálaeftirlitið tók viðskiptin til skoðunar að frumkvæði Straums en málinu lauk án aðgerða. Má af því ráða að viðskiptin hafi verið álitin lögleg.

Þau viðskipti voru hugsuð milli erlendra aðila, annars vegar útibúa erlendis og hins vegar erlendra félaga. „Straumur átti aldrei í neinum tilfellum að vera að færa heim íslenskar krónur,“ segir Ingibjörg. Henni sé ekki kunnugt um að það hafi verið gert.

Mennirnir hafa við yfirheyrslur haldið því fram að þeir hafi hjá Aserta beitt sömu aðferðum og hjá Straumi, en þar hafi þeir einmitt starfað eftir forskrift Ingibjargar, sem hafi vitað nákvæmlega hvað rúmaðist innan ramma laganna og hvað ekki. Þá hafa þeir undir höndum lögfræðiálit sem þeir segja að sýni fram á lögmæti viðskiptanna.

Hafi Aserta brotið gegn lögunum hafi það verið af gáleysi, enda hafi mennirnir aldrei farið í felur með viðskipti sín og jafnvel verið í reglulegum samskiptum við Seðlabankann vegna þeirra.

Ingibjörg sagði í samtali við Fréttablaðið í gær ofmælt að hún hafi verið arkitektinn að gjaldeyrisviðskiptalíkani Straums. „Ég var bara lögfræðingur þar,“ segir hún.

Þá hafi gjaldeyrisviðskipti Straums verið af allt öðrum toga en þau sem lögregla rannsakar nú. Fyrir það fyrsta hafi Straumur, sem fjármálafyrirtæki, haft leyfi frá Seðlabankanum til að miðla gjaldeyri. Það hafi Aserta ekki haft.

Enn fremur hafi gjaldeyrisviðskipti Straums farið í gegnum útibú bankans erlendis, útibúin hafi talist erlendir aðilar og viðskiptin því verið lögleg þar sem höftin tóku aðeins til innlendra aðila.

Heimildir Fréttablaðsins herma að deilurnar fyrir rétti, fari mál fjórmenninganna svo langt, muni einmitt stórum snúast um þetta atriði: Hvort Aserta, sem er í eigu Íslendinga en skráð í Bretlandi, telst innlendur eða erlendur aðili í skilningi gjaldeyrislaganna. Fjórmenningarnir fluttu meðal annars lögheimili sitt til Bretlands, að því er virðist í því skyni að styðja við þá röksemdafærslu að þeir teljist erlendir aðilar. Þeir búa þó hérlendis og eiga hér fjölskyldu.

Eftir sem áður bárust krónurnar til Íslands og þykir yfirvöldum ljóst að með því hafi brotið verið fullframið með þátttöku innlendra aðila. **stigur@frettabladid.is**


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



# Egill Árnason™

# STÓRÚTSALA

*síðustu dagarnir!!*



**Eikarparket**
Verð frá
41% afsláttur
**4.990 kr./m²**



**Harðparket**
Verð frá
50% afsláttur
**3.290 kr./m²**



**Plastparket**
Verð frá
36% afsláttur
**1.590 kr./m²**



**Flísar 30x60cm**
Verð frá
30% afsláttur
**4.990 kr./m²**



**Náttúrusteinn**
Verð frá
**4.990 kr./m²**



**Þiljur**
Verð frá
30% afsláttur
**2.990 kr./m²**

Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15






Forsætisnefnd Reykjavíkurborgar samþykkir gjald fyrir sumarhús á Úlfljótsvatni:

# Ekki lengur frítt fyrir útvalda

**STJÓRNMÁL** Borgarfulltrúar og útvaldir embættismenn fá ekki lengur ókeypis afnot af sumarhúsi í eigu Reykjavíkurborgar á Úlfljótsvatni.

Samkvæmt ákvörðun Ólafs Kr. Hjörleifssonar, skrifstofustjóra borgarstjórnar, mun gjaldið fyrir bústaðinn fylgja gjaldskrá orlofshúsa Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Forsætisnefnd samþykkti þetta í síðustu viku. Upphaf málsins var tillaga frá Þorleifi Gunnlaugssyni, borgarfulltrúa Vinstri grænna, um að gjald yrði tekið upp. Þess má geta að Þorleifur gerði í fyrra tillögu um að borgarfulltrúar myndu ekki fá að veiða lax frítt á sérstökum dögum í Elliðaánum en það var ekki samþykkt.

Fréttablaðið óskaði fyrir rúmum tveimur vikum eftir upplýsingum frá Reykjavíkurborg um borgarráðsbústaðinn svokallaða á Úlfljótsvatni. Meðal annars er spurt hverjir nákvæmlega eigi rétt á að nota húsið og hverjir það hafi gert síðastliðin þrjú ár. Þá er óskað eftir upplýsingum um rekstrarkostnað hússins. Svar hefur enn ekki borist. **- gar**


**BORGARRÁÐSBÚSTAÐURINN** Eftirleiðis eiga borgarfulltrúar og háttsettir embættismenn að borga fyrir afnot af bústaðnum á Úlfljótsvatni á sama hátt og almennir borgarstarfsmenn fyrir orlofshús starfsmannafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sala tónlistar hefur hrunið síðustu ár

**Sala á erlendri tónlist á Íslandi rúmlega fjórum sinnum meiri árið 1998 en hún var árið 2008. Minnkandi sala er rakin til niðurhals af Netinu. Ný rannsókn sýnir að hrun hefur einnig orðið á tónlistarsölu í Bandaríkjunum síðasta áratug.**

**VIÐSKIPTI** Sala á tónlist í Bandaríkjunum dróst saman um meira en helming milli áranna 1999 og 2009 samkvæmt nýjum tölum. Sama þróun hefur átt sér stað hér á landi.

Í umfjöllun CNN Money.com kemur fram að í Bandaríkjunum hafi sala á tónlist farið úr því að vera 14,6 milljarðar dala (1.860 milljarðar króna) árið 1999 í að vera 6,3 milljarðar dala (tæpir 803 milljarðar króna) á síðasta ári.

Hér eru ekki enn til tölur yfir tónlistarsölu í fyrra, en samkvæmt tölum Hagstofu Íslands er þróunin jafnvel enn ískyggilegri sé litið til tímabilsins frá 1998 til 2008.


**GUNNAR GUÐMUNDSSON**

Árið 1998 seldist hér erlend tónlist fyrir 395 milljónir króna í heildsölu á verðlagi þess árs. Það jafngildir 716 milljónum króna á verðlagi ársins 2008, en þá seldist hins vegar erlend tónlist fyrir 165 milljónir króna. Samdrátturinn nemur 76 prósentum.

Heildarsamdráttur er þó heldur minni, eða 54,1 prósent, þar sem sala á íslenskri tónlist hefur ekki dregist jafnmikið saman.

„Geirinn er að laga sig að kröfum neytenda um hvernig, hvenær og hvar þeir hlusta á tónlist og við höfum átt við nokkra vaxtarverki að stríða í að hafa tekjur af þessum breytingum," hefur CNN Money eftir Joshua Friedman, varaforseta RIAA, samtaka tónlistarframleiðenda í Bandaríkjunum.

Gunnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda, segir algjört hrun hafa orðið í sölu á erlendri tónlist síðasta áratug. „Þannig að tölurnar styðja ekki fullyrðingar sem settar hafa verið fram um að niðurhal tónlistar á Netinu styðji við almenna tónlistarsölu," segir hann og bendir á að þar til fyrir fáum árum hafi hlutdeild erlendrar tónlistar verið í kringum 60 prósent á móti þeirri íslensku. „Núna er þetta hlutfall komið niður í 35 prósent."

Gunnar segir vangaveltur um að ástæður hruns í sölu á erlendri tónlist sé að finna bæði í því hversu dýr tónlist sé orðin, en líklegra sé að þarna gæti að mestu áhrifa niðurhals af Netinu. Það endurspeglist líka í því að þótt margir virðist ekki hika við að hlaða niður erlendri tónlist þá kaupi menn frekar geisladiska með íslenskum tónlistarmönnum.

Gunnar segir að sýna þurfi fólki fram á samhengi hlutanna. „Það verður engin tónlist til á Íslandi ef enginn er til í að borga tónlistarmönnunum." **olikr@frettabladid.is**




Fundað á Álftanesi um framboðsmál vegna sveitarstjórnarkosninga:

# Kosið í vor þótt sameining vofi yfir

**ÁLFTANES** Vonast er eftir tillögum ríkisstjórnarinnar um aðgerðir vegna fjárhagsstöðu Álftaness í þessari viku.

Ákvörðun um formlegar viðræður um sameiningu Álftaness og Garðabæjar verður ekki tekin fyrr en niðurstaða ríkisstjórnarinnar liggur fyrir, að sögn Pálma Mássonar, bæjarstjóra á Álftanesi. Sveitarfélögin hafa átt undirbúningsviðræður. Pálmi segir að sameining við önnur sveitarfélög verði ekki könnuð fyrr en niðurstaða sé fengin í þær viðræður.

Samkvæmt samningi við Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga (EFS) er Álftnesingum skylt að leita eftir sameiningu við önnur sveitarfélög. Undirbúningur fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí er þó í fullum gangi á Álftanesi. Í gærkvöldi funduðu bæði sjálfstæðismenn og framsóknarmenn þar um framboðsmál.

Pálmi segir ekkert benda til að niðurstaða úr sameiningarviðræðum fáist fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí. Sameining taki ekki gildi fyrr en íbúar beggja sveitarfélaga hafa samþykkt hana í almennum kosningum. Óraunhæft sé að ljúka sameiningu fyrir kosningarnar í vor. **- pg**


**ÁLFTANES** Forsetabústaðurinn á Bessastöðum tilheyrir Álftanesi, sem hefur skuldbundið sig til þess að ræða sameiningu við önnur sveitarfélög. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


66° NORÐUR
ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN
Velkomin á kynningarfund í kvöld
TOPPAÐU
með 66°NORÐUR
& ÍSLENSKUM FJALLALEIÐSÖGUMÖNNUM
SNÆFELLSJÖKULL STÓRA KÓNGSFELL HVANNADALSHNÚKUR
HEIÐARHORN SKARÐSHEIÐI ESJAN MEÐALFELL
SKÁLAKAMBUR MÓSKARÐSHNÚKAR SKEGGI DÝJADALSHNÚKUR GEITAFELL BOTNSSÚLUR
Þriðja árið í röð taka Íslenskir Fjallaleiðsögumenn og 66°Norður höndum saman og toppa hæsta tind landsins, Hvannadalshnúk.
Verið velkomin á kynningarfund í kvöld kl. 20 í verslun 66°NORÐUR, Faxafeni 12.
Frekari upplýsingar og dagskrá má nálgast á heimasíðum Íslenskra Fjallaleiðsögumanna, www.fjallaleidsogumenn.is, og 66°Norður, www.66north.is.



**BÚAST TIL SÝNINGAR** Prufur þar sem leitað var stúlkna til að sýna á haust- og vetrartískusýningu í Nýju-Delí á Indlandi í lok mars fóru fram í tískuhönnunarráði Indlands í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Foreldrar séu með í ráðum þegar niðurskurður í skólum er ákveðinn:

# Foreldrar uggandi yfir niðurskurði

**MENNTUN** „Foreldrar eiga að hafa eitthvað að segja um hvar skorið er niður í skólum barna þeirra,“ segir Guðrún Valdimarsdóttir framkvæmdastjóri Samfok, Samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík. Samfok sendi frá sér fréttatilkynningu í gær þar sem ítrekað er mikilvægi þess að haft sé samráð við skólaráð þegar ákvarðanir eru teknar um niðurskurð í skólum.

Menntasviði Reykjavíkur er gert að skera niður um fjögur prósent í ár. Guðrún segir foreldra uggandi um hvar verður borið niður, reyndar megi ekki skera niður í almennri kennslu, sérkennslu eða nýbúakennslu. En leiðir sem gætu orðið fyrir valinu séu til dæmis tækjakaup, gæsla í frímínútum eða skólaferðir.



**GUÐRÚN VALDIMARSDÓTTIR** Framkvæmdastjóri Samfok segir foreldra uggandi vegna niðurskurðar í skólum.

Samfok harma að skera þurfi niður í menntakerfinu og bendir Guðrún á að þetta sé annað árið í röð sem skorið er niður þar og svigrúmið því ekki mikið. „En fyrst að skera þarf niður þá er mjög mikilvægt að foreldrar séu með í ráðum, þeir fái að láta sínar skoðanir í ljós og skólastjórnendur upplýsi um rök fyrir sínum tillögum,“ segir Guðrún.

Samkvæmt lögum um grunnskóla ber að hafa samráð við skólaráð um allar ákvarðanir er snerta skólastarf, þar með talið rekstraráætlanir. Í skólaráði sitja tveir fulltrúar foreldra, auk skólastjórnenda, fulltrúa nemenda og fulltrúa nærsamfélagsins. **-sbt**

Áhrif kulda í Búlgaríu:

# Hundar drápu dýr í dýragarði

**BÚLGARÍA, AP** Villihundar drápu þrettán dýr í dýragarði Sofíu, höfuðborgar Búlgaríu, í síðustu viku.

Ivan Ivanov, framkvæmdastjóri dýragarðsins, segir hundana hafa komist í gegnum girðingu og ráðist á átta villisauði, fjóra krónhjartartarfa og eina hind. Hann segir atvikið það alvarlegasta sem upp hafi komið í dýragarðinum á síðari árum. Frosthörkur og hungur hafi rekið hundana í árásina.

Tvö hjartardýr og einn villisauður sluppu áður en öryggisverðir skárust í leikinn. Hundarnir komust undan.

Dýragarðurinn er sá stærsti í Búlgaríu með 1.310 dýrum. **- óká**

Fimm líkamsárásir tilkynntar:

# Bitið í handlegg og sverði beitt

**LÖGREGLUMÁL Fimm líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglunnar eftir helgina. Ein átti sér stað aðfaranótt laugardags og fjórar aðfaranótt sunnudags.**

**Í miðborginni fékk karlmaður um fertugt skurð á hnakkann eftir að hafa verið sleginn hnefahöggi. Þá var karlmaður á fimmtugsaldri bitinn í handlegginn en málsatvik þykja óljós.**

**Einnig kom til ósættis í heimahúsi á höfuðborgarsvæðinu. Það leiddi til þess að karlmaður lagði til manns með sverði. Sá sem fyrir árásinni varð var fluttur á slysadeild til aðhlynningar. Árásarmaðurinn var handtekinn. Tilefni átakanna lá ekki ljóst fyrir í gær en fyrir liggur að mennirnir höfðu setið að sumbli.** **- jss**

Ólafur F. Magnússon, óháður borgarfulltrúi F-listans:

# Hafnar fullyrðingum Frjálslynda flokksins

**BORGARMÁL** „Það er helber lygi að þarna sé um að ræða eitthvert einkahlutafélag mitt,“ segir Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-listans í Reykjavík, um tilkynningu sem Frjálslyndi flokkurinn sendi frá sér í gær. Ólafur telur tilkynninguna runna undan rifjum lítillar klíku í flokknum, sem trúlega samanstandi af færra fólki en séu á bak við Borgarmálafélag F-Lista í borginni.

Í tilkynningunni áréttar Frjálslyndi flokkurinn að Ólafur sé ekki í flokknum og að heilsíðuauglýsing sem hann birti í Fréttablaðinu í gær sé ekki á vegum F-listans í borginni. „Auglýsingin er sögð í nafni Borgarmálafélags F-lista. Af því tilefni ítrekar Frjálslyndi flokkurinn að það félag hefur ekkert með Frjálslynda flokkinn að gera eða Borgarmálafélag Frjálslynda flokksins í Reykjavík. Félag það sem Ólafur kallar „Borgarmálafélag F-lista“ er einkahlutafélag sem Ólafur stofnaði á valdatíma sínum sem borgarstjóri til þess eins að færa til fjárstyrk af hálfu borgarinnar sem áður hefur jafnan runnið til Frjálslynda flokksins,“ segir í tilkynningunni.

Ólafur segist furða sig á að fjölmiðlar hafi í gær kosið að éta upp „gamla lygi“ um Borgarmálafélagið. Hann bendir á að kjördæmaráð Frjálslynda flokksins hafi lýst eindregnum stuðningi við hann og gefur ekki mikið fyrir tilkynninguna sem send var út í gær. **- óká**



**ÞJÓRSÁ** Hér hyggst Landsvirkjun reisa virkjun. Umhverfisráðherra hefur hafnað skipulagi þar um. Samorka telur ráðherra jafnvel vanhæfan þar sem hann sé á móti virkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Efasemdir um hæfi ráðherra

**Samorka spyr hvort umhverfisráðherra sé vanhæfur til að úrskurða um virkjanir í Þjórsá. Hefði alltaf beðið rammaáætlunar, segir iðnaðarráðherra.**

**UMHVERFISMÁL** Getur hugsast að umhverfisráðherra sé á móti virkjunum í neðri hluta Þjórsár og sé því „vanhæfur þegar kemur að endurteknum úrskurðum um formsatriði í þessu máli?“ Svo er spurt í grein á vef Samorku, Samtaka orku- og veitufyrirtækja, eftir Gústaf Adolf Skúlason aðstoðarframkvæmdastjóra.

Gústaf segir Samorku ekki hafa nein áform um að láta reyna á hæfi ráðherra, enda sé Samorka ekki aðili að málinu. Samtökin hafi einfaldlega viljað velta þessum fleti upp. Þá segir hann engu líkara en Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra skilji ekki eðli endurnýjanlegra orkulinda, en hún velti því upp, í Fréttablaðinu í gær, hvort núverandi kynslóð gæti ráðstafað „öllum mögulegum virkjanakostum um ókomna framtíð eins og það sé ekki fleiri kynslóða að vænta á Íslandi“.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

Í grein sinni segir Gústaf: „Þarna talar ráðherrann um nýtingu vatnsafls með rennslisvirkjunum eins og um námagröft sé að ræða. Ráðherrann virðist ekki skilja eðli endurnýjanlegra orkulinda, þrátt fyrir að aukin nýting þeirra sé efst á baugi í umhverfisumræðunni um veröld alla, í stað brennslu jarðefnaeldsneytis.“

> Þarna talar ráðherrann um nýtingu vatnsafls með rennslisvirkjunum eins og um námagröft sé að ræða.
>
> **GÚSTAF ADOLF SKÚLASON** HJÁ SAMORKU



Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segist ekki hafa sérstaka skoðun á úrskurðinum og túlkun umhverfisráðuneytisins á skipulagslögum virðist vera í lagi. Hún vill þó endurskoða skipulagslögin, ekki sé hægt að fámenn sveitarfélög beri mikinn kostnað vegna framkvæmda sem jafnvel eru taldar þjóðhagslega hagkvæmar.

Hvað virkjanir í neðri hluta Þjórsár varðar segir Katrín lykilatriði að þær hugmyndir séu inni í ferli rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

„Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að þessi ríkisstjórn mun ekki taka ákvörðun um neðri hluta Þjórsár utan við það ferli.“

Rammaáætlun er væntanleg í lok þessa mánaðar og Katrín segir að þá sé það Alþingis að taka afstöðu til mögulegra virkjanakosta.

**kolbeinn@frettabladid.is**


ENNEMM / SÍA / NM40486

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn kynnir röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármál heimilisins.



**Námskeiðin verða haldin í eftirtöldum útibúum:**

| | | |
|---|---|---|
| 4. febrúar | Selfoss | Réttindi lífeyrisþega |
| 11. febrúar | Bæjarhraun | Réttindi lífeyrisþega |
| 18. febrúar | Hornafjörður | Fjármál heimilisins |
| 25. febrúar | Grafarholt | Fjármál heimilisins |
| 11. mars | Sauðárkrókur | Fjármál heimilisins |
| 18. mars | Snæfellsbær | Fjármál heimilisins |

**Réttindi lífeyrisþega**
Á námskeiðinu verður farið yfir helstu breytingar sem gerðar voru á réttindum og greiðslum lífeyrisþega frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 2009. Sólveig Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri, og Margrét Jónsdóttir, deildarstjóri á Réttindasviði TR, kynna breytingarnar og svara fyrirspurnum ásamt sérfræðingum bankans.

**Fjármál heimilisins**
Námskeiðinu er ætlað að auðvelda fólki að halda utan um fjármálin. Sérfræðingar bankans fjalla um skipulag og stýringu fjármála heimilisins, útgjöld, endurskipulagningu, kosti heimilisbókhalds, sparnaðarleiðir og lánamöguleika.

**Skráning og nánari upplýsingar eru á vef Landsbankans, landsbankinn.is, og í síma 410 4000. Allir velkomnir.**

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

**FJÁRMÁLARÁÐGJÖF** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

Ákærður fyrir að slá lögreglu:

# Árásarmáli vísað frá dómi

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur vísað frá máli gegn manni sem ákærður var fyrir að hafa slegið lögreglukonu með krepptum hnefa í húsasundi á Akureyri í júní 2009.**

**Maðurinn neitaði að hafa slegið lögreglukonuna viljandi en útilokaði ekki að hann hefði óvart veitt henni högg í andlitið þegar hún var að reyna að stöðva hann. Dómari taldi að við rannsókn málsins hefði átt að taka skýrslu af lögreglumanni sem var á vettvangi. Þá hefði átt að fela öðru lögregluembætti lögreglurannsóknina svo fyllsta hlutleysis væri gætt.** - jss

Hraðfrystihús með þorskeldi á Nauteyri vill nú kaupa jörðina af Strandabyggð:

# Viðkvæm starfsemi sem þarf frið

**SJÁVARÚTVEGUR** Hraðfrystihúsið Gunnvör í Hnífsdal hefur gert Strandabyggð tilboð í jörðina Nauteyri innst í Ísafjarðardjúpi.

„Við viljum tryggja að fá ekki einhverja ofan í okkur því þetta er viðkvæm starfsemi,“ segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Gunnvarar, sem rekur seiðaeldisstöð fyrir þorsk á Nauteyri og nýtir þar meðal annars heitt vatn úr borholu. Fyrirtækið hefur fram til þessa leigt aðstöðuna af Strandabyggð.

Nauteyri á Langadalsströnd er gamall kirkjustaður. „Jörðin á nánast allt land frá fjöruborði milli Þverár og Hafnardalsár allt til vatnaskila á Ófeigsfjarðarheiði. Þar er nokkur fjöldi stöðuvatna, sum þeirra allstór, meðal annars Skúfnavötn og Mávavötn,“ segir um Nauteyri í sölulýsingu Fasteignamiðstöðvarinnar. „Gífurlegt landflæmi, óþrjótandi vatn í ám og vötnum og stórbrotin náttúrufegurð gera Nauteyri eina eftirsóknarverðustu jarðeign á Vestfjörðum“, segir enn fremur um þessa miklu jörð sem talin er vera um 5.500 hektarar.

Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnarinnar mun Strandabyggð nú undirbúa gagntilboð til Gunnvarar. - gar



**NAUTEYRI** Mikið land fylgir jörðinni Nauteyri sem blasir við til hægri þegar komið er vestur yfir Steingrímsfjarðarheiði. MYND/FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN



**Í BIÐRÖÐ** Konur bíða í röð eftir að matvælum verði útdeilt í Port-au-Prince á Haítí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðamatvælastofnunin:

# Matvælum dreift á Haítí

**HAÍTÍ, AP** Alþjóðamatvælastofnunin hóf fyrstu skipulegu dreifingu stofnunarinnar á matvælum á Haítí á laugardag. Komið hefur verið upp sextán stöðum í höfuðborginni Port-au-Prince þar sem einungis konur geta sótt mat.

Dreifing matvæla eftir skjálftann 12. janúar hefur verið sögð illa skipulögð á stundum. Þá hafi oft verið slegist um mat og ungir menn haft þar undir konur og veikburða og tekið af þeim matvælin.

Stofnunin segir að með nýju skipulagi sé reynt að tryggja að matur komist til þeirra sem séu í nauðum. - óká

Karlmaður ákærður:

# Hótaði laganna vörðum ítrekað

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á þrítugsaldri fyrir að hóta fjórum lögreglumönnum lífláti. Atvikið átti sér stað í ágúst 2008. Maðurinn var færður í lögreglubíl við veitingastaðinn Glaumbar við Tryggvagötu í Reykjavík.**

**Á leiðinni að lögreglustöðinni við Hverfisgötu, svo og í fangamóttöku stöðvarinnar, hótaði maðurinn ítrekað lögreglumönnunum fjórum, sem voru við skyldustörf, lífláti.** - jss

RMK
EINNOTA
VEISLUBAKKAR
MATARBAKKAR
SUSHIBAKKAR
554-2888
www.rmk.is
RMK ehf. | Melabraut 19 Hf
www.rmk.is | rmk@rmk.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
→ flugfelag.is

Suður-Grænland
– paradís útivistarmannsins






Beint flug frá Reykjavík til Narsarsuaq í júlí og ágúst 2010

**Eystribyggð Grænlands er stórkostleg náttúruparadís á björtum sumardögum með góðum veiðiám og kjörlendi til gönguferða**

Sjáið tignarleg ísbjörg á siglingu milli áfangastaða. Gangið um gróskumikla dali með blómstrandi brekkum. Kynnið ykkur landnám Eiríks rauða í Brattahlíð og Görðum. Heimsækið Narsarsuaq, Qaqortoq (Julianehåb) og Igaliku (Garða). Lærið um inúítamenningu og nútíma lífshætti á Suður-Grænlandi.

**Velkomin á heimskautasvæði með fagurbláa ísjaka og græn engi. Kynnist stórbrotinni, villtri náttúru og hjartahlýju fólki**

Ferðir á Íslendingaslóðir á Suður-Grænlandi síðastliðið sumar urðu svo vinsælar að þær verða endurteknar í sumar. Flogið var með Flugfélagi Íslands og siglt frá Narsarsuaq til Qaqortoq (Julianehåb) Hvalseyjar, Igaliku (Garða) og Qassiarsuk (Brattahlíðar). Félagsfólk í LEB, víða að af landinu, fjölmennti í ferðirnar.

**Nánari upplýsingar veitir:** Emil Guðmundsson
S. 564-3606 ı gsm. 898-9776 ı fax. 564-3622 ı emil@simnet.is ı www.simnet.is/emil

ÍSLENSKA SIA.IS FLU 49000 01.2010



**Í LEIÐINDAFÆRÐ** Ökumaður bifhjóls gerir sitt besta í mikilli snjókomu í Weisskirchen, nærri Frankfurt, í Þýskalandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Héraðsdómur Reykjavíkur ógildir 130 milljóna samkeppnissekt á Icelandair:

# Brotið hvorki víðtækt né skaðlegt

**SAMKEPPNISMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur fellt úr gildi úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála um að Icelandair eigi að greiða 130 milljóna króna sekt vegna undirverðlagningar á fargjöldum.

„Það er mjög mikilvægt að fá þessar 130 milljónir króna til baka og dómurinn undirstrikar að Samkeppniseftirlitið gekk allt of langt á sínum tíma,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair.

Um er að ræða mál sem á rætur að rekja til ársins 2004. Þá kvartaði Iceland Express til Samkeppniseftirlitsins undan verði á flugi Icelandair til Kaupmannahafnar og London. Um var að ræða takmarkaðan sætafjölda fyrir 16.900 krónur. Taldi Iceland Express að Icelandair væri að misnota ráðandi stöðu sína á þessum markaði. Í apríl 2007 komst áfrýjunarnefnd samkeppnismála að þeirri niðurstöðu að um hafi verið að ræða óeðlilega undirverðlagningu og taldi hæfilegt að leggja 130 milljóna króna sekt á Icelandair.



**GUÐJÓN ARNGRÍMSSON** Upplýsingafulltrúi Icelandair fagnar niðurstöðu héraðsdóms í sex ára gömlu deilumáli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Héraðsdómur telur að um skaðlega undirverðlagningu hafi verið að ræða á flugleiðinni til Kaupmannahafnar en ekki til London. Icelandair hafi því brotið lögin. Brotið sé hins vegar hvorki eins alvarlegt né áhrifin eins skaðleg og áfrýjunarnefndin taldi. Þess vegna beri að fella sektina niður. **- gar**

Lögreglan á Selfossi:

# Stal góssi úr þrjátíu bílum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á Selfossi tókst í fyrrinótt að hafa hendur í hári ungs manns sem stolið hefur úr fjölda bíla í bænum.**

**Maðurinn hefur stundað þessa iðju frá því í nóvember á síðasta ári. Á þessu tímabili hefur verið farið inn í um þrjátíu ólæsta bíla á Selfossi, gramsað í þeim og stolið lauslegum hlutum eins og GPS-tækjum, myndavélum og lausafé. Maðurinn fór eingöngu inn í ólæsta bíla og olli engum skemmdum.**

**Hann hefur verið yfirheyrður og hann játað á sig brotin. - jss**






# EFS er með Reykjanesbæ í gjörgæslu

**Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga segir óvissu um tekjuforsendur Reykjanesbæjar. Skuldir séu enn verulega yfir eðlilegum mörkum. EFS vill að sveitarfélagið skili ársfjórðungslegu uppgjöri með samanburði við fjárhagsáætlun ársins.**

**SVEITARFÉLÖG** Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga (EFS) ætlar ekki að aðhafast í málum Reykjanesbæjar að svo stöddu en ítrekar varnaðarorð um óvissu í rekstrarforsendum og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. EFS kallar eftir að fá reikningsskil frá Reykjanesbæ send ársfjórðungslega með samanburði við fjárhagsáætlun ársins 2010. Þá verði ársreikningur fyrir 2009 lagður fram sem fyrst.

Að sögn Jóhannesar Finns Halldórssonar, framkvæmdastjóra EFS, hefur ekki áður verið óskað eftir ársfjórðungslegum uppgjörum hjá sveitarfélögum, nema þau hafi áður leitað til EFS og gert við hana samning um fjármál sín.

Í bréfi EFS segir að samkvæmt lögum sé sveitarfélögum skylt að gæta þess að heildargjöld fari ekki fram úr heildartekjum. Fjárhagsáætlun 2010 geri ráð fyrir hallalausum rekstri Reykjanesbæjar en nokkur óvissa sé um forsendur. Þar sé m.a. gert ráð fyrir verulegri fjölgun starfa í sveitarfélaginu. „Gangi áætlunin ekki eftir er ljóst að bregðast þarf við afleiðingum þess,“ segir í bréfinu.

EFS gerir athugasemd við staðhæfingar sveitarfélagsins um að viðsnúningur hafi orðið í rekstrinum vegna viðskipta með eignir sveitarfélagsins í HS hf. á síðasta ári og að vegna sölu á eignum megi gera ráð fyrir sjö milljarða hagnaði við lokauppgjör ársins 2009.

EFS vekur athygli á að framlegð frá rekstri sé neikvæð um 639 milljónir króna samkvæmt árshlutauppgjöri frá 31. október. Þar komi fram að hagnaður af sölu hlutabréfa nemi 11,7 milljörðum króna. Verulega vanti á „að hinn reglubundni rekstur sveitarsjóðs skili viðunandi niðurstöðu“.



**REYKJANESBÆR** Eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga hefur ekki áður kallað eftir ársfjórðungslegu uppgjöri nema fyrir liggi samningur um aðkomu nefndarinnar að fjármálum sveitarfélags. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftir eignasöluna séu skuldir „enn verulega yfir eðlilegum mörkum“. Fjárhagsstaðan sé þó mun betri og gert ráð fyrir að peningalegar eignir, sem fengust við eignasöluna og eru í formi skuldabréfa, verði nýttar til að greiða niður skuldir. Spurður við hvað EFS miði eðlileg mörk skulda og skuldbindinga, segir Jóhannes Finnur að í því sambandi sé yfirleitt miðað við um 150 prósent af tekjum. Fyrir sölu eigna í HS námu skuldir og skuldbindingar bæjarins um 450 prósentum af tekjum. Eignasalan upp á 11,8 milljarða hefur lækkað það hlutfall um meira en 200 prósent, miðað við áætlun um 5,6 milljarða króna tekjur á þessu ári.

peturg@frettabladid.is

Þistilfjarðarbirnan talið ríflega fjögurra ára gamalt og heilbrigt kvendýr:

# Var ung og heilbrigð birna

**NÁTTÚRUFRÆÐI** Rannsóknir sérfræðinga sýna að hvítabjörninn sem gekk á land skammt frá bænum Óslandi í Þistilfirði 27. janúar var ung birna. Krufning leiddi ekkert óeðlilegt í ljós og benti til að birnan hefði verið heilbrigð þegar hún var felld.

Karl Skírnisson, dýrafræðingur á Tilraunastöðinni á Keldum, og samstarfsfólk hans krufði dýrið að beiðni Náttúrufræðistofnunar.

Eins og áður segir var hér á ferðinni ung birna, 173 sentimetra löng. Hún var vigtuð nyrðra áður en feldurinn var tekinn og reyndist þá vera 138 kíló að þyngd. Fyrirhugað er að ákvarða aldur dýrsins út frá fjölda árhringja í tannrótum en sé stærðin borin saman við mælingar á dýrum úr Austur-Grænlandsstofni hvítabjarna er ljóst að birnan sem hér um ræðir var þegar orðin sjálfstæð. Húnar lúta ekki forsjár móður nema um fyrstu 27 mánuði ævinnar. Þeir fæðast í híði að vetrarlagi, oftast í desember eða janúar. Líklegast er að Þistilfjarðarbirnan sé ríflega fjögurra ára.

Fyrstu niðurstöður benda til þess að birnan hafi ekki verið smituð af tríkínum en fyrirhugað er að rannsaka það nánar á Tilraunastöðinni á Keldum auk þess sem leitað verður að öðrum sníkjudýrum.



**ÞISTILFJARÐARBIRNAN** Dýrið var fellt 27. janúar og rannsóknir sýna að það var heilbrigð birna. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐJÓN

Rannsóknir á dýrinu eru gerðar að hluta til í samvinnu við Dani sem unnið hafa um árabil að athugunum á hvítabjörnum á Grænlandi. Hauskúpa dýrsins og bein verða hreinsuð og varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands. **- shá**




# HEILDSÖLU LAGERSALA

**VIÐ ERUM AÐ RÝMA TIL Á LAGERNUM FYRIR NÝJUM VÖRUM OG SELJUM ÞVÍ ELDRI LAGER OG SÝNISHORN Á ÓTRÚLEGU VERÐI!**

# 40-60% afsláttur

**FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR**

## - aðeins í 6 daga!




Mikið úrval af vetrarfatnaði, golffatnaði, útivistarfatnaði, softshell og super stretch peysum, barna fatnaði og mörgu fl.

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3 laga jakkar | 37.990- | **18.900-** |
| 3 laga buxur | 37.990- | **18.900-** |
| Golfjakkar | 19.990- | **9.900-** |
| Golfregnbuxur | 22.900- | **12.900-** |
| Útivistarjakkar | 24.900- | **14.900-** |
| Barnaúlpur | 17.900- | **7.900-** |
| Skíðabuxur barna | 13.900- | **6.900-** |
| Skíðaúlpur 2 laga | 29.900- | **14.900-** |
| Skíðabuxur 2 laga | 21.900- | **12.900-** |
| Soft-shell barnapeysur | 14.900- | **5.900-** |
| Barnagallar | 11.990- | **7.900-** |
| Barnaregnjakkar | 10.990- | **5.900-** |
| Regnbuxur | 8.990- | **4.900-** |

**OPNUNARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| Miðvikudagur | 3. feb. | kl. 12-20 |
| Fimmtudagur | 4. feb. | kl. 12-20 |
| Föstudagur | 5. feb. | kl. 12-20 |
| Laugardagur | 6. feb. | kl. 10-18 |
| Sunnudagur | 7. feb. | kl. 11-18 |
| Mánudagur | 8. feb. | kl. 12-20 |

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslendingar eru við það að fara að dæmi Breta.

## Auðvitað verður Íraksrannsókn

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR

Enn er stuðningur Íslands við innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak árið 2003 í brennidepli. Opinber rannsókn á málinu í Bretlandi vekur þá umræðu af nokkurra missera blundi. Virðast vinnubrögð breskra til fyrirmyndar; allt er gert fyrir opnum tjöldum og öllum sem skipta máli er gert að gera grein fyrir máli sínu.

Alveg frá því að upplýst var í Bandaríkjunum í mars 2003 að Íslendingar væru í stuðningsliði innrásarherjanna og legðu þeim til aðstöðu til hernaðaraðgerðanna hér á Íslandi hafa vinnubrögð íslensku ráðamannanna í málinu þótt vafasöm. Þau vinnubrögð voru þó í fullu samræmi við það sem viðgekkst og því eðlileg að því leyti til. Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson höfðu nefnilega þann hátt á að taka ákvarðanir – stórar og smáar – upp á eigin spýtur. Þeir létu ekki fyrirbæri á borð við þingflokka, þingnefndir, Alþingi og ríkisstjórn flækjast fyrir sér.

Ákvörðun tvímenninganna um stuðninginn þurfti ekki að koma á óvart. Afstaða þeirra hafði margsinnis komið fram opinberlega. Þeir sögðu að koma bæri Saddam Hussein frá völdum með góðu eða illu og að Keflavíkurflugvöllur stæði árásarherjunum opinn til afnota.

Þetta umdeilda mál hefur annað veifið fengið talsverða umfjöllun. Fókusinn hefur jafnan verið á lista, sem Bandaríkjamenn gáfu út, yfir þær þjóðir sem blessuðu innrásina eða tóku þátt í henni með einhverjum hætti. „Listi viljugra þjóða“ var hann kallaður. Endalaust var talað um listann eins og hann væri vandamálið, ekki stuðningurinn sjálfur. Sjálfsagt áttu sérfræðingar í umræðustjórnun þar einhvern hlut að máli.

Staðfastir Íslendingar hafa reynt að láta eins og stuðningur Íslands hafi ekki skipt neinu máli. Ráðist hefði verið inn í Írak hvort sem Ísland hefði stutt þær aðgerðir eða ekki. Í slíkum orðum felst yfirlæti gagnvart þeim sem láta sér annt um orðspor lands og þjóðar og stendur ekki á sama um hvað stjórnvöld á hverjum tíma aðhafast.

Því er líka haldið fram að þetta hafi nú verið allt í lagi af því að Íslendingar tóku ekki þátt í sjálfri innrásinni. Af því að við héldum ekki um gikkinn. Þjóð sem ekki á her kemst ekki nær því að taka þátt í innrás en að lýsa yfir fullkomnum stuðningi við slíkar aðgerðir og bjóða fram aðstöðu til að auðvelda þær eða jafnvel gera þær mögulegar.

Fyrir liggur álit býsna virtra lögmanna um að ákvörðun Davíðs og Halldórs hafi ekki verið lögbrot. Það er nú gott. En hvað sem því líður er mikilvægt að málið verði gert almennilega upp, líkt og Bretar eru nú að gera. Verður ekki betur séð en að Alþingi sé á góðri leið með að ákveða það þrátt fyrir smá stæla í varaformanni Sjálfstæðisflokksins í Fréttablaðinu í gær.

Róið er að því öllum árum að búa svo um hnútana í stjórnsýslunni og á fjármálamarkaði að bankakerfið hrynji ekki aftur. Það gæti nefnilega gerst að óábyrgir menn veljist á ný til ábyrgðarstarfa í bönkunum. Að sama skapi er mikilvægt að girða fyrir að einn eða tveir menn geti tekið ákvarðanir á borð við þá að styðja – og greiða fyrir – innrás í önnur ríki. Eðlilegt er að setja lög og reglur sem koma í veg fyrir slíkt í framhaldi íslensku Íraksrannsóknarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt í hakki

Lögreglan hefur í haldi sautján ára ungling sem grunaður er um að hafa stolið trúnaðargögnum úr tölvu Gunnars Gunnarssonar, lögfræðings hjá Milestone, sem var í eigu Wernersbræðra. Pilturinn starfaði áður hjá lögfræðingnum við uppsetningu öryggiskerfis fyrir tölvur og leikur sá grunur á að hann hafi notfært sér gamla öryggiskóða til að stela upplýsingum. Þetta er svo reyfarakennd atburðarás að það er engu líkara en að við séum stödd í miðri sænskri spennumynd.



### Traustvekjandi

En þetta vekur upp eftirfarandi spurningu: Hvers vegna leitar lögfræðingur, sem starfaði meðal annars fyrir menn sem voru þá í hópi ríkustu manna Íslands, til unglings sem er ekki orðinn lögráða og fékk hann til að setja upp öryggiskerfi til að gæta trúnaðarupplýsinga skjólstæðinga sinna? Skyldu þetta vera algeng vinnubrögð hjá lögfræðingum hér á landi?

### Enginn betri á bekknum

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var spurður í Morgunblaðinu í gær hvers vegna Logi Geirsson hefði komið svona lítið við sögu á EM í handbolta. Sagði Guðmundur það hafa „þróast einhvern veginn þannig þegar á mótið leið“, þar sem Arnór Atlason og Aron Pálmarsson, sem leika sömu stöðu og Logi, hafi staðið sig svo vel. „Þar með fékk Logi hlutverk sem hann hefur ekki áður verið í hjá landsliðinu,“ sagði Guðmundur. Það er að sitja á bekknum. „Loga til hróss,“ bætti hann við, „stóð hann sig frábærlega í þessu hlutverki og kemur mjög sterkur frá þessari keppni“. Er það mjög hughreystandi fyrir Loga Geirsson að vera álitinn bestur á bekknum?



**bergsteinn@frettabladid.is**

# Tónleikarnir



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Í bíó

Sú virðist vera bjargföst sannfæring fransks kvikmyndagagnrýnenda, að kvikmyndir eigi að fjalla um ungt fólk, helst unglinga sem góna út í loftið, segja öðru hverju einstakvæðisorð og hlæja þess á milli innsogshlátrinum; það sé í rauninni eina verðuga verkefni kvikmyndahöfunda. Þegar þeir túlka einhverja mynd líta þeir því gjarnan svo á að yngsta persónan hljóti að vera í miðpunktinum, um hana snúist allt annað. Þannig skildu þeir „Hafið“ eftir Baltasar Kormák svo að sú mynd fjallaði um ungan Íslending sem býr í París og ferð hans á heimaslóðir, annað virtist fara fyrir ofan garð og neðan hjá þeim. Ef kvikmynd snýst ekki um unglinga taka þeir henni oft fálega, ef þeir rífa hana þá ekki í tætlur.

En franskir kvikmyndaáhorfendur virðast ekki alltaf vera á sama máli, þeir álíta að fleira sé á dagskrá í veröldinni en unglingavandamálið eitt, og hefur það komið allrækilega í ljós nú í vetur. Nokkru fyrir jól var frumsýnd frönsk mynd eftir Radu Mihaileanu, sem nefndist „Tónleikarnir“; þar komu unglingar ekkert við sögu og hunsuðu gagnrýnendur hana, en þrátt fyrir það sló hún þegar í gegn svo um munaði, og hefur æ síðan verið ofarlega á listanum yfir þær myndir sem mest eru sóttar. Eftir tíu vikur var tala áhorfenda komin upp í 1,7 milljónir.

En ekki er um að villast að viðfangsefnið er gripið út úr samtímanum þótt um það sé fjallað í skáldlegum ýkjustíl. Þar segir frá rússneskum hljómsveitarstjóra sem var rekinn úr starfi á stjórnartímum Bresnéfs, því að hann neitaði að reka einleikara sem var gyðingur. Hljómsveitarstjórinn var að vísu enginn sérstakur vinur gyðinga sem slíkra, en einleikarinn, ung kona sem var fiðlusnillingur og átti að leika fiðlukonsert Tsjækofskís, var stjarna hljómsveitarinnar. Skömmu síðar var hún send í útlegð í gúlagið og lést þar. Síðan hefur hljómsveitarstjórinn orðið að láta sér lynda að vera ræstingamaður í Bolsjoj.

En einn góðan veðurdag rekst hann á fax nýskroppið út úr faxvél í skrifstofu leikhússtjórans þar sem hljómsveitinni er boðið að halda tónleika í Chatelet í París, og sér þá leik á borði: hann stelur faxinu, svarar því sjálfur og tekur boðinu í sínu nafni. Svo fer hann að safna saman tónlistarmönnum af öllu tagi sem eru í svipaðri stöðu og hann sjálfur og harla litríkur söfnuður og undirbúa tónleikaferðina til Parísar. Mörg ljón eru á veginum, það vantar peninga og því þarf að fá einn ólígarkinn til að gerast „sponsor“; svo er erfitt að fá pappíra til að komast úr landi, en um það sér rússneska mafían. Jafnframt er hljómsveitarstjórinn fyrrverandi og tilvonandi í stöðugu sambandi við leikhússtjórann í París og gerir ýmsar kröfur, m.a. vill hann fá unga, franska konu sem þegar er orðin víðfræg fyrir fiðluleik til að vera einleikari. Hún er treg en fellst þó á það að lokum.

Ferðin til Parísar er öll hin spaugilegasta, mafían ræður ríkjum á flugvellinum í Moskvu, Rússarnir drekka eins og svampar á leiðinni, og þegar þeir þurfa að tala frönsku er hún í meira lagi bjöguð, þeir gæta þess t.d. ekki að ýmis klassísk orð hafa gróflega breytt um merkingu í nútímamáli. Rússneskur ólígark hefur líka heimtar að fá að útvarpa tónleikunum, reyndar hafði frönsk útvarpsstöð réttinn, en ólígarkinn hefur í hótunum og býst m.a. til að skrúfa fyrir allt rússneska gasið. Franska einleikaranum líst ekki á blikuna, en svo hefjast tónleikarnir fyrir fullu húsi í Chatelet; leikinn er fiðlukonsert Tsjækofskís, og í byrjun heyrast feilnótur hér og þar, en svo verður eins konar kraftaverk, tónleikarnir takast frábærlega vel og verða upphafið að sigurför seðurlega forkostulegu tónlistarmanna. Í lokin kemur í ljós að franski fiðluleikarinn var í rauninni dóttir fiðluleikarans sem lést í útlegðinni, hafði henni verið smyglað úr landi í frumbernsku. Með því að leika konsert Tsjækofskís var hún því að finna aftur sinn eigin uppruna, og taka upp þráðinn á ný.

Þegar ég sá myndina var klappað í lokin, en ég heyrði þau orð falla meðal áhorfenda, að kannske væri nýstárlegasti þátturinn lýsingin á ólígörkunum. Þeir keppast um það hver geti haldið sem fjölmennastar og glæstastar veislur, og hefur kona hljómsveitarstjórans það starf að ráða fólk gegn smávægilegri borgun að sitja við borðin og fylla salarkynnin. Það er í einni slíkri hátíð sem hljómsveitarstjórinn finnur sinn „sponsor“, en sú mynd sem dregin er upp af ólígörkunum í leiðinni, ruddaskap þeirra og stórmennskubrjálæði, er óborganleg. En hana ættu íslenskir kvikmyndagerðarmenn að skoða vandlega, kannske fengju þeir þar innblástur.

# Líknarfélög töpuðu ekki á Icesave

**UMRÆÐAN**

Erla Ósk Ásgeirsdóttir skrifar um Icesave-reikningana



ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTTIR

Þess misskilnings hefur gætt í umræðunni um Icesave að lögaðilar s.s. sveitarfélög, líknarfélög og aðrir aðilar hafi tapað gríðarlegum fjárhæðum á Icesave-netreikningum Landsbankans. Staðreyndin er sú að einvörðungu einstaklingar gátu lagt fé inn á reikningana, en fagfjárfestar, þ.m.t. félagasamtök og sveitarfélög, áttu viðskipti á heildsölumarkaði með innlán og þá oft fyrir milligöngu þriðja aðila. Lögaðilar áttu aldrei aðgang að netreikningum Landsbankans enda voru þeir sérhannaðir fyrir einstaklinga á smásölumarkaði.

Ofangreindir aðilar töpuðu fé á viðskiptum sínum við Landsbanki London Branch, Heritable Bank og Landsbanki Amsterdam Branch, en það tap hefur ekkert með innlánsreikninga Icesave að gera.

Vandi okkar er sá að þingmenn Hollands og Bretlands virðast ekki gera greinarmun á þessu tvennu. Það er hins vegar afar mikilvægt fyrir málstað Íslendinga að þetta atriði komi skýrt fram þar sem margir þingmenn bæði Breta og Hollendinga veigra sér við að taka upp málstað Íslendinga vegna þess að þeir standa í þeirri trú að sveitarfélög og líknarfélög hafi tapað á Icesave, en svo er ekki.

Þeirri staðreynd hefur heldur ekki verið haldið á lofti að þessir þrír bankar voru ólíkir að því leyti að annars vegar var um að ræða útibú Landsbankans; Landsbanki London Branch og Amsterdam Branch sem voru á ábyrgð íslenska fjármálaeftirlitsins og hins vegar dótturfélag Landsbankans; Heritable bank þ.e. breskan banka á ábyrgð breska fjármálaeftirlitsins. Lögaðilar eiga kröfur á þessa þrjá banka Landsbankans og þrátt fyrir að þeir hafi allir verið í eigu íslenskra aðila þá er ábyrgðin ekki eingöngu Íslendinga.

Málstaður Íslands og orðstír er undir og því mikilvægt að farið sé með rétt mál og allar upplýsingar sem því tengjast séu uppi á borðum áður en gengið verður aftur til samninga við Breta og Hollendinga. Málið er nógu erfitt þótt við látum ekki misskilning sem þennan veikja stöðu okkar enn frekar.

*Höfundur er varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# NICOTINELL

## getur hjálpað þér að hætta að reykja

**MAGN-
INNKAUP
300 STK.**




**NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ**

**LÉTT AÐ TYGGJA**

**FRÍSKT BRAGÐ**

## ...með MINTU bragði!

**Nicotinell er samstarfsaðili
Krabbameinsfélagsins**

Nicotinell

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinell lyfjatyggigúmmíi mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, að meðtöldu Prinzmetal afbrigði hjartaangar, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Sjúklingar með háþrýsting sem ekki hefur náðst stjórn á, stöðuga hjartaöng, sjúkdóm í heilaæðum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartabilun, sykursýki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða krómfíklaæxli, auk alvarlega skertrar nýrna- og/eða lifrarstarfsem skulu gæta varúðar við notkun á Nicotinell. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare.
Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhraun 12a, 210 Garðabæ.

# Ríkisútvarpið er rjúkandi rúst

**UMRÆÐAN**

Þorgrímur Gestsson skrifar um RÚV



ÞORGRÍMUR GESTSSON

Stjórn Hollvina Ríkisútvarpsins lýsir í megindráttum stuðningi við niðurstöður þær sem starfshópur í málefnum Ríkisútvarpsins ohf. hefur lagt fyrir menntamálaráðherra. Þar er tekið undir öll þau meginsjónarmið sem Hollvinasamtökin töluðu fyrir þegar þau börðust gegn hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins á sínum tíma en töluðu fyrir daufum eyrum þáverandi valdhafa.

Starfshópurinn komst að þeirri niðurstöðu að ljóst sé orðið, þremur árum eftir að Ríkisútvarpinu var breytt í opinbert hlutafélag, að það rekstrarform hefði ekki gert það að öflugra almannaútvarpi heldur „sýni það meira en áður merki þess að unnið sé að því að búa til félag á markaði og að það stjórnist um of af keppni um auglýsingar við aðra miðla“.

Helstu rökin fyrir breytingu RÚV í hlutafélag voru að með því móti væri auðveldara að bæta reksturinn en væri það áfram ríkisstofnun. Hollvinir RÚV bentu hvað eftir annað á að vandinn væri ekki rekstrarerfiðleikar heldur gríðarlegar skuldir sem urðu að mestu til þegar lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna RÚV voru lagðar á stofnunina. Þær nema nú á fjórða milljarð króna og afborganir af heildarskuldum voru tæplega 1,4 milljarðar króna á árunum 2008 og 2009. Heita má að nú sé Ríkisútvarpið rústir einar.

Ekki vitum við hvernig á að bregðast við þessum vanda en tökum heilshugar undir með starfshópnum, að bráðnauðsynlegt sé að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins þannig að það verði óháð hvoru tveggja, stjórnvöldum og markaðnum. Okkur sýnist það einnig skynsamleg tillaga starfshópsins að tekjur RÚV verði fyrirsjáanlegar í það minnsta fimm ár fram í tímann þannig að hægt sé að gera langtímaáætlanir án þess að hætta sé á að ríkisvaldið skeri fyrirvaralítið niður það rekstrarfé sem RÚV er þó að nafninu til tryggt með lögum, eins og nú gerðist.

Reynslan af hinum þriggja ára gömlu lögum um „opinbert hlutafélag“ afhjúpar fjölmarga galla á þeim; þau veita útvarpsstjóra nánast alræðisvald á dagskrá, mannaráðningum og stefnumótun. Stjórn hins opinbera hlutafélags hefur einungis það hlutverk að taka meiri háttar ákvarðanir um rekstur félagsins, sem falla ekki undir daglegan rekstur. Tekið skal undir þá skoðun starfshópsins að þetta sé ólýðræðislegt og ekki viðeigandi í félagi sem gegnir mikilvægu menningar- og lýðræðislegu hlutverki.

Starfshópurinn leggur enn fremur til að yfir Ríkisútvarpið verði sett fagráð, skipað fulltrúum úr ýmsum hópum almennings, háskólasamfélaginu og menningarlífinu. Stjórn Hollvina RÚV hefur ítrekað gert grein fyrir tillögum í þessa átt, meðal annars í athugasemdum við þau frumvörp til útvarpslaga sem lögð hafa verið fyrir Alþingi á undanförnum árum. Þá er í niðurstöðum starfshópsins lagt til að útvarpslögum verði breytt þannig að ráðningartími útvarpsstjóra verði tímabundinn eins og tíðkast með forstöðumenn annarra menningarstofnana.

Nú er útvarpsstjóri ráðinn ótímabundið en hægt er að segja honum upp með tólf mánaða fyrirvara. Eftir reynslu síðustu ára er bráðnauðsynlegt að víkja Páli Magnússyni þegar í stað úr embætti útvarpsstjóra, jafnvel þótt það myndi kosta 18 milljónir króna, sem eru árslaun hans. Í hans stað á að ráða manneskju með yfirgripsmikla þekkingu og áhuga á íslenskri menningu. Ríkisútvarpið er fyrst og fremst menningarstofnun, sem hefur einnig mjög mikilvægu lýðræðislegu hlutverki að gegna.

Orðið almannaútvarp er haft um þess konar útvarp sem þykir bráðnauðsynlegt að haldið sé úti í sérhverju lýðræðisríki. Frægust almannaútvarpsstöðva er sjálft British Broadcasting Corporation, BBC. Sameiginlegt einkenni almannaútvarpsstöðva er að þær eru reknar fyrir almannafé, að mismiklu leyti, og hafa víðtækum menningarlegum og lýðræðislegum skyldum að gegna, sem ekki er talið réttlætanlegt að leggja á einkastöðvar.

Haustið 2008 hóf stjórn Hollvina RÚV að undirbúa málþing um hlutverk almannaútvarps á Íslandi nútímans og hafði tekist að fá erlendan fyrirlesara til þess að fjalla um efnið. En eins og við var að búast tókst ekki að útvega fé til þessarar ráðstefnu eftir þær hremmingar sem þjóðin varð fyrir þetta haust og ekkert varð úr þessum áformum. Síðastliðið haust hafði núverandi menningarmálaráðherra uppi áform um að ráðuneytið gengist fyrir slíkri ráðstefnu nú á útmánuðum. Full þörf er á slíku málþingi þar sem að bestu manna yfirsýn yrði lagður grundvöllur að menningar- og lýðræðislegu hlutverki þeirrar mikilvægu stofnunar sem Ríkisútvarpið er.

Oft var þörf en nú er nauðsyn.

*Höfundur er formaður Hollvinasamtaka RÚV.*

# Sterkara Ísland í Evrópukeppninni

**UMRÆÐAN**

Jón Karl Helgason skrifar um Evrópumál



JÓN KARL HELGASON

Það hefur verið ánægjulegt að fylgjast með frammistöðu íslenska landsliðsins í handknattleik í Evrópukeppninni undanfarnar vikur. Lykill að glæsilegum árangri er sterk liðsheild og heilbrigt sjálfstraust. Það hefur líka sitt að segja að velflestir leikmenn landsliðsins hafa leikið með ýmsum bestu félagsliðum álfunnar undanfarin ár. Enginn efast um að litla Ísland eigi á þessum vettvangi fullt erindi í keppni við aðrar og fjölmennari þjóðir.

Síðastliðið vor efndi hópur einstaklinga úr ólíkum áttum til undirskriftarsöfnunar undir kjörorðinu „Við erum sammála“, þar sem íslensk stjórnvöld voru hvött til að sækja um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Það var trú okkar, sem að þessu framtaki stóðum, að Ísland ætti erindi í samstarf þeirra 27 Evrópuríkja sem mynda sambandið og tímabært væri að kanna til hlítar þau tækifæri sem í því felast. Aðild okkar að Evrópska efahagssvæðinu var vissulega skref í þessa átt en það má þó líkja stöðu Íslands þar við leikmann sem er hluti af stærri liðsheild en situr alltaf á varamannabekknum þegar kemur að lykilákvörðunum og lagasetningu.

Við fögnum því að aðildarumsókn hafi nú verið send til Brussel og teljum brýnt að Ísland nái sem hagstæðustum samningum, auk þess sem fram fari upplýst og skynsamleg umræða hér á landi um kosti og ókosti aðildar. Miklu skiptir að umræðan sé ekki bundin við hagsmuni einstakra atvinnugreina eða hópa heldur taki mið af heildarhagsmunum samfélagsins og sé mótuð af skýrri framtíðarsýn, þar sem hagur komandi kynslóða sé í fyrirrúmi. Á Þjóðfundi í Laugardalshöll í nóvembermánuði kom saman þverskurður af þjóðinni, eða um 1.500 manns, til að ræða um leiðir okkar til sóknar, nýsköpunar og bjartsýni. Á fundinum var fjallað um helstu grunnstoðir samfélagsins, svo sem fjölskylduna, umhverfið, atvinnulífið, menntun, velferð og stjórnsýslu. Skilgreind voru grundvallargildi á borð við heiðarleika, jafnrétti, virðingu og réttlæti. Á næstu misserum þarf umræðan um Ísland og Evrópusambandið að snúast um allar þessar grunnstoðir og gildi og taka tillit til þess hvernig sérhver þáttur hefur áhrif á aðra.

Við sem stóðum að undirskriftarsöfnuninni á sammála.is höfum ákveðið að halda áfram starfi okkar undir kjörorðinu „Sterkara Ísland“. Hópurinn hefur í þeim tilgangi opnað umræðuvefinn www.sterkaraisland.is og tekið í notkun húsnæði að Skipholti 50a í Reykjavík. Allir áhugasamir eru hvattir til að skrá sig og taka þátt í starfinu fram undan. Við teljum sem fyrr að Ísland eigi að blanda sér í „Evrópukeppnina“, ekki bara sem áhorfandi á bekknum heldur sem fullgildur þátttakandi, þjóð meðal þjóða.

*Höfundur er bókmenntafræðingur.*

LOADING SYSTEMS

Loading iðnaðarhurðir

Ef pöntun er staðfest í feb./mars
fylgir frí uppsetning á hurðum.



PIPAR\TBWA • SÍA • 100314

Byggingadeild | Verslanir | Véladeild | Þjónustudeild

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Klettagörðum 12 - Reykjavík


ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 3. febrúar 2009 – 2. tölublað – 6. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



Er prentverkið Svansmerkt?
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is




Endurreisn
Frakkar vilja hjálpa
4

Stærstu fyrirtækin
Hverjir eiga hvað?



6-7

Harold James
Afturhvarf til fortíðar í efnahagsmálum



8

## Fjölgun ferðamanna frá fyrra ári

Bókanir erlendra ferðamanna á flugferðum til Íslands hjá Icelandair eru um fimmtán prósentum fleiri nú en á sama tíma í fyrra. Þetta er aukning umfram þá tíu prósenta aukningu sem er á sætaframboði hjá félaginu. Þetta segir Birkir Hólm Guðnason framkvæmdastjóri. „Við reiknum með að toppa síðasta sumar, sem þó sló öll met,“ segir Birkir.

Almenn bjartsýni með komandi ferðasumar ríkir meðal fyrirtækja sem starfa í ferðaþjónustu hér á landi, segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Áhyggjuefni sé hins vegar að nú dragi úr komum ferðamanna utan háannatíma. Erna bendir á að lágt gengi krónunnar nái ekki að vega upp almennan samdrátt á fjölda ferðamanna í heiminum í kjölfar heimskreppunnar.

## Hlutafé 365 skipt upp

Samþykkt var á hluthafafundi 365 miðla síðdegis í gær, sem meðal annars gefur út Fréttablaðið, að skipta hlutafé fyrirtækisins í A-hluta og B-hluta. Þá verður hlutafé fyrirtækisins aukið um einn milljarð króna. Fjögur hundruð milljónir falla til A-hluta, sem nýtur atkvæðaréttar, en sex hundruð milljónir í B-hluta, sem er án atkvæðaréttar en nýtur forgangs 25 prósenta nafnvirðis arðgreiðslna.

Ari Edwald, forstjóri fyrirtækisins, segir að greint verði frá hluthafahópi fyrirtækisins þegar niðurstöður hlutafjáraukningarinnar liggja formlega fyrir.

- jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**ÞJÓÐVERJAR ELTA SKATTSVIKARA**
Angela Markel, kanslari Þýskalands, segir að þýska ríkisstjórnin sé reiðubúin að kaupa nafnalista skattsvikara sem eru með leynireikninga í Sviss. Fyrst verði hins vegar að sannreyna að listinn, sem fyrrverandi starfsmaður HSBC-bankans í Genf hefur boðið til sölu á 3,5 milljónir dollara, sé sannur. Talið er að hátt í tvö þúsund Þjóðverjar hafi reynt að komast hjá skattgreiðslum með því að stofna reikninga í svissneskum bönkum og að þýsk stjórnvöld gætu með þessum hætti endurheimt hátt í 100 milljónir dollara.

**BJARTSÝNI HJÁ BOEING**
Randy Tinseth, yfirmaður markaðsmála hjá Boeing, telur að rekstur flugfélaga muni batna til muna á næstu misserum og að árið 2011 verði þau farin að skila hagnaði. Eftirspurn eftir nýjum flugvélum muni aukast árið 2012. Tinseth sagði að í lok þessa árs verði fyrsta Dreamliner 787-flugvélin afhent japanska flugfélaginu All Nippon Airways.

**AUGLÝSING Á 375 MILLJÓNIR**
Bandaríska sjónvarpsstöðin CBS er búin að selja öll auglýsingapláss fyrir úrslitaleikinn í bandaríska fótboltanum (Super Bowl) sem fer fram á sunnudaginn. Alls verða á bilinu 50 til 60 auglýsingar sýndar og er verðið á bilinu 2,5 til 3 milljónir dollara (313 til 375 milljónir króna). Verðið er svipað og í fyrra þegar NBC-sjónvarpsstöðin átti sýningarréttinn á úrslitaleiknum. Algengt er að stórfyrirtæki noti úrslitaleikinn til að frumsýna auglýsingar.





**FIMM ÞÚSUND KRÓNUR** Erlendir fjárfestar hafa leitað eftir því að kaupa hlut í íslenskum fyrirtækjum og eignum með íslenskum krónum sem voru keyptar á aflandsmörkuðum eftir að gjaldeyrishöft voru sett á. Fram til þessa hefur slíkt verið bannað. MARKAÐURINN/VALLI

# Vilja hleypa „vondum“ krónum inn

Leitað er leiða innan stjórnsýslunnar til að koma aflandskrónum inn í landið. Féð á að nýta til að fjármagna íslensk fyrirtæki á meðan erlendir lánamarkaðir eru þeim lokaðir.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Unnið er að því að opna fjárfestum leið inn í landið með íslenskar krónur sem þeir hafa keypt á aflandsmörkuðum eftir að gjaldeyrishöft voru sett í nóvember 2008. Ræddar hafa verið ýmsar hefðbundnar og óhefðbundnar leiðir til að gera þetta mögulegt innan stjórnsýslunnar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Horft er til þess að aflandsféð verði nýtt til að fjármagna íslensk fyrirtæki á meðan dyrnar eru lokaðar landinu á erlendum lánamörkuðum. Ekkert mun fast í hendi og vildi því enginn tjá sig um það opinberlega.

Nokkur fjöldi erlendra fjárfesta mun hafa áhuga á að fjárfesta hér með íslenskum aflandskrónum. Reglur Seðlabankans um gjaldeyrisviðskipti hindra slíka gjörninga, nema í þeim tilvikum að hægt er að sanna að krónurnar hafi verið keyptar fyrir setningu gjaldeyrislaganna í nóvember 2008. Gefi Seðlabankinn ekki græna ljósið á viðskiptin er eina færa leiðin fyrir fjárfestana til að koma krónunum í verð að skipta þeim í erlenda mynt ytra, svo sem evrur. Það þykir óhagstæður kostur enda ljóst að krónurnar seljast ekki nema með verulegum afslætti.

Nokkrar leiðir hafa verið ræddar um það hvaða leiðir verði opnaðar til að hleypa aflandskrónunum inn. Ein þeirra felur í sér að heimila útlendingum að fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum gegn skuldbindingu um að festa fé sitt til eins eða tveggja ára. Önnur er sú að stofna sjóð fyrir aflandsféð, sem muni dreifa áhættunni og fjárfesta í mörgum fyrirtækjum. Sjóðnum yrði stýrt með hefðbundnum hætti.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja aflandskrónurnar geta haft góð áhrif á íslensk fyrirtæki, sem ekki eru skráð á hlutabréfamarkað, jafnvel sem vítamínsprauta fyrir nýsköpunarfyrirtækin.



LINDBERG.COM

LINDBERG Base 8
nýr sigurvegari
í gleraugnaheiminum

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK


LINDBERG.COM

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | **Hæstu innlánsvextir** | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 4,80% * | 15,35% | 15% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 5,80% ** | 14% | 14% |
| Íslandsbanki | Vaxtasproti 5,85% | 14,25% | 14% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 6,0% *** | 16,40% | 15,75% |
| MP BANKI | MP 3 6,65% **** | 14,05% | 12,55 til 14,05% |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg. 3% viðskiptagjald er skuldfært mánaðarlega fyrirfram af heimild yfirdráttarlána. *Markaðsreikningur er bundinn í tíu daga. **Vaxtareikningur er bundinn í sjö daga. ***Af Netreikningi er tekið 0,25% úttektargjald. ****MP 3 er bundinn í þrjá mánuði.*

# Toyota reiknar með samdrætti

Samdráttur í sölu vegna innköllunar á bílum vegna galla í bensíngjöf nýrra Toyota-bíla kann að verða meiri en vegna fyrri innkallana, að sögn framkvæmdastjóra Toyota Motor Corp., Shinichi Sasaki. Hann segir þetta vera vegna þess að gallinn sé alvarlegri en áður hafi þekkst hjá fyrirtækinu.

Sasaki, sem hefur umsjón með gæðastjórnun hjá bílaframleiðandanum, viðurkennir, að sögn fréttastofu AP, að fyrirtækið hafi verið seint til að bregðast við vandanum sem fólst í gallaðri bensíngjöf sumra bíla. Gallinn lýsir sér í því að bensíngjöfin getur fest í fullri inngjöf.

Hann segir enn ekki vitað hver áhrif innköllunarinnar verði, en nefnir að algengt sé að sala falli um fimmtung fyrsta mánuðinn eftir innköllun, en jafni sig svo smám saman.

Samkvæmt tölum sem Toyota birti í gær nær



**TOYOTA-BÍLAR** Fjárfestar virtust fagna aukinni upplýsingagjöf Toyota vegna galla og innköllunar bíla en í gær hækkuðu bréf félagsins um 4,5 prósent í kauphöllinni í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

innköllunin til 4,45 milljóna bíla um heim allan, 2,48 milljónir í Bandaríkjunum, 1,71 milljón í Evrópu, 80 þúsund bílar í Kína og 180 þúsund á öðrum svæðum. - óká

# Skuldabréfasjóðir skiluðu mestu

Ríkisskuldabréfasjóðir gáfu einna hæsta ávöxtun meðal innlendra verðbréfasjóða á síðasta ári og var hún á bilinu 14,4 til 17 prósent.

Af þeim sjóðum sem fjárfesta eingöngu í ríkistryggðum skuldabréfum skilaði Skuldabréfasjóðurinn hjá BYR hæstri ávöxtun, eða 17,01 prósent, í langtíma ríkisskuldabréfum, að því er fram kemur á upplýsingaveitunni sjodir.is.

Sá sjóður er mun minni en sjóðir stóru bankanna þriggja. Af þeim skilaði Sjóður 7 hjá Íslandsbanka hæstu ávöxtuninni eða 16,35 prósent. Af þeim sjóðum sem fjárfesta í ríkistryggðum skuldabréfum til meðallangs tíma náði Sjóður 5 bestri ávöxtun, eða 16 prósent. Ríkisverðbréfasjóður millilangur hjá Arion-banka skilaði 14,54 prósenta ávöxtun og Sparibréf meðallöng hjá Landsbankanum 14,49 prósent.

Lágmarkskaup á verðtryggðum ríkisskuldabréfum eru ein milljón króna. Margir einstaklingar sem vilja fjárfesta í ríkistryggðum skuldabréfum eru því meðal viðskiptavina þessara sjóða. - pg

**ÁVÖXTUN RÍKISBRÉFA**

| sjóður | ávöxtun 2009 |
|---|---|
| BYR skuldabréfasjóður | 17,01% |
| ÍSB: Sjóður 7 | 16,35% |
| ÍSB: Sjóður 5 | 15,98% |
| LAIS sparibréf | 15,94% |
| Arion: Ríkisverðbr.sj.- langur | 15,53% |
| Arion Ríkisverðbr.sj. -millilangur | 14,54% |
| LAIS sparibréf meðallöng | 14,49% |
| Heimild: BYR | |

# WikiLeaks enn lokað

Öll önnur starfsemi en söfnun fjármuna hefur verið stöðvuð hjá WikiLeaks, vefnum sem sérhæfir sig í að birta leyndar upplýsingar sem fólk kemur til hans frá fyrirtækjum og opinberum stofnunum.

Á vefnum kemur fram að reynt sé að tryggja það fjármagn sem þurfi til að halda vefnum gangandi út árið. Fram kemur að rekstrarkostnaður ársins, að meðtöldum launagreiðslum, nemi 600 þúsund dölum, eða rúmum 76 milljónum króna. Hingað til hafi hins vegar ekki safnast nema 130 þúsund dalir, eða 16,5 milljónir króna.



**JULIAN ASSANGE**

WikiLeaks komst í nokkuð almenna umræðu hér heima þegar þar birtust upplýsingar úr lánabók Kaupþings og önnur gögn. Julian Assange, stofnandi vefjarins, sótti meðal annars landið heim í byrjun nóvember síðastliðinn til að kynna starfsemi hans. Í viðtali Fréttablaðsins við hann kom fram að vefurinn reiði sig að stórum hluta á frjáls framlög, en á forsíðu WikiLeaks segir að starfsemin sé fjármögnuð af „fólki sem berst fyrir mannréttindum, rannsóknarblaðamönnum, tæknifólki og almenningi“. - óká

# Þráðlaust rafmagn og þrívíddarsjónvarp

## Einn helsti viðburður upplýsingatækninnar er árviss raftækjasýning í Las Vegas. Þrívíddarsjónvarp var áberandi og sagt ryðja sér hratt til rúms. Sömuleiðis þráðlaust rafmagn.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

„Sýningin var vel heppnuð og er orðin nokkuð stór, en þarna voru um 120 þúsund manns,“ segir Björn Gunnar Birgisson, yfirvörustjóri PC tölva og íhluta hjá Nýherja. Hann sótti heim CES-raftækjasýninguna sem haldin er í Las Vegas í Bandaríkjunum í janúar ár hvert. Þar keppast framleiðendur um að kynna „tækni framtíðarinnar“.

Með því markverðasta sem fyrir augu bar þótti Birni Gunnari vera hversu langt er komin tækni þar sem tæki notast við „þráðlaust rafmagn“. Tæknin er skyld því sem fólk þekkir í spanhellum nýlegra eldavéla, en í henni felst að lítil borð geta leitt rafmagn yfir í raftæki sem hafa á að skipa búnaði til að taka við því. Þannig kunni hleðslutæki fyrir farsíma að heyra sögunni til ef hægt er að leggja frá sér farsíma á borð, eða mælaborð bílsins, þar sem hann dregur í sig hleðsluna. Rafmagnsflutningurinn er líka nægur til þess að keyra raftæki beint án þess að þau hlaði einhverja rafhlöðu. „Þarna stóð maður og blandaði drykki í stríðum straumi í „blender“ sem ekki þurfti í neina snúru,“ segir Björn Gunnar. „Það virðast lítil takmörk í þessum orkuflutningi og er alveg rosalega spennandi.“



**BJÖRN GUNNAR BIRGISSON**

Þá var mikið púður lagt í þrívíddarsjónvörp á sýningunni og nær allir framleiðendur að kynna nýja tækni á því sviði. „Menn spá því að árið 2012 verði nánast helmingur allra sjónvarpstækja þrívíddartæki,“ segir Björn Gunnar.

Önnur ný tækni sem er að ryðja sér til rúms eru svo rafbækurnar, en Björn Gunnar segir að Amazon.com hafi selt fleiri slíkar fyrir síðustu jól en hefðbundnar bækur. Hér heima eigi menn í viðræðum við tollinn um hvernig eigi að flokka gripinn. „Þeir vilja tolla þetta með upptökutækjum sem kallar á 35 prósenta vörugjöld og verðleggur þetta beint út af markaðnum,“ segir hann og telur eðlilegra að rafbækurnar fari í sama flokk og aðrar tölvur.



**CES Í LAS VEGAS** Annað væri ekki við hæfi en að Elvis léti sjá sig á CES-raftækjasýningunni sem haldin er í Las Vegas í Bandaríkjunum ár hvert. Hér sýnir eftirherma nýja tækni í vídeótökuvélum sem stillir af myndina og dregur úr titringi. NORDICPHOTOS/AFP

„Annars var maður líka mikið að skoða það sem birgir okkar, Lenovo, var að kynna þarna,“ segir Björn og kvað hafa verið skemmtilegt að fyrirtækið hafi fengið verðlaun á sýningunni fyrir að vera með flottustu fartölvurnar.

Í nýrri umfjöllun breska dagblaðsins Daily Telegraph kemur fram að í Bretlandi sé ráðgert að sala á þrívíddarsjónvarpstækjum hefjist þegar í apríl á þessu ári. Verð á tækjunum er áætlað að verði tvö til þrjú þúsund pund, eða á milli 400 og 600 þúsund íslenskar krónur.



Hvaða lausnir henta þinni starfsemi?

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum VALITOR um hvaða lausnir henta þér best.

Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi og skjóta þjónustu.

VISA og Mastercard færsluhirðing!

Hafðu samband í síma 525 2080 og kynntu þér málið

VISA VISA ELECTRON MasterCard Maestro

VALITOR –Traustur íslenskur þjónustuaðili

FYRIRTÆKJALAUSNIR VALITOR • Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • fyrirt@valitor.is • www.valitor.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Eignastýring í fremstu röð

## Alhliða þjónusta við sparifjáreigendur og fagfjárfesta

### Hundruð milljarða í stýringu

Eignastýring Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina, allt frá einstaklingum til fagfjárfesta. Á degi hverjum gæta um 50 starfsmenn Eignastýringar Íslandsbanka hagsmuna viðskiptavina okkar, vakta og stýra eignasöfnum og veita sérhæfða ráðgjöf við fjárfestingar.

### Fjárfestingarstefnan er grunnur eignastýringar

Fjárfestingarstefna setur reglur um samsetningu eignasafnsins í samræmi við áhættuþol, áhættuvilja og arðsemiskröfu viðskiptavinarins. Skýr fjárfestingarstefna eykur líkurnar á því að sett markmið náist þegar til lengri tíma er litið. Skynsamleg og skilvirk fjárfestingarstefna tekur tillit til fjárhagsstöðu og þarfa hvers viðskiptavinar.

### Vöktun eignasafna

Í breytilegu umhverfi getur vöktun og ráðgjöf sérfræðinga haft mikil áhrif á ávöxtun eigna. Eignasafn í stýringu hjá sérfræðingum Eignastýringar er vaktað og stýrt í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er ákveðin í samráði við viðskiptavini. Við stöndum svo vaktina og lögum sparnaðinn þinn að breytingum á markaði í takti við fjárfestingarstefnuna og tækifærin sem myndast hverju sinni.

### Einkabankaþjónusta

Viðskiptavinum með mikil umsvif býðst einkabankaþjónusta með eigin viðskiptastjóra sem annast stjórn eignasafnsins og margvíslega ráðgjöf. Einkabankaþjónusta hentar kröfuhörðum viðskiptavinum sem vilja mikla alhliða þjónustu.

### Eigna- og lífeyrisþjónusta

Þegar um er að ræða hefðbundna ávöxtun fjármuna, stakar fjárfestingar eða ráðstafanir vegna lífeyrissparnaðar annast sérfræðingar Eigna- og lífeyrisþjónustu Íslandsbanka ráðgjöf og þjónustu.*

### Netbanki

Fyrir þá sem kjósa að stýra safni sínu sjálfir veitir Netbankinn greiðan og hagkvæman aðgang að einu breiðasta sjóðaúrvali landsins. Þar eru allir sjóðir Íslandssjóða aðgengilegir, auk þess sem Eignastýring Íslandsbanka á í samstarfi við Vanguard, eitt stærsta eignastýringarhús heims og aðra erlendra samstarfsaðila. Það tryggir greiðan aðgang og ráðgjöf við endurfjárfestingu í verðbréfasjóðum um allan heim.**

**Hafðu samband í síma 440 4920 til að fá nánari upplýsingar eða til að mæla þér mót við ráðgjafa.**

*Skv. lögum um verðbréfaviðskipti nr. 108 frá 2007 ber Eigna- og lífeyrisþjónustunni að afla upplýsinga um þekkingu, reynslu, fjárhagsstöðu og markmið með fyrirhuguðum fjárfestingum viðkomandi viðskiptavinar áður en persónuleg ráðgjöf er veitt. Öll ráðgjöf tekur mið af þeim upplýsingum sem lagðar eru fram hverju sinni og geta þær vitanlega verið breytingum háðar. Endanleg ákvörðun um fjárfestingar verður þó ávallt ákvörðun viðskiptavinarins.

**Athugið að sökum breytinga á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 til að hefta fjármagnsflæði frá landinu þá er tímabundið lokað á fjárfestingar í verðbréfasjóðum í erlendum gjaldmiðlum nema í tilfellum endurfjárfestinga.

### Helstu samstarfsaðilar

ÍSLANDSSJÓÐIR

Vanguard

### Alhliða fjármálaþjónusta




### Sveigjanlegt þjónustustig




Eignastýring Íslandsbanka
eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4920

Íslandsbanki

# Margmenni hjá Marel



**NÝJASTA TÆKNIN SKOÐUÐ** Matvælavinnsluvél undir merkjum Townsend var sýnd á kynningu Marels á dögunum. Vélar undir þessum merkjum hafa aldrei áður verið sýndar hér. MARKAÐURINN/STEFÁN

Rúmlega 130 gestir úr ýmsum áttum komu á kynningu sérfræðinga á nýjustu lausnum Marel í framleiðslusal fyrirtækisins um miðjan mánuðinn. Flestir gestanna voru fulltrúar helstu kjöt- og kjúklingavinnsla landsins auk fulltrúa fiskiðnaðarins. Á meðal helstu nýjunganna var nýjasta gerðin af verðmerkivog til að verðmerkja neytendapakkaðar afurðir og vél undir vörumerkinu Townsend, sem himnudregur kjöt og kjúkling eða roðdregur fisk. Vörumerkið varð hluti af Marel með kaupunum á hollenska iðnsamsteypunni Stork fyrir tveimur árum. Vélar sem þessar hafa aldrei verið sýndar hér áður. - jab

# Froskur sem sló í gegn

Auglýsingaherferð Vodafone þar sem „essasú“-froskurinn var í aðalhlutverki er með þeim íslensku auglýsingaherferðum sem hvað mesta athygli hafa vakið.

Samkvæmt upplýsingum frá Vodafone kviknaði hugmyndin að herferðinni út frá miklum viðbrögðum sem lítil tilboðsauglýsing vakti. Eftir stendur einhver vinsælasti auglýsingafrasi síðari tíma, „essasú?“, 196 þúsund áhorf á auglýsingar með froskinum á myndbandavefnum Youtube.com og 21 þúsund aðdáendur á síðu sem stofnuð var til heiðurs essasúfrosknum á Facebook.

Til samanburðar má nefna að aðdáendasíða Fangavaktarinnar á Facebook er með um 15 þúsund aðdáendur. Þá létu um 5.000 manns taka af sér myndir með froskinum fyrir jólin þrátt fyrir langar biðraðir. - óká



**Í HEIMSÓKN** Essasú-froskur Vodafone hefur gert víðreist, meðal annars kíkti hann í heimsókn á Barnaspítala Hringsins skömmu fyrir jól. MARKAÐURINN/VILHELM

# Frakkar vilja hjálpa til við endurreisnina

Frönsk stjórnvöld vilja leggja lóð sitt á vogarskálarnar og styðja Ísland upp úr kreppunni, að sögn Emmanuel Jacques, formanns stjórnar Fransk-íslenska viðskiptaráðsins og viðskiptasendifulltrúa Frakka hér.

Jacques segir í samtali við Fréttablaðið frönsk stjórnvöld hafa lengi stutt við bakið á smáríkjum sem hafi átt um sárt að binda af ýmsum ástæðum. Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, hafi lýst yfir samúð með þeim sem hafa orðið illa úti í kreppunni og sagt á ársþingi Alþjóðaefnahagsráðsins í Alpabænum Davos í Sviss um síðustu helgi að ríkisstjórnir sterkustu ríkja heims ættu að taka höndum saman og styðja þau lönd sem sitji föst í foraðinu. Á þinginu var jafnframt lögð áhersla á mikilvægi milliríkjaviðskipta fyrir efnahagsbatann.

„Þið munuð ekki eiga mikinn stuðning í Bretlandi og í Hollandi næstu árin, og óvíst er með Bandaríkin,“ segir Jacques. „Við í Frakklandi þekkjum íslensk fyrirtæki á borð við Actavis, Alfesca og Össur aðeins af góðu og gerum allt til að efla og liðka fyrir viðskiptasamböndum. Svo skemmir ekki fyrir að landið er í hjarta Evrópu og Evrópusambandsins,“ segir hann. - jab



**EMMANUEL JACQUES** Formaður Fransk-íslenska viðskiptaráðsins segir mikilvægt að leita nýrra markaða og efla viðskiptasambönd í kreppunni. Frakkar vilji styðja við íslensk fyrirtæki. MARKAÐURINN/STEFÁN

# Snýst ekki um helmingaskipti milli kynja

**Í kynjaðri hagstjórn er skoðað hver áhrif fjárlaga eru á konur og karla. Slík hagstjórn er mikilvæg á krepputímum að mati Elisabeth Klatzer.**

Kynjuð hagstjórn snýst um að skoða fjárlögin og skoða hvert fjármunirnir fara. Þannig er reynt að sjá út hver áhrifin eru á konur og á karla, hvað konur og karlar leggja af mörkum, og hvaða áhrif fjárlögin hafa á kynjatengsl,“ segir Elisabeth Klatzer dokor í hagfræði. Hún er ráðgjafi í kynjaðri hagstjórn og starfar meðal annars fyrir austurríska ríkið. Hún segir kynjatengsl jafnframt vera valdatengsl sem eigi sér djúpar rætur í samfélögum.

„Kynjuð hagstjórn snýst ekki um að helmingur fjárlaganna fari til kvenna og helmingur til karla. Þetta snýst um að greina þarfir og aðstæður hverju sinni og líta á það hvað er verið að eyða í og hver nýtur góðs af því.“

Elisabeth telur það gamaldags hugsun sem ekki eigi við rök að styðjast að aðeins þeir sem fái borgað fyrir vinnu sína leggi til hagkerfisins. „Í kynjaðri hagstjórn gerum við ráð fyrir að stoðir hagkerfisins séu líka í ólaunaðri vinnu. Það er mikilvægur þáttur í að búa til velferð þjóðar. Ólaunuð vinna hefur áhrif á launaða vinnu, hún kemur þeim sem vinna úti til góða líka.“

Elisabeth nefnir einnig gegnsæi sem kost við kynjaða hagstjórn og fjárlagagerð. Hún segir að vegna þess hversu mikilla upplýsinga er þarfnast geti fjárlagagerðin orðið gegnsærri en ella.

Þá skipti máli að víðtækari umræða skapist um fjárlög í samfélaginu. „Kynin eiga rétt á jafnari hlutum af kökunni. Það græða allir á því. Samfélagið á rétt á því að njóta þeirra kosta sem kynjajafnrétti hefur í för með sér.“ thorunn@frettabladid.is



**ELISABETH KLATZER** Segir að vegna mikillar upplýsingaöflunar geti kynjuð hagstjórn gert fjárlagagerðina gegnsærri en ella.

## MIKILVÆGT Á KREPPUTÍMUM

Ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur lýst því yfir að tekin verði upp kynjuð hagstjórn hér á landi. Í mars síðastliðnum kynnti fjármálaráðherra að skipuð yrði verkefnisstjórn vegna málsins og myndi hún skila tillögum innan árs.

Samkvæmt heimasíðu UNIFEM er ekki markmið kynjaðrar hagstjórnar ekki að meira fé verði varið til jafnréttisverkefna eða verkefna sem lúta að konum eða körlum sérstaklega, heldur að skoða möguleg áhrif almannafjár á kynin.

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), Alþjóðabankinn, Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, Evrópusambandið og norræna ráðherranefndin eru á meðal þeirra sem tekið hafa upp kynjaða hagstjórn.



# CAPACENT GLACIER

# ÓSKAR GRUND TIL HAMINGJU MEÐ KAUPIN Á MÖRKINNI

GRUND
MÖRKIN EHF.

Capacent Glacier var ráðgjafi Grundar við kaup á 78 þjónustuíbúðum í Mörkinni við Suðurlandsbraut





Grund – Mörkin ehf. er félag í eigu Grundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis, sem hefur fest kaup á 78 íbúðum við Suðurlandsbraut í þeim tilgangi að bjóða sextugum og eldri upp á fyrsta flokks þjónustuíbúðir. Um er að ræða útvíkkun á starfsemi Grundar og nýtt og spennandi tilboð fyrir fólk á besta aldri sem af fyrirhyggju vill breyta um búsetu. Nánar má lesa um Mörkina á vefsíðu félagsins, www.mörkin.is.



Capacent Glacier er löggilt verðbréfafyrirtæki sem starfar náið með Capacent, einu stærsta og öflugasta þekkingarfyrirtæki landsins. Starfsmenn félagsins, sem hafa samanlagt margra áratuga reynslu á sviði fyrirtækjarekstarar, fjármálastjórnunar og alþjóðlegra samskipta, sérhæfa sig í ráðgjöf tengda eigendabreytingum, fjármögnun og fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja á Íslandi. Alþjóðlega starfar fyrirtækið á sviði jarðvarma og sjávarútvegs í fjármálaráðgjöf. Nánari upplýsingar á www.capacentglacier.is.

capacent GLACIER

*– Óháð fyrirtækja- og fjármálaráðgjöf*

# Þessir eiga *stærstu* fyrirta

Fyrir hrunið 2008 vissu flestir hverjir áttu þau fyrirtæki sem komu við sögu í umræðunni um íslenskt efnahagslíf. En eftir það gjörningaveður sem staðið hefur yfir í eitt og hálft ár hafa bankarnir tekið fjölmörg fyrirtæki yfir með einum eða öðrum hætti og eignarhaldið orðið óljóst. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* skoðaði hluthafalista helstu fyrirtækja landsins og reyndi að glöggva sig á stöðunni.

## MP BANKI



**Forstjóri:**
Gunnar Karl Guðmundsson.

**Stjórnarformaður:**
Margeir Pétursson.

Um miðjan september í fyrra stóð til að norski fjárfestirinn Endre Rösjö keypti fimmtán prósenta hlut í MP Banka fyrir 1,4 milljarða íslenskra króna og hefði hann orðið næststærsti hluthafi bankans. Ekkert varð úr viðskiptunum. Stjórn MP Banka stefnir enn á að auka hlutaféð og dreifa eignarhaldinu og er það í vinnslu, samkvæmt upplýsingum úr bankanum.

### HLUTHAFALISTI*

| Helstu hluthafar | Hlutfall |
|---|---|
| Margeir Pétursson og fl. | 28,4% |
| BYR Sparisjóður | 13,1% |
| Sigurður Gísli Pálmason og fl. | 12,7% |
| Jón Pálmason og fl. | 12,7% |
| **Samtals** | **66,9%** |

** Skv. ársreikningi í lok árs 2008. Ekki hafa orðið breytingar á listanum.*

## ARION BANKI



**Bankastjóri:** Finnur Sveinbjörnsson.

Arion banki rekur 26 útibú.

FME tók yfir starfsemi Kaupþings 9. október 2008 – bankanum var skipt upp í Nýja Kaupþing sem tók yfir innlenda starfsemi 22. október 2008 og gamla Kaupþing. Bankinn tók upp nafnið Arion banki 20. nóvember 2009. Ný stjórn hefur ekki verið skipuð í bankanum. Finnur hættir eftir það.

### HLUTHAFALISTI

| Helstu hluthafar | Hlutfall |
|---|---|
| Skilanefnd Kaupþings | 87% |
| Íslenska ríkið | 13% |
| **Samtals:** | **100%** |

## LANDSBANKINN



**Bankastjóri:**
Ásmundur Stefánsson.

Landsbankinn rekur 37 útibú.

FME tók gamla Landsbankann yfir 7. október 2008 og var nýr banki, NBI, stofnaður tveimur dögum síðar, sem tók yfir innlendar innstæður og meirihluta íslenskra eigna bankans.

Enn á eftir að skipa nýja stjórn yfir bankann. Reiknað er með að það gerist á næstu vikum. Ásmundur hefur boðað að hann muni hætta í kjölfarið.

### HLUTHAFALISTI

| Hluthafi | Hlutfall |
|---|---|
| Íslenska ríkið | 81% |
| Skilanefnd Landsbanka Íslands hf. | 19% |
| **Samtals** | **100%** |

## ÍSLANDSBANKI



**Bankastjóri:**
Birna Einarsdóttir.

**Stjórnarformaður:**
Friðrik Sophusson.

Íslandsbanki rekur 21 útibú.

FME tók Glitni yfir 7. október 2008. Bankanum var skipt upp í Glitni og Nýja Glitni 15. október og tók hann yfir innlenda starfsemi bankans. Nýi Glitnir varð Íslandsbanki 20. febrúar 2009.

### HLUTHAFALISTI

| Hluthafalisti | Hlutfall |
|---|---|
| ISB Holding, eignarhaldsfélag | 95% |
| Íslenska ríkið | 5% |
| **Samtals:** | **100%** |

## BYR SPARISJÓÐUR



**Sparisjóðsstjóri:**
Jón Finnbogason

Byr rekur sex útibú á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.

Formlega séð eru stofnfjáreigendur skrifaðir fyrir sparisjóðnum. Fjárhagsleg endurskipulagning hans hefur staðið yfir frá því snemma í fyrrasumar en fyrir liggur að ríkið mun leggja sparisjóðnum til tæpa ellefu milljarða króna – sem er í samræmi við 20 prósent af eiginfé sparisjóðsins í árslok 2007. Stofnfjáreigendur í Byr eru 1.548 talsins og er samanlögð eign stærsta stofnfjáreiganda um 7,6 prósent. Samkvæmt samþykkum sparisjóðsins má enginn fara með meira en fimm prósent atkvæða á fundum stofnfjáreigenda.

### STOFNFJÁREIGENDUR

| Nafn | Hlutfall |
|---|---|
| Landsbanki Íslands hf. | 7,58% |
| Heiðarsól ehf. *(áður Saxhóll) – í skiptameðferð)* | 7,51% |
| IceCapital ehf. *(Sund var skráð fyrir hlutnum í fyrra, Gunnþórunn Jónsdóttir, ekkja Óla í Olís og börn)* | 6,13% |
| CDG ehf. *(Bygg Invest – áður í eigu Saxbygg – félags í jafnri eigu Byggingafélags Gunnar og Gylfa og Saxhóls).* | 4,08% |
| Landsbanki Lux SAFN | 3,56% |
| Fjárfestingafélagið Klettur ehf. *(Jón Auðunn Jónsson)* | 3,38% |
| Breiðengi ehf. *(Íslandsbanki)* | 3,33% |
| FI fjárfestingar ehf. *(áður Eignarhaldsfélagið Primus, sem var í eigu Hannesar Smárasonar, nú í eigu SPV, dótturfélags Byrs)* | 3,10% |
| Myllan-brauð ehf. | 2,65% |
| Kaupþing banki hf. | 2,03% |
| **Samtals:** | **43,35%** |

## AÐRIR SPARISJÓÐIR

Ellefu sparisjóðir eru starfræktir í landinu ef frá eru taldir netbankinn S-24, dótturfélag Byrs, og sparisjóðir Kaupþings. Eins og kunnugt er stendur fjárhagsleg endurskipulagning nokkurra þeirra yfir um þessar mundir. Stærstur þeirra, á eftir Byr, er Sparisjóðurinn í Keflavík.
Hér á eftir eru nöfn þeirra sparisjóða sem eftir eru og fjöldi stofnfjáreigenda þeirra.

### SPARISJÓÐIRNIR

| Sparisjóður | Fjöldi stofn.eigenda |
|---|---|
| Sparisj. Keflavíkur | 1.659 |
| Sparisj. Bolungarvíkur | 259 |
| Sparisj. Suður-Þingeyinga | 255 |
| Sparisj. Svarfdæla | 150 |
| AFL – sparisjóður | 131 |
| Sparisj. Strandamanna | 102 |
| Sparisj. Norðfjarðar | 81 |
| Sparisj. Vestmannaeyja | 71 |
| Sparisj. Höfðhverfinga | 79 |
| Sparisjóður Þórshafnar og n. | 88 |
| Sparisj. Ólafsfjarðar | 30 |



## 365 MIÐLAR

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| Rauðsól ehf* | 99,97% |
| Óþekktir hluthafar | 0,03% |

** Jón Ásgeir Jóhannesson*

*Gefur út Fréttablaðið, rekur Vísi.is, Stöð 2, Stöð 2 Sport, Stöð 2 Extra, Stöð 2 Bíó, Stöð 2 Fjölvarp og Bylgjuna, FM957, X-ið, Létt Bylgjuna, Gull Bylgjuna og Ný Bylgjuna.*




## ÁRVAKUR

| Nafn hluthafa | Eignarhlutur |
|---|---|
| Þórsmörk ehf *(Óskar Magnússon)* | 100%* |

** Skipting á eignarhlut í Þórsmörk hefur ekki verið gefinn upp. Óskar hefur sagt að hann eigi rúman helmingshlut á móti Guðbjörgu Matthíasdóttur hjá Ísfélagi Vestmannaeyja. Aðrir hluthafar hafa verið nefndir: Páll H. Pálsson, forstjóri útgerðarfélagsins Vísis í Grindavík; Gunnar B. Dungal, fyrrum eigandi Pennans; Þorgeir Baldursson, forstjóri Kvosar, auk Ásgeirs Bolla Kristinssonar, kenndan við verslunina Sautján.*

*Gefur út Morgunblaðið*

## BIRTÍNGUR - ÚTGÁFUFÉLAG

| Nafn hluthafa | Eignarhlutur |
|---|---|
| Birtíngur - útgáfufélag | 100% |

*Gefur út DV, Séð og Heyrt, Vikuna, Nýtt líf, Mannlíf, Gestgjafann, Söguna alla og Skakka turninn.*

## RÍKISÚTVARPIÐ OHF.

| Nafn hluthafa | Eignarhlutur |
|---|---|
| Hið opinbera | 100% |

*Heldur úti Ríkissjónvarpinu, Rás 1, Rás 2, Textavarpinu.*

## NETMIÐILL EYJAN

| Nafn |
|---|
| Birgir Erlendsson |
| Invis ehf. |
| Object ehf. |

## NETMIÐILL PRESSAN

| Nafn hluthafa |
|---|
| Björn Ingi Hrafnsson |
| Örn Ægisson |
| Salt Investments *(að mestu í eigu Róberts Wessman)* |

## ASKJA

| Hluthafar | Eignarhlutur |
|---|---|
| Vestia (Landsbankinn) | 100% |

*Með umboð fyrir Mercedes-Benz og Kia*

## BRIMBORG

| Hluthafar | Eignarhlutur |
|---|---|
| Jóhann Jón Jóhannsson | 46,28% |
| Arnór Guðbrandur Jósefsson | 16,00% |
| Margrét Egilsdóttir | 15,32% |
| Brimborg ehf | 12,96% |
| Margrét Rut Jóhannsdóttir | 4,72% |
| Egill Jóhannsson | 4,72% |

*Með umboð fyrir Volvo, Ford, Daihatsu, Citroën, Lincoln og Mazda.*

## TOYOTA Á ÍSLANDI

*Skilanefnd Landsbankans ákvað að setja umboðið í sölumeðferð í nóvember í fyrra vegna skulda eigandans, Magnúsar Kristinssonar.*



## INGVAR HELGASON

*Er með umboð frá Subaru, Nissan, Opel, Isuzu og Saab.*

*Íslandsbanki tók fyrirtækið yfir í nóvember í fyrra og vinnur að endurskipulagningu þess.*

## N1

**Forstjóri:**
Hermann Guðmundsson.

**Stjórnarformaður:**
Einar Sveinsson.

### HLUTHAFALISTI

| Nafn | Eignahlutur |
|---|---|
| BNT hf. | 99,99% |
| BNT: | |
| Fjárfestingarfélagið Máttur ehf *(Benedikt og Einar Sveinssynir)* | 29% |
| Hafsilfur Eignarhaldsfélag ehf. *(Benedikt Sveinsson)* | 21% |
| Aðrir hluthafar | 50% |

## ATLANTSOLÍA

**Framkvæmdastjóri:**
Guðrún Ragna Garðarsdóttir.

**Stjórnarformaður:**
Símon Kjærnested.

### HLUTHAFALISTI

| Nafn | Eignahlutur |
|---|---|
| Atlantsolía Holding LLC (*Guðmundur Kjærnested og Símon Kjærnested*) | 25% |
| Atlantsolía Investments LLC | 25% |
| Brandon Rose | 25% |
| Guðmundur Kjærnested | 24% |
| Símon I Kjærnested *(fjármálastjóri Atlantsolíu, faðir Guðmundar)* | 1% |

## SKELJUNGUR

**Framkvæmdastjóri.**
Einar Örn Ólafsson.

**Stjórnarformaður:**
Guðmundur Örn Þórðarson.

Eignir: Shell-stöðvarnar, Orkan, Select

*Íslandsbanki er með hlut sinn í söluferli. Gert er ráð fyrir að hann verði seldur á vordögum. Þrír aðilar hafa boðið í hlutinn.*

### HLUTHAFALISTI

| Nafn | Eignahlutur |
|---|---|
| Guðmundur Þórðarson, Birgir Þór Bieltvedt og Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir | 51% |
| Íslandsbanki | 49% |



**FERÐAFÉLAG ÍSAFJARÐAR** verður að öllum líkindum endurreist að nýju en boðað hefur verið til aðalfundar þess. Félagið var stofnað 1949, starfaði til 1957, var endurvakið 1979 en lagðist af eftir nokkur ár. www.fi.is




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447






## Hófst þú nám í pípulögnum, húsasmíði eða málaraiðn en laukst því ekki?

**Hefur þú starfað í greininni í fimm ár eða lengur og getur staðfest það með opinberum gögnum?**

Ef þú vilt ljúka námi í pípulögnum, húsasmíði eða málaraiðn þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig.

Raunfærnimat er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590-6400, jafnframt er hægt að skoða **www.idan.is** eða senda tölvupóst á netfangið **radgjof@idan.is**.

**Kynningarfundur verður haldinn um verkefnið fimmtudaginn 4. febrúar, kl.17:00 í Skúlatúni 2, 1. hæð (gengið inn vestan megin).**

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS




Ritgerð um erfiðleikana sem fylgja því að vera rauðhærður tryggði Birni miða á Hróarskelduhátíðina árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Alvöru klósett gulls ígildi

**Björn Teitsson vann sér inn miða á Hróarskelduhátíðina í ritgerðarsamkeppni árið 2005 og skemmti sér vel. Í plötubúð í Kaupmannahöfn rakst hann óvænt á nokkra af sínum eftirlætis tónlistarmönnum.**

„Eftirminnilegasta ferðalagið er jafnframt það óvæntasta, en það er ferð á Hróarskelduhátíðina 2005,“ segir Björn Teitsson, meistaranemi í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands.

Aðdragandinn að ferðinni var sá að á þessum tíma stóð tímaritið Orðlaus fyrir ritgerðarsamkeppninni „Af hverju átt þú skilið að fara á Hróarskeldu?“ Björn hripaði niður nokkrar línur um erfitt líf sitt sem rauðhærður einstaklingur og náði að sannfæra ritstýrur tímaritsins um að það minnsta sem hann ætti skilið eftir allt mótlætið sem rauða hárinu fylgir væri ferð á Hróarskeldu við annan mann.

„Ferðin var bara ansi skemmtileg,“ segir Björn. „Hefðbundið útihátíðardrullumall var víðs fjarri vegna hitamets og úrkomuleysis, sem hlýtur að teljast jákvætt. Lúxusinn stoppaði heldur ekki þar því Orðlaus útvegaði „takmarkaða pressupassa“ sem þýddi í stuttu máli aðgang að alvöru klósetti, en reyndir Hróarskeldufarar geta vottað um að slíkur munaður er algerlega gulls ígildi.“

Björn segir listamennina á Hróarskeldu ekki hafa verið neitt slor, en hann sá meðal annars tónleika með Mugison, Devendra Banhart og malíska gítarleikarann Ali Farka Touré, en hann lést tæplega ári síðar. „Þá var ég hæstánægður að sjá þýsku indí-sveitina Tocotronic á meðal flytjenda, en þeir voru í sérstöku uppáhaldi um þessar mundir,“ segir Björn.

Skemmtilegasta atvik ferðarinnar segir Björn þó hafa átt sér stað í plötubúðinni Sound Station á Gamle Kongevej í Kaupmannahöfn, sem hann segir þá bestu á Norðurlöndunum, en þar leit hann inn fyrir hátíðina. „Ég var í smá spjalli við afgreiðsluborðið og var spurður hvort förinni væri ekki heitið á Hróarskeldu og hvað ætti svo að sjá. Ég sagðist spenntastur fyrir Sonic Youth og gaurinn við afgreiðsluborðið sagði þá: „Já, þú veist að þau eru hérna.“ Ég spurði hvað hann ætti við með þessu, en í þann mund kom Jim O'Rourke, nýjasti meðlimur sveitarinnar, að borðinu og ætlaði að fá að hlusta á Cyndi Lauper-plötu!“

Birni varð þá litið inn í hliðarherbergi þar sem ég hann sá Thurston Moore og Lee Ranaldo, stofnmeðlimi sveitarinnar, á spjalli við búðareigandann. „Með stjörnubirtuna í augunum spurði ég O'Rourke hvort þeir væru til í viðtal fyrir Orðlaus. Hann sagðist vart geta talað fyrir hljómsveitina, enda nýliði. Hins vegar gæti ég beðið eftir að Thurston myndi ljúka spjalli sínu við búðareigandann, en það mætti ekki trufla hann strax „because he gets real passionate when he's talking about music…“ Þessum orðum var vart sleppt þegar ég sá hinn tveggja metra Thurston stökkva upp á borð í hliðarherberginu og baða út höndum, greinilega mikið í mun að búðareigandinn tæki undir með honum. Þetta fannst mér mikið rokk,“ segir Björn. *kjartan@frettabladid.is*





BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110 Þjónustumiðstöð bílsins

**GOTT DEKUR** þarf ekki að vera dýrt. Það eitt að skella sér í heita pottinn í sundlaugunum getur endurnært sál og líkama. Með því að skella olíu í baðkarið og kveikja á kerti er einnig hægt að búa til góðan dekurdag í heimahúsi.



# Konum boðið í innra ferðalag

**ÍANDA er nýtt fyrirtæki sem býður upp á vellíðunarferðir fyrir konur á sérvöldum stöðum á landinu. Fyrstu ferðinni er heitið á Sólheima í mánuðinum.**

„Við bjóðum konum að komast frá borginni úr hinu iðandi lífi og upp í sveit þar sem þær geta upplifað kyrrð í kringum sig og innra með sér,“ segir Helga Sóley Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri Íanda. Hún stendur að fyrirtækinu ásamt Þóreyju Viðarsdóttur, leiðbeinanda í jógadansi, og Sólveigu Katrínu Jónsdóttur listmeðferðarfræðingi.

Ætlunin er því að konurnar fari í ferðalag í tvenns konar skilningi. Bæði út á land og inn á við. „Við erum með einstaka blöndu af jógadansi, sköpun og hugleiðslu. Þannig losum við um höft og tengjumst innsæi okkar og finnum neistann,“ segir Helga Sóley. Fyrsta vellíðunarferðin ber einmitt yfirskriftina Finndu neistann þinn sem farin verður 19. til 21. febrúar. Er ferðinni heitið í Sólheima í Grímsnesi en önnur slík ferð verður farin í mars.

Gist verður í tvær nætur í gistiheimilinu Veghúsum en dögunum verður skipt upp í skipulagðan tíma og frjálsan tíma. „Við munum verja einhverjum tíma í jógadansi og sköpun,“ segir Helga Sóley en auk þess verður haldið sérstakt hreinsunarkvöld. „Þá leggjum við upp úr góðri fæðu en boðið verður upp á sérhannað grænmetisfæði fyrir hópinn,“ segir hún.

Fimmtán konur geta komist í hverja ferð. Nánari upplýsingar um Íanda og ferðina er að finna á vefsíðunni www.ianda.is. *- sg*



Á Sólheimum er gott að slaka á fjarri borgarniðnum og ferðast inn á við.

## Heima-spa fyrir tærnar

EFTIR STREMBINN VINNUDAG JAFNAST EKKERT Á VIÐ AÐ LÁTA ÞREYTUNA LÍÐA ÚR TÁNUM Í HEITU FÓTABAÐI FYRIR FRAMAN SJÓNVARPIÐ.

Lítið mál er að blanda gott bað með því sem finnst í eldhússkápunum.

Byrjið á að stilla litlum bala upp fyrir framan sjónvarpið, hellið tveimur desilítrum af grófu sjávarsalti í balann, þá teskeið af ólífuolíu í saltið og fyllið balann að síðustu til hálfs með snarpheitu vatni. Skerið hálfa sítrónu í sneiðar og bætið út í og þá er þetta litla heimagerða spa tilbúið. Komdu þér svo fyrir með sjónvarpsfjarstýringuna í hendi og slappaðu af.





Við notkun rakspíra eftir rakstur getur húðin orðið mjög þurr. Nauðsynlegt er að nota góð krem til að hlífa húðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Karlar horfa síður í verð

**Andlitsbað, fótsnyrting og annað dekur á snyrtistofum er jafnt fyrir karla sem konur. Þótt konur hafi verið duglegri gegnum tíðina að heimsækja snyrtistofurnar eru karlarnir að sækja í sig veðrið.**

„Ég hef alltaf boðið herrana velkomna og hef verið í þessu í tuttugu ár. En þetta hefur mikið breyst síðan ég var nemi,“ segir Brynhildur Jakobsdóttir, eigandi snyrtistofunnar Helenu fögru. „Þá var þetta meira feimnismál fyrir karlmennina og helst að mömmurnar pöntuðu tíma fyrir fermingardrenginn eða eiginkonurnar hringdu fyrir mennina sína. Nú hringja þeir bara sjálfir.“

Hún segir herrana sækja í allar meðferðir, fótsnyrtingu, vax, brúnkusprautun, augnháralitun og andlitsmeðferðir. Stærsti aldurshópurinn er á bilinu 20 til 40 ára og stór hópur yngri stráka kemur einnig í húðhreinsun og brúnkusprautun fyrir ferminguna. Í raun sé ekki mikill munur á meðferðum fyrir kynin, sömu efni séu notuð nema þegar um andlitsmeðferð er að ræða, þá eru notaðar vörur sérhannaðar fyrir herra, með herrailmi.

„Við húðgreinum alltaf viðskiptavininn og ef það er eitthvert vandamál, eins og bólur og annað, þá notum við bara efnin sem við erum með hér. Snyrtiiðnaðurinn er hins vegar farinn að hanna sérstaklega fyrir karlmanninn og í andlitsmeðferð notum við vörur með herrailmi. Við ráðleggjum körlunum að koma nýrakaðir til okkar í andlitsmeðferð, nema þeir sem vilja vera með skegg, þá höfum við ráð við því með efnum sem komast að húðinni gegnum skeggið. Andlitsmeðferðin fer svo fram með yfirborðshreinsun, djúphreinsun, gufu og kreistun ef þarf, herða- og andlitsnuddi og svo andlitsmaski í lokin. Meðferðin tekur á bilinu 60 til 90 mínútur.“



Brynhildur Jakobsdóttir, eigandi snyrtistofunnar Helenu fögru, segir karlmenn duglega að sækja snyrtistofurnar.

Brynhildur segir alla þurfa að hugsa vel um húðina og verja hana fyrir sól og þurrki, karla jafnt sem konur. Karlmenn sem vinna mikið úti þurfi sérstaklega að huga að húðinni, eins og bændur, smiðir og þeir sem stundi útivist eins og golf. Margir karlar noti þó eingöngu rakspíra á húðina eftir rakstur og verða mjög þurrir í framan.

„Það er nauðsynlegt að nota góð krem og nú eru komin krem í öllum merkjum til að nota eftir rakstur. Karlmenn geta fengið inngróin skegghár sem þarf þá að stinga á og ættu þá að koma á stofuna. Ég vil ráðleggja körlunum að hreinsa húðina kvölds og morgna, nota góð krem og fá ráðleggingar hjá snyrtifræðingum um val á snyrtivörum.“

Brynhildur segir þó að ekki þurfi að vera vandamál til staðar til að karlarnir láti sjá sig á snyrtistofunni. Það séu þægindi að koma í dekur sem karlarnir megi leyfa sér, enda séu þeir að sækja í sig veðrið. „Þeir horfa heldur ekkert á hvað hlutirnir kosta, meðan konurnar neita sér frekar um eitthvað ef þeim finnst það of dýrt.“

*heida@frettabladid.is*



**VOLKSWAGEN** ætlar sér að vera orðinn stærsti bílaframleiðandi veraldar fyrir 2018 og boðar 60 nýjar gerðir á þessu ári. www.fib.is





Í Færeyjum vorar fyrr og því standa vonir til að veðrið verði milt í lok maí þegar ferðin er farin. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Færeyingar góðir heim að sækja

**Ferðaskrifstofan Trex hefur staðið fyrir vinsælli ferð til Færeyja þar sem ferðamenn dvelja í nokkra daga og fara í skemmtilegar gönguferðir um eyjuna. Sögulegur fróðleikur fylgir einnig.**

Kristján M. Baldursson, framkvæmdastjóri Trex, segir Færeyjar koma fólki sífellt á óvart, bæði hvað landslag, menningu og fólkið sjálft snerti.

„Færeyjar eru vinalegar og fólk er oft hissa á því sérstaklega afslappaða andrúmslofti sem þar er að finna,“ segir Kristján. „Náttúrufegurðin og þá hversu fjölbreytt landslag Færeyjar búa yfir, þykir mörgum sérstakt með tilliti til þess að eyjarnar eru ekki stórar.“

Flogið er til Færeyja 28. maí og komið til baka föstudaginn 4. janúar en gamlar þjóðleiðir eru gengnar á fjórum af átján eyjum Færeyja. Einnig er gengið á nokkur fjöll. Gist er í uppbúnum rúmum á farfugla- og gistiheimilum en kvöldverður fylgir í fimm skipti sem og sex nestispakkar.

„Við höfum farið í þessa ferð á sama tíma og alltaf með sama fararstjóra, Sigrúnu Valbergsdóttur, þannig að við erum orðin gjörkunnug aðstæðum og dagskráin er þægileg og aðgengileg. Gangan er farin á besta tíma í Færeyjum, þegar hvað þurrast er, en í Færeyjum vorar fyrr þannig að sumarið er yfirleitt komið á þessum tíma.“

Ásamt göngunni fær fólk sögulegan fróðleik í bland og kíkt er á gamlar byggðir og vinaleg þorp. Meðal skemmtilegra staða sem heimsóttir verða má nefna Mykines, ægifagra klettaey með litilli byggð, og gömlu póstleiðina á eynni Vágar yfir Gásadal. Einnig er stefnt að því að ganga á hæsta fjall eyjanna, Slættartind, sem er 882 metrar en í lok ferðar er dvalið í Þórshöfn þar sem margt verður skoðað.

„Færeyingar eru ótrúlega góðir heim að sækja og þeir eru sérstaklega vinalegir gagnvart Íslendingum svo það er ekki síður upplifun að hitta fólkið sjálft.“

*julia@frettabladid.is*













# æki landsins

## NOVA

**Nova – framkvæmdastjóri** Liv Bergþórsdóttir.

### HLUTHAFALISTI

| Nafna | Eignarhlutur |
|---|---|
| Novator ehf. | 100% |
| *Novator: BeeTeeBee Ltd (Björgólfur Thor Björgólfsson)* | 100% |



## SÍMINN

**Forstjóri** Sævar Freyr Þráinsson.

**Stjórnarformaður:** Brynjólfur Bjarnason.

### HLUTHAFALISTI

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| Skipti | 100% |

*Eigandi Skipta er Exista. Eignarhald á Existu er í lausu lofti um þessar mundir. Rætt hefur verið um að kröfuhafar taki fyrirtækið yfir að einhverju eða öllu leyti. Verði það raunin er líklegt að félaginu verði skipt upp í einingar. Arion banki yrði að líkindum með stærstu eigendum Símans ásamt skilanefndum Glitnis og Kaupþings ásamt öðrum kröfuhöfum, svo sem lífeyrissjóðunum.*

## VODAFONE OG TAL

**Forstjóri Vodafone (Og fjarskipti):** Ómar Svavarsson

**Framkvæmdastjóri Tals:** Hermann Jónasson

*Vodafone og Tal er í eigu Teymis. Vestia, eignarhaldsfélag Landsbankans, á rúman helming í Teymi og ætlar að halda honum tímabundið. Áætlað er að selja hann í opnu tilboðsferli á seinni hluta ársins.*

### HLUTHAFALISTI TEYMIS

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| Vestia (Landsbankinn) | 62,2% |
| Straumur Burðarás | 15,3% |
| Landsvaki | 3,5% |
| Íslandssjóðir | 2,6% |
| Verðbréfasjóðir ÍV | 2,2% |
| Aðrir (minna en 2%) | 11,9% |
| **Samtals:** | **97,7%** |




## ICELANDAIR GROUP

Nokkur félög og eignir:

Icelandair, Icelandair Hotels (s.s. Hótel Loftleiðir), Flugfélag Íslands, Icelandair Cargo

| Helstu hluthafar: | Eignarhlutur |
|---|---|
| Íslandsbanki hf. | 46,93% |
| Landsbanki Íslands hf. | 23,84% |
| Sparisjóðabanki Íslands/Icebank | 9,36% |
| Alnus ehf. | 3,30% |
| Icelandair Group hf. | 2,55% |
| Glitnir banki hf. | 2,09% |
| Sigla ehf. | 2,0 % |
| Saga Capital Fjárfestingabanki | 1,92% |
| Arkur ehf. | 1,75% |
| N1 hf. | 1,28% |
| **Samtals:** | **95,02%** |




## ICELAND EXPRESS

| Eigandi: | Eignarhlutur |
|---|---|
| Fengur ehf.* | 100% |

** Félag í eigu Pálma Haraldssonar*




## EIMSKIP

**Forstjóri** Gylfi Sigfússon.
**Stjórnarformaður** Bragi Ragnarsson.

*Fjárhagslegri endurskipulagningu Eimskips lauk í ágúst í fyrra með hundrað prósenta samþykki kröfuhafa um nauðasamninga. Hluthafar Eimskips eru 77 talsins. Enginn þeirra er úr hópi eldri eigenda.*

### HLUTHAFALISTI

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| Skilanefnd Landsbankans | 41% |
| The Yucaipa Comapnies *(bandarískt eignarhaldsfélag)* | 32% |
| Fimm kröfuhafar, svo sem íslenskir lánardrottnar | 22% |
| NBI *(Nýi Landsbankinn)* | 5% |
| Samtals | 100% |

## SAMSKIP

**Forstjóri:** Ásbjörn Gíslason

Dótturfélög: Sæfari, Jónar Transport og Landflutningar.

### HLUTHAFALISTI

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| SMT Partners* | 90% |
| - Aðrir (s.s. lífeyrissjóðurinn Stafir) | 10% |

** Ólafur Ólafsson stjórnarformaður; Ásbjörn Gíslason, forstjóri; Kristinn Albertsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs; Hjörleifur Jakobsson, stjórnarformaður samskipa; Jens Holger Nielsen, forstjóri Samskipa í Hollandi.*



## HAGAR

- Hagkaup
- Bónus
- Bananar
- Ferskar kjötvörur
- 10-11

*Helsti eigandi Haga er 1998 ehf. Eignarhald er óljóst um þessar mundir. Kaupþing tók félagið yfir í fyrrahaust og hefur gefið fyrri eigendum kost á að eignast sextíu prósent í verslanakeðjunni.*

## NORVIK

- Nóatún
- Krónan

*Sjá umfjöllun um Norvik og Byko*



## BYKO

**Forstjóri:** Sigurður E. Ragnarsson.

Undir Byko heyra: ELKO, Intersport og Húsgagnahöllin.

### HLUTHAFAR

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| Vestia (Landsbankinn) | 100% |



## MÚRBÚÐIN

**Framkvæmdastjóri:** Baldur Björnsson

### HLUTHAFALISTI

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| Verkefni ehf.* | 58,8% |
| Baldur Björnsson | 41,2% |
| Samtals: | 100% |
| *Baldur Björnsson | 50,0% |
| Matthildur Guðbrandsdóttir | 50,0% |

## HÚSASMIÐJAN

**Framkvæmdastjóri:** Sigurður Arnar Sigurðsson.

### HLUTHAFALISTI

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| Norvik* | 100% |

| * Norvik: | |
|---|---|
| Decca Holding ApS (Danmörk) | 27,42% |
| Jón Helgi Guðmundsson | 23,96% |
| Straumborg ehf (Jón Helgi Guðmundsson, Iðunn Jónsdóttir, Steinunn Jónsdóttir, Guðmunur H. Jónsson og aðrir) | 21,87% |
| Óþekktir hluthafar | 26,75% |
| Samtals: | 100% |

## TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

**Forstjóri** Sigurður Viðarsson

*Hluthafar Stoða eru nú 112 talsins. Þrír hluthafar fara með yfir 10% af atkvæðamagni hlutabréfa: Glitnir, NBI og Arion banki. Stjórn Stoða, sem fyrst var kjörin á hluthafafundi 17. júlí sl. og endurkjörin á aðalfundi Stoða í dag, skipa Eiríkur Elís Þorláksson, Sigurjón Pálsson og Sigurður Jón Björnsson. Starfsmenn Stoða eru þrír talsins að Jóni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra félagsins, meðtöldum.*

### HLUTHAFAR

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| Stoðir* | 99,1% |
| Tryggingamiðstöðin | 0,79% |
| * Helstu hluthafar: | |
| Glitnir | 33% |
| Vestia (Landsbankinn) | 25% |
| Arion | 12,5% (áætlað) |
| Erlendir bankar | 12,5% (áætlað) |
| **Samtals:** | **83%** |

## VÍS

**VÍS – forstjóri** Guðmundur Örn Gunnarsson.

### HLUTHAFAR

Sjá umfjöllun um Símann og Skipti.

## VÖRÐUR TRYGGINGAR

**Framkvæmdastjóri:** Guðmundur Jóhann Jónsson

### HLUTHAFAR

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| Føroya Banki | 51% |
| NBI hf. (Landsbankinn), Byr Sparisjóður og SP-Fjármögnun | 49% |




## SJÓVÁ

**Forstjóri:** Lárus Ásgeirsson

*Fyrirtækjaráðgjörf Íslandsbanka hefur verið falið að annast formlegt og opið söluferli á Sjóvá-Almennum. Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum í fyrirtækið rann út í gær.*

### HLUTHAFAR

| Nafn | Eignarhlutur |
|---|---|
| SAT Eignarhaldsfélag | 90,7% |
| Íslandsbanki | 9,3% |

## ÚR FORTÍÐINNI



**BEÐIÐ EFTIR VIÐSKIPTUM** Á annað hundrað manns biðu þess að kaupa hlutabréf í Fóðurblöndunni þegar sala á þeim hófst í útboði Kaupþings snemma í mars 1997. Eins og sjá má var kalt í veðri og var fólk því kappklætt.
MYND/SVEINN ÞORMÓÐSSON (LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR)

# Margir biðu spenntir eftir Fóðurblöndunni

Mikil eftirvænting var eftir kaupum á hlutabréfum Fóðurblöndunnar í útboði með bréfin fyrir skráningu þeirra á markað hjá Verðbréfaþingi í mars 1997. Kaupþing sá um útboðið þar sem tíu prósent hlutafjár voru í boði. Svo mikil var spennan að á annað hundrað manns komu sér fyrir utan við höfuðstöðvar Kaupþings þegar hlutabréfasalan hófst, sumir með umboð fyrir allt að þrjátíu manns. Bréfin, sem fóru á genginu 2,6 krónur á hlut, seldust upp á einni klukkustund.

Fóðurblandan hóf starfsemi árið 1960 og komst hún í eigu bræðranna Jóns, Gunnars og Sigurðar Garðars Jóhannssona, löngum kennda við Ásmundarstaði, og fjölskyldur þeirra árið 1984. Nokkrum árum síðar keyptu þeir Gunnar og Sigurður Garðar hlut bróður síns. Fóðurblandan var hefðbundið rekstrarfélag, sem framleiddi fóður fyrir svín, fugla, fiska, sauðfé, nautgripi og gæludýr. Þegar hér var komið sögu var Fóðurblandan umsvifamesti framleiðandi kjarnfóðurs með um 45 prósenta markaðshlutdeild. Þá átti Fóðurblandan helming hlutafjár í Kornhlöðunni, sem annaðist geymslu á korni fyrir Fóðurblönduna og Mjólkurfélagið. Kornhlaðan átti svo meirihluta hlutafjár í hveitimyllufyrirtækinu Kornaxi.

Árið 1996 ákváðu bræðurnir að breyta félaginu úr lokuðu hlutafélagi í almenningshlutafélag. Markmið með skráningu þess var meðal annars að opna fyrir aðgang að ódýrara fjármagni, líkt og Gunnar, þá forstjóri, tók til orða í samtali við Morgunblaðið í desember 1996. Jafnframt lýsti hann því yfir að þeir bræður myndu selja úr eignasafni sínu.

Viðskipti með hlutabréf Fóðurblöndunnar hófust á Verðbréfaþingi 21. mars 1997 og stóð gengi þeirra á fyrstu mínútum í 3,8 krónum á hlut. Það jafngilti 46 prósenta hækkun frá útboði. Tíu prósentustig höfðu bæst við undir lok dags.

Bræðurnir stóðu við sitt og seldu úr eignasafninu jafnt og þétt. Þeir áttu í apríllok aðeins eftir helming hlutabréfa í Fóðurblöndunni. Í júní 2000 seldu þeir svo eftirstandandi hlut sinn til GÍR Capital Investment í New York, félags Kaupþings, og GB-fóður, sem feðgarnir Bjarni Pálsson og Páll Ólafsson frá Brautarholti á Kjalarnesi áttu. Öðrum hluthöfum var í kjölfarið gert yfirtökutilboð og eignuðust félögin 96 prósent. Fóðurblandan var afskráð um haustið.

Búnaðarbankinn keypti Fóðurblönduna um mitt ár 2001. Við endurskoðun á bókhaldi þess kom í ljós að GÍR Capital og GB-fóður höfðu látið Fóðurblönduna lána sér fyrir kaupunum auk þess sem þeir greiddu sér 182 milljónir króna í arð vegna áranna 1999 og 2000. Lánin og arðgreiðslurnar námu samtals 660 milljónum króna, sem leiddi til þess að eiginfjárstaða Fóðurblöndunnar varð neikvæð um áttatíu milljónir.

Eigendurnir voru á endanum látnir endurgreiða arðinn. Það þótti afar óvenjulegt, ef ekki einsdæmi.

# Aftur til framtíðar í efnahagsmálum

Helstu hugmyndir Baracks Obama Bandaríkjaforseta um yfirhalningu bankakerfisins eru sóttar í smiðju Pauls Volcker, fyrrverandi seðlabankastjóra Bandaríkjanna. Volcker var tvímælalaust farsælasti seðlabankastjórinn á 20. öld og meðal þeirra fyrstu til að vara við ágöllum þess sem við kölluðum „hið nýja og góða fjármálakerfi“.

En Volcker hefur einnig varað eindregið við hættunum af gjaldeyrissveiflum. Hver er tengingin milli fortíðargljáðri þrá eftir einfaldara bankakerfi með minni áhættu og voninni um að kynna til sögunnar gjaldeyriskerfi sem virðist líka heyra sögunni til?

Það hafði þegar verið rætt um að taka upp eftirlitskerfi í anda þess sem gilti á 4. áratugnum áður en Obama tilkynnti um hina svokölluðu „Volcker-reglu“ 21. janúar, en samkvæmt henni verða viðskipti með eigin bréf bönnuð og bönkum meinað að „eiga, fjárfesta í, eða styrkja“ vogunarsjóði. Tillagan er í raun uppfærð útgáfa af Glass-Steagall-lögunum frá 1933, sem gengu út á að aðskilja fjárfestingarbanka og viðskiptabanka.

### MEIRA TAUMHALD

Mörg lönd reyndu að takmarka svigrúm banka á 4. áratugnum. Í Belgíu, þar sem fyrstu alhliða bankarnir voru settir á laggirnar snemma á 19. öld, var líka skilið á milli viðskiptabanka og fjárfestingarbanka og ítölskum bönkum var bannað að eiga bréf í iðnfyrirtækjum.

Rökin fyrir taumhaldi á bankastarfsemi á 4. áratugnum voru ekki þau að þeir væru „of stórir til að falla“, heldur byggðu frekar á lélegri ráðgjöf sem þeir höfðu veitt viðskiptavinum sínum. Fjárfestingarbankar höfðu selt almennum viðskiptavinum hlutabréf og skuldabréf (sér í lagi fyrirtækja og ríkisstjórna), fært áhættuna yfir á viðskiptavinina og skapað sér miklar tekjur í formi þjónustugjalda og þóknunar.

Eins og nú heimtuðu margir að bönkunum og bankamönnum yrði refsað. En þeir vildu líka að bankarnir byðu upp á fleiri úrræði til að fjármagna innlendar fjárfestingar og iðnað. Þær endurbætur sem gerðar voru á bönkunum komu almennt niður á bankamönnum en þeim tókst ekki að glæða nýju lífi í lánastarfsemi.

Í dag snýst umræðan frekar um hættuna sem bankar geta valdið skattgreiðendum en viðskiptavinum sínum. Viðskipti með eigið fé voru ekki aðeins réttlætt vegna þess að þau bjuggu til mikinn gróða fyrir bankana (þau gerðu það), heldur líka vegna þess að þau áttu að skapa markað og kaupmátt fyrir vörur og greinar sem minna var sýslað með. Bankarnir komu þannig á laggirnar eigin mörkuðum, sem gerði þeim og viðskiptavinum þeirra kleift að verðleggja vörur sem annars hefði verið ógjörningur að verðmeta. Ofsagróðinn átti að vera umbun fyrir veitta almannaþjónustu.

Risabankar af þessum toga eru nauðsynlegir því litlir bankar geta ekki einir skapað markað. Risabankar leika líka lykilhlutverk á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum og safna miklum gjaldeyrisforða.

### AUKIÐ EIGINFJÁRHLUTFALL

Ef nútímabankar eru of stórir og of hættulegir vegna þess að þeir eru svo viðkvæmir, er augljósasta leiðin til að gera þá öruggari að setja reglur um hærra eiginfjárhlutfall. Því miður er eina augljósa leiðin fyrir banka að hækka eiginfjárhlutfallið sú að snarminnka lánveitingar. Það er það síðasta sem viðskiptalífið þarf á að halda á samdráttarskeiði.

Nýja lausnin við þessari klípu er að festa í lög hvaða umsvif eigi að fella alfarið úr bankarekstri. Markmiðið er að með því að endurskipuleggja fjárhagslegar áherslur verði hægt að hleypa nýju lífi í annars konar lánveitingar.

Á 4. áratugnum héldust yfirráð yfir bönkum í hendur við yfirráð yfir fjármagnshreyfingum og að endingu við gengisákvarðanir. Fjármagnshreyfingar voru keyrðar áfram af nokkrum stórum fjármálastofnunum og sveigjanlegu gengi. Nokkrir hagfræðingar, sér í lagi Austurríkismaðurinn Gottfried Haberler, reyndu að setja fram valkosti við áframhaldandi fjármagnshreyfingar en pólitískur vilji var ekki fyrir hendi.

### AÐ LEITA LAUSNAR Í FORTÍÐINNI

Árið 1944 var Bretton Woods-samkomulagið staðfest en það lagði grunninn að hagskipulagi heimsins eftir stríð. Við það tækifæri kallaði Henry Morgenthau, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, eftir skilvirkara bankakerfi sem útvegaði meira fé á ódýrari skilmálum. „Það myndi ... hrekja okurlánarana burt úr musteri alþjóðlegra fjármálamarkaða.“

Eftir að gjaldeyrisskiptakerfi Bretton Woods-samningsins hrundi snemma á 8. áratugnum, var sú skoðun útbreidd að sveigjanlegra gjaldeyriskerfi gæti komið á auknum stöðugleika. En þar sem það er aðeins stutt síðan við komumst að því að það þarf fjárhagsleg ferlíki til að skapa stöðugleika, einkenndist gjaldeyrismarkaðurinn lengi vel af sveiflum og óvissu. Markaðurinn þurfti á stórum bönkum að halda til að koma á jafnvægi. Þegar stórir bankar geta ekki sinnt þessu hlutverki og þurfa að draga sig í hlé, aukast líkurnar á markaðssveiflum.

Vari núverandi samdráttarskeið lengur leiðir það líklega til aukinnar gjaldeyriskreppu, þar sem lánstraust ríkja helst í hendur við stöðu bankanna í viðkomandi landi. Árið 1992, þegar samdráttur lék lönd á evrusvæðinu grátt, lét franski þingmaðurinn Michel Sapin þau orð falla á þingi að í frönsku byltingunni hefðu spákaupmenn farið undir fallöxina.

Árið 1944 var lærdómurinn af 4. áratugnum dreginn á alþjóðlegum grundvelli. Er hægt að gera eins og þá og skrá gengið upp á nýtt eina ferðina enn? Það myndi ganga gegn flestum kenningum nútímahagfræði, en þegar við erum farin að leita eftir lausnum í fortíðinni er það ekki óhugsandi.

©Project Syndicate. (Millifyrirsagnir eru blaðsins.)



**Harold James**
Prófessor í sagnfræði og alþjóðamálum við Princeton-háskóla.

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA







Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

50 kassar utan um augnakonfekt.

500 bæklingar með nýju sniði.

ODDI

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Misstu stjórn á sér

## Ásta Dís Óladóttir rannsakaði fjárfestingar Íslendinga frá árinu 1955.

„Mig er farið að klæja í puttana að loka nýjum díl, við höfum ekkert gert á þessu ári,“ sagði einn viðmælenda Ástu Dísar Óladóttur sem rannsakaði fjárfestingar Íslendinga erlendis í doktorsritgerð sinni sem hún varði við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn. Ásta Dís komst meðal annars að því í rannsókn sinni að er líða tók á fyrsta áratug 21. aldarinnar töpuðu menn sérhæfni í fjárfestingum og fóru að fjárfesta í alls konar fyrirtækjum. Græðgi hafi jafnvel virst ráða för í sumum tilfellum frekar en úthugsuð fjárfestingarstefna, eins og ofangreind tilvitnun sýnir.


ÁSTA DÍS ÓLADÓTTIR

Ásta Dís lagði upp með að skoða alþjóðavæðingu fyrirtækja frá smáum hagkerfum með áherslu á Ísland. En hún bar einnig saman fjárfestingar Íslendinga, Íra og Ísraela. Í ljós kom að íslensku fyrirtækin fjárfestu í sömu greinum og fyrirtækin frá Írlandi og Ísrael, í fjármála- og tryggingageiranum og í fasteignum. Eins fjárfestu fyrirtækin frá löndunum þremur mest í Evrópu og Norður-Ameríku. Munurinn á fjárfestingum þessara þriggja landa fólst hins vegar aðallega í því að Íslendingar notuðu í mun meira mæli skuldsett eigið fé í fjárfestingum, það er að segja að móðurfélögin skuldsettu sig á móti eigin fjár þætti yfirtökunnar.

Fá íslensk fyrirtæki stóðu í raun á bak við umsvifamiklar fjárfestingar Íslendinga sem röðuðu sér á topp World Investment Report-listans nokkur ár í röð.

Ásta Dís segir margar stofnanir hafa sofið á verðinum, eftirlit með fjárfestingum hafi brugðist bæði hérlendis og erlendis. Hún hefur í framhaldinu hug á að rannsaka þátt seljendanna, en hún bendir á að Danir og Bretar, sem duglegir hafi verið að gagnrýna Íslendinga, hafi einnig verið þeir er seldu Íslendingum mörg félaganna. Einnig hafi þeir í mörgum tilfellum lánað fyrir kaupunum, ásamt því að fjármagna íslensku bankana til að standa að baki fjárfestingunum. **sbt**


# VIÐVÖRUN

## EKKI kaupa markaðsráðgjöf af þessum manni.

Markús Láki Salómonsson kom í Múrbúðina til að veita ráð í markaðsmálum. En þau ráð reyndust tóm steypa. Snerust um að rugla neytendur. Hann lýsti frati á þá stefnu Múrbúðarinnar að bjóða alltaf gott verð. Virkar ekki, sagði hann. Við hentum honum út.




En Markús Láki hefur farið víða með ráðleggingar sínar og mörg fyrirtæki fara eftir þeim. Það sjáum við í afsláttar- og tilboðsauglýsingum alla daga. Við hin fyrirtækin, sem ekki hafa fengið kauða í heimsókn, viljum við bara segja: varið ykkur - nema auðvitað ef þið getið ekki boðið gott verð.

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?



LINCOLN® ELECTRIC
THE WELDING EXPERTS

PIPAR\TBWA • SÍA • 100325

# Allt á suðupunkti!

**Rýmum fyrir nýjum vörum**
Við þurfum pláss fyrir nýjar Lincoln rafsuðuvélar, sem koma von bráðar, og því seljum við eldri lager á sjóðandi tilboðsverði.

**Powertec**



Áður kr. 300.000 — **220.000**
51K14004-1
Powertec 250 amp mig/mag
3ja fasa.
15 kg rúlla.
Án byssu.

Áður kr. 433.000 — **310.000**
51K14013-1
Powertec 280 amp mig/mag PRO
Tvöfalt drif synergic.
Digital mælar.
3ja fasa.
15 kg rúlla.
Án byssu.

Áður kr. 372.000 — **270.000**
51K14005-1
Powertec 300 amp mig/mag
3ja fasa.
15 kg rúlla.
Án byssu.

**Rafsuðuvél 160 Amp**



Áður kr. 210.000 — **150.000**
51WF200172
Invertec V160S 160 Amp rafsuðuvél
Öflug vél sem sýður allt að 4 mm pinnavír.
Kemur með köplum.
Sjálfvirkt „HOT“ start.

Verslanir | Byggingadeild | Véladeild | Þjónustudeild

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Öll verð eru með VSK.
Tilboðin gilda út febrúar 2010 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Viðarhöfða 6 – Reykjavík
Bæjarhrauni 12 – Hafnarfirði

# Bættar forvarnir spara milljarða

Gera má ráð fyrir að um þrjú til fjögur prósent af landsframleiðslu, eða á bilinu 45 til 60 milljarðar, glatist ár hvert hér á landi vegna heilsutjóns á vinnustöðum, segir í fréttatilkynningu frá Vinnueftirlitinu og VÍS.

Um 9.000 manns leita sér aðstoðar árlega hér á landi vegna vinnuslysa og rannsóknir sýna að enn fleiri verða fyrir heilsutjóni vegna atvinnusjúkdóma. Undanfarin ár hafa fimm látist ár hvert í vinnuslysi.

Vinnueftirlitið og VÍS hafa tekið upp samstarf til að efla forvarnir á vinnustöðum og fækka vinnuslysum „en talið er að með tiltölulega einföldum og ódýrum fyrirbyggjandi aðgerðum megi fækka verulega óhöppum og slysum í atvinnurekstri og draga þannig verulega úr þeim útgjöldum sem af þeim hljótast,“ segir í fréttatilkynningunni.

Í henni kemur einnig fram að fá íslensk fyrirtæki, eða einungis um tólf prósent, hafa framkvæmt áhættumat sem hefur sýnt sig að fækki slysum. Mikill meirihluti íslenskra fyrirtækja fylgir því ekki tilskipun ESB um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem innleidd var hér á landi árið 2006.

Til að innsigla samstarfið standa VÍS og Vinnueftirlitið fyrir sameiginlegri ráðstefnu um forvarnarmál í húsnæði VÍS kl. 13 á morgun. Einkum verður sjónum beint að áhættumati og áhættuskráningu en einnig verða forvarnarverðlaun VÍS veitt í fyrsta sinn. - sbt



**KONUR HAGNAST VEL Á HLUTABRÉFUM** Konur kjósa þó fremur að fjáfesta í skuldabréfum en hlutabréfum.

# Konur ragari en karlar við hlutabréfakaup

Konur gætu hagnast meira ef þær væru hugaðri í hlutabréfakaupum en raun ber vitni. Þetta sýnir rannsókn sem Greens Analyseinstitut vann fyrir danska viðskiptablaðið Børsen og birtist á laugardag.

Konur kjósa fremur að kaupa skuldabréf en hlutabréf þegar kemur að því að leggja fyrir til efri áranna. Ástæðan er sú að þær telja skuldabréfin öruggari fjárfestingu en hlutabréf.

Fyrir bragðið verða konurnar af hagnaði vegna þess að til lengri tíma litið gefa hlutabréfin talsvert meiri ávöxtun en skuldabréfin.

Rannsóknin sýndi enn fremur fram á að þær konur sem þó fjárfesta í hlutabréfum hagnast meira á þeim viðskiptum en karlar. Ástæðan er sú að þær versla ekki eins mikið með hlutabréf sín og karlarnir sem hafa meiri trú á að þeir geti grætt á að kaupa og selja bréf. Þannig gera þeir í raun fleiri mistök en konurnar sem með þolinmæði sinni hagnast meira á bréfunum þegar upp er staðið.



**FERÐAMENN** Um fimmtán prósentum fleiri erlendir ferðamenn hafa bókað ferð til Íslands í sumar en á sama tíma í fyrra, segir forstjóri Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Almenn bjartsýni með ferðasumarið

## Allt bendir til þess að sumarið verði gott fyrir íslenska ferðaþjónustu. Fimmtán prósentum fleiri bókanir en í fyrra.

**Brjánn Jónasson**
skrifar

Almenn bjartsýni ríkir meðal fyrirtækja sem starfa í ferðaþjónustu hér á landi með komandi ferðasumar, segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Ferðamenn bóka þó með sífellt styttri fyrirvara svo erfitt er að spá fyrir um sumarið.

„Það bendir allt til þess að þetta geti orðið ágætt sumar, en við höfum meiri áhyggjur af öðrum tímum ársins,“ segir Erna. Heldur hefur dregið úr komum ferðamanna utan háannatímans yfir sumarið, þótt ferðamönnum hafi fjölgað yfir sumarmánuðina.

Bókanir erlendra ferðamanna á flugferðum til Íslands eru um fimmtán prósentum fleiri nú en á sama tíma á síðasta ári, segir Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair. Það sé aukning umfram þá tíu prósenta framboðsaukningu sem sé hjá félaginu.

„Við reiknum með að toppa síðasta sumar, sem þó sló öll met,“ segir Birkir. Hann segir þessa aukningu trúlega eiga sér nokkrar ástæður. Ferðamenn virðist bóka fyrr en venjulega, en ótvírætt sé áhugi á Íslandi að aukast. Þá hafi Icelandair aukið heldur við markaðssetningu og sætaframboð undanfarið.

Markaðssetning ferðaþjónustunnar undanfarin ár hefur að mestu beinst að því að auka fjölda ferðamanna utan við háannatímann, og því er það vissulega áhyggjuefni að nú dragi úr fjöldanum.

Eflaust spilar margt inn í, en skortur á rannsóknum gerir erfitt fyrir að meta orsakirnar nákvæmlega, segir Erna. Augljóslega hafi heimskreppan þar áhrif, lágt gengi krónunnar nái ekki að vega upp almennan samdrátt á fjölda ferðamanna í heiminum. Ein afleiðing kreppunnar sé til dæmis samdráttur í ráðstefnuhaldi í Reykjavík.

Birkir segist sjá skýr merki um samdrátt í ráðstefnuhaldi. Færri ráðstefnuhópar og hópar á leið í hvataferðir bóki nú flug til landsins. Aukningin sé öll í ferðum einstaklinga og fjölskylduferðum.

Ein áhrif hrunsins hér á landi eru veikt gengi krónunnar. Það hefur þó þau áhrif að ferðamenn eyða að meðaltali fleiri krónum en áður hér á landi.

Erna segir að til að snúa þessari óheillaþróun við þurfi að auka enn við markaðssetningu íslenskrar ferðamennsku.

Vonandi muni tónlistar- og ráðstefnuhúsið við Reykjavíkurhöfn skila auknum fjölda ferðamanna, en það verði þó ekki tekið í notkun fyrr en á næsta ári. Þá muni heilsutengd ferðamennska vonandi auka fjölda ferðamanna þegar hún kemst á flug, en það geti verið nokkur tími þangað til.

Spurð um áhrif umtals um hrunið á Íslandi og Icesave erlendis segir Erna umtalið sennilega jákvætt fyrir ferðamennskuna. Sífellt fleiri heyri af Íslandi, og fólk virðist almennt gera greinarmun á fréttum af hruni banka annars vegar og fallegri náttúru hins vegar.

**Enginn kostnaður** af viðskiptum með sjóði Stefnis í febrúar.

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48508 01/10

Stefnir - *Ríkisvíxlasjóður.*
Traustur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 × arionbanki.is

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

- 90% ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf / 10% innlán
- Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
- Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- Lágmarkskaup 5.000 kr.
- Enginn munur á kaup- og sölugengi.

Arion banki

Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887 skv. lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrirfjárfesta. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 3. febrúar 2009 eru „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu“.Með yfirlýsingu frá 9. desember 2009 lýsti ríkisstjórnin því yfir að yfirlýsingin frá 3. febrúar 2009 væri enn í fullu gildi og að yfirlýsingin yrði ekki afnumin fyrr en hið nýja íslenska fjármálakerfi, með breyttri umgjörð, hefði sannað sig og þá yrði gefinn aðlögunartími. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum sjóða s.s. skuldabréfum eða víxlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is.

# Breytt stjórn Skipta



Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, hefur tekið við formennsku í stjórn Skipta hf. Þetta var ákveðið á fundi stjórnar Skipta á mánudag. Lýður Guðmundsson var áður stjórnarformaður, en hann situr áfram í stjórn félagsins.

„Með formennsku Rannveigar er tryggð samfelldni í stjórn fyrirtækisins en hún hefur mikla reynslu og þekkingu á rekstri þess. Rannveig hefur setið í stjórn Skipta og Símans frá árinu 2002 þegar fyrirtækið var í eigu íslenska ríkisins. Hún var formaður stjórnar frá 2002 til 2005 en hefur síðan verið varaformaður stjórnar,“ segir í tilkynningu stjórnar Skipta til Kauphallarinnar. - óká

# Stýrir Auðhumlu og Mjólkursamsölunni

Einar Sigurðsson hefur tekið við starfi forstjóra Auðhumlu, samvinnufélagi 700 mjólkurbænda, sem á stærstan hlut í Mjólkursamsölunni. Forstjóraskipti urðu núna um mánaðamótin en þá lét Magnús Ólafsson af störfum „eftir áratuga farsælan feril í íslenskum mjólkuriðnaði“, að því er fram kemur á vef Landssambands kúabænda. Einar verður forstjóri bæði Auðhumlu og Mjólkursamsölunnar.

Fram kemur að Magnús Ólafsson hafi hafið störf hjá Mjólkurstöðinni í Reykjavík árið 1961 og unnið nær óslitið fyrir mjólkuriðnaðinn síðan. „Einar Sigurðsson tók við starfi forstjóra Mjólkursamsölunnar 1. maí á síðasta ári. Hann hafði verið forstjóri Árvakurs í tvö og hálft ár og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Capacent þar á undan,“ segir á vef kúabænda. - óká



**EINAR SIGURÐSSON**



**HÖFUÐSTÖÐVAR SJÓVÁR** Frestur til að skila inn tilboðum í tryggingafélagið Sjóvá rann út í gær. MARKAÐURINN/VILHELM

# Tilboðsfrestur liðinn

Frestur til að leggja fram óskuldbindandi tilboð í allan hlut SAT Eignarhaldsfélag og Íslandsbanka í Sjóvá rann út í gær. Um var að ræða allt hlutafé tryggingafyrirtækisins.

Söluferlið var opið öllum áhugasömum fjárfestum sem teljast fagfjárfestar og geta sýnt fram á eiginfjárstöðu umfram 500 milljónir króna.

Ekki lá fyrir í gær hversu margir höfðu sent inn tilboð. Farið verður yfir þau í viðurvist óháðs aðila og niðurstöður kynntar á næstu dögum, samkvæmt upplýsingum úr bankanum. - jab



**HÁSKÓLAREKTOR** Kristín Ingólfsdóttir tók við embætti rektors Háskóla Íslands af Páli Skúlasyni í júnílok 2005. MARKAÐURINN/STEFÁN

# Auglýst eftir rektor

Embætti rektors við Háskóla Íslands hefur verið auglýst laust til umsóknar.

Í auglýsingu háskólaráðs í Lögbirtingablaðinu kemur fram að það sé gert í samræmi við lög númer 85 frá 2008 um opinbera háskóla og sjöttu greinar númer 569 frá 2009 fyrir Háskóla Íslands.

Kristín Ingólfsdóttir hefur gegnt starfinu frá árinu 2005 og tók þá við af Páli Skúlasyni.

„Menntamálaráðherra skipar háskólarektor til fimm ára samkvæmt tilnefningu háskólaráðs,“ segir í auglýsingunni, en tilnefning háskólaráðs fer fram að undangengnum kosningum í háskólanum. „Miðað er við að rektorskjör fari fram 12. apríl næstkomandi.“ - óká



**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**187** milljarðar er heildarvelta á íslenska markaðnum í janúar.

**1** er hve mörg ár sem ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur starfað.

**13** milljarðar króna voru fluttir til landsins í gegnum félagið Aserta, sem nú sætir lögreglurannsókn vegna gruns um gjaldeyrissvik.

BANKAHÓLFIÐ

## Heimsyfirráð CCP

Flutningar standa nú yfir hjá netleikjafyrirtækinu CCP úti á Granda. Fyrirtækið hefur fjölgað starfsfólki verulega upp á síðkastið og þurft að dreifa úr sér. CCP var með efstu hæðirnar í Grandagarði 8 en hefur smám saman verið að taka þær neðri yfir. Teiknimyndafyrirtækið CAOZ og tengd fyrirtæki eru um þessar mundir að flytja út, ásamt almannatengslafyrirtækinu APPR, og mun komið undir annað þak. Sjóminjasafnið og heildverslunin Forval eru enn í húsinu og þykir spurning hvenær þau hverfa á braut. Óvíst er hvort húsið dugi CCP, sem tútnar út sem aldrei fyrr. Ef allt þrýtur er aldrei að vita nema fyrirtækið taki yfir varðskipið Óðin, sem liggur við bryggju handan við húsið.



## Engin kreppa

Og enn um CCP. Húsnæði fyrirtækisins þykir flott og fönkí, eins og sagt er. Gæði húsgagnanna sem verið er að flytja inn á neðri hæðir Grandagarðsins, sem fyrirtækið er að taka yfir, þykja í dýrari kantinum og benda til að kreppa sé eitthvað sem ekki hrjái CCP-liða um þessar mundir. Þótt fyrirtækið blómstri nú sem aldrei fyrr er hins vegar langt í frá að menn þekki ekki kreppu hjá CCP. Eins og margir muna lögðu elstu starfsmenn fyrirtækisins mikið á sig á fyrstu starfsárum þess og voru sumir í tveimur til þremur störfum til að geta búið til netleikinn EVE Online á lúsarlaunum – ef nokkrum – á næturnar.

## Blomkvist

Stuldur á upplýsingum er varða Milestone og tengda aðila og birtust í DV vöktu heilmikla athygli í byrjun vikunnar. Stuldurinn virtist í fyrstu ævintýralegur, jafnvel jaðra við að þjófarnir hafi haft snert af ofurmannlegri tækniþekkingu Lisbeths Salander í Millennium-þríleik Stiegs Larsson um ævintýri blaðamannsins Mikaels Blomkvist. Þegar nánar var að gáð reyndist svo ekki raunin. Í íslenska tilvikinu virðist sem um hreint og klárt innbrot að ræða auk þess að Blomkvist birti aldrei gögn, sem gætu hugsanlega spillt lögreglurannsókn.



UMHVERFISMERKI 176 021 Ræstingarþjónusta

# ISS Ísland með norrænu umhverfisvottunina Svaninn





Starfsfólki ISS Ísland er mikil ánægja að upplýsa að ræstingasvið ISS hefur hlotið norrænu umhverfisvottunina **Svaninn**.

**Svanurinn** er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum, með mikla útbreiðslu og traust meðal neytenda.

**Svansvottun ræstingaþjónustu ISS á að** tryggja fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum gæðaþjónustu, sem er **vistvænni** í framkvæmd**.**

Með því að **velja umhverfisvottaða þjónustu** stuðla viðskiptavinir okkar að því að efla **sjálfbæra þróun samfélagsins** þar sem komandi kynslóðir hafa jafna möguleika og við til að mæta þörfum sínum.

Með Svansvottun er tryggt að verkferlar ISS Ísland uppfylla ströngustu umhverfis- og gæðaskilyrði, og um leið hvetur ISS birgja sína til að bjóða vistvænar vörur sem uppfylla kröfu Svansins..

Við hjá ISS Ísland erum ákaflega stolt yfir þessum áfanga og hlakkar til að vinna að sífellt vistvænni framkvæmd í samstarfi við ánægða viðskiptavini og á þann hátt að leggja okkar lóð á vogarskálarnar að vistvænu atvinnulífi á Íslandi.





ISS

www.iss.is

SAMSUNG X520



SAMSUNG

*Á SKRIFSTOFUNA –HEIMA OG Í VINNUNNI*

*FARTÖLVA*

Aðeins 2,1 kg og Windows7

- 15.6" LED TFT 1366 x 768
- Intel Pentium örgjörvi
- 4 GB DDR3 og 320GB hdd
- DVD±RW (±R DL) / DVD-RAM
- 1.3 Mpixel vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium
- Talnaborð í fullri stærð

*VERÐ: 179.900,-*

*NÝR LITA LASER-PRENTARI*



SAMSUNG CLP-310

NÝR, NETTUR, HLJÓÐLÁTUR OG SKARPUR LASER LITA-PRENTARI

**Upplausn**: 2400 X 600 dpi
**Minni**: 32MB
**Hljóðmagn**: <49dB
**Stuðningur**: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
**Tenging**: USB 2.0

*VERÐ: 45.900,-*

SAMSUNG ML-2851ND



*LASERPRENTARI*

**Duplex og 10/100 netkort**

Prentar 28 bl. per. mín.
Fyrsta blaðsíða út eftir 8 sek.
1200x1200dpi upplausn
250 blaða pappírsbakki
Duplex prentun
USB 2.0, Parallel, Ethernet 10/100

*TILBOÐSVERÐ: 39.900,-*
*ÁÐUR KR: 54.900,-*

ORMSSON

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND**
**Tilboð 2 fyrir 1**
Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæðanudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantarnir 445 5000. Velkomin.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir. Upplýsingar í S: 891 6447 Óli

**NÝTT SPA - DREAM OASIS**
NUDD: Heilln.,Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbekkir. Símar 567-6666 og 862-0941.

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímapantanir Guðrún 695 5480.

## Ýmislegt

Orka, úthald, einbeiting, grenning, styrking. Vörur fyrir ytri og innri heilsu. Einnig frábærar húðvörur. Góðar leiðbeiningar og stuðningur. Abba s.8950181

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## Gefins

Svefnsófi og sjónvarp fæst gefins eftir klukkan 2 í dag. 5533959 Rósa

## Tilkynningar

**Slysavarnardeild kvenna í Reykjavík**

Aðalfundur deildarinnar verður haldinn fimmtudaginn 11. febrúar að Malarhöfða 6 (hús HSSR)

***Stjórnin***

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

**SFR – stéttarfélag óskar eftir sumarhúsum til leigu.**

SFR - stéttarfélag í almannaþjónustu óskar eftir sumarhúsum til framleigu fyrir félagsmenn sína sumarið 2010. Leitað er eftir sumarbústöðum eða íbúðum í góðu ásigkomulagi með áherslu á eftirtalda staði: Selfoss dreifbýli , uppsveitir suðurlands, Þjórsárdalur, Fljótshlíð, Flúðir, Vík, og Klaustur. Nauðsynlegt er að hafa þann möguleika fyrir hendi að leyfa gæludýr í húsunum.

Áhugasamir sendi upplýsingar til Önnu Dóru Þorgeirsdóttur verkefnastjóra SFR á netfangið dora@sfr.is fyrir 8. febrúar næstkomandi. Allar almennar upplýsingar verða að koma fram, s.s. almennt ástand eignarinnar, staðsetning, stærð, möguleikar á fjölda gesta, aldur eignar, aðstaða (heitir pottar og slíkt), lýsing á útivistarmöguleikum og afþreyingu í næsta umhverfi, o.s.frv. Myndir eru vel þegnar. ATH. lóðir og eignir verða að vera fullfrágengnar til að koma til greina.

Öllum tilboðum verður svarað.

## Atvinna

THORVALDSEN BISTRO - BAR - GRILL

Thorvaldsen bar auglýsir eftir **Yfirmatreiðslumanni** í fullt starf frá og með 1.mars. Mikil starfsreynsla og íslenskukunnátta skilyrði.

**UPPLÝSINGAR Í SÍMA 8660204. FRIÐRIK**

**Hvalfjarðarsveit auglýsir laust til umsóknar framkvæmdaeftirlit með nýbyggingu Heiðarskóla.**

Um er að ræða hlutastarf sem felst m.a. í eftirliti með framkvæmd verksins á grundvelli útboðsgagna og samninga, verkþáttaryni, vöktun á innra eftirliti verktaka, úttektum og stjórn reglulegra verkfunda.

**Framkvæmdin:**
Um er að ræða 2000m2 grunnskólabyggingu fyrir 130 nemendur. Byggingin er tveggja hæða að stærstum hluta, steinsteypt, en burðarvirki þaks er úr timbri og stáli. Reiknað er með að byggingin verði reist í einum áfanga, með fullfrágenginni lóð og að skólahald hefjist haustið 2011.
Reynslu af sambærilegum verkefnum er krafist og tækni- eða verkfræðimenntun er kostur. umsækjendur skil gögnum um starfsreynslu sína og menntun. Umsókn skal einnig fylgja lýsing á hugmyndum viðkomandi að tilhögun og nálgun verkefnisins.

**Allar nánari upplýsingar veitir** Skúli Lýðsson skipulags- og byggingarfulltrúi á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar í síma 4338500 og Arnheiður Hjörleifsdóttir formaður verkefnisstjórnar í síma 8916626.

**Frestur til að skila inn umsóknum um starfið er til 10. febrúar n.k.**

Umsóknir berist til Hvalfjarðarsveitar – merkt framkvæmdaeftirlit. Innrimel 3 301 Akranes.

HVALFJARÐAR SVEIT

## Dýrahald

**30-60% afsláttur**
af öllum gæludýrum og gæludýravörum. Fiskó Dalvegur 16A S:564-3364.

Gullfallegir hreinræktaðir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 690 8091. 123.is/viking

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Spánn stutt og langtímaleiga: Barcelona, Costa Brava, Andalusia, Menorca, Reykjavík 101, Flórída. www.starplus.is og www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

## Fyrir veiðimenn

Vatnsdalsá á Barðaströnd. Laus veiðileyfi í ágú. og sep. í lax og silung. Uppl. www.fluga.net og 664 7001.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Stúdíóíbúðir fullbúnar húsgögnum og herbergi til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Uppl. í s. 899 7004.

Studio 45sqm with everything - Langholtsvegur 137. S. 896 1039.

Til leigu 2ja herb íbúð í einbýli í Nbæ Hafnarfjarðar. Reyklaus, dýrahald óheimilt, laus strax, uppl 5551041 og 5905637.

Gott herb. til leigu í 101 Rvk. Rétt hjá Hallgrímskirkju. Húsg., intern., saml. bað og eldh. S. 692 1682.

Til leigu bóndabær í Flóahreppi. 160fm hús. Uppl. í s. 899 5863

Tveggja herbergja íbúð til leigu í Gnoðarvogi. Laus strax - upplýsingar í símum 8928672 og 8649113

Nýleg studióíbúð, 24m2 staðset miðsvæðis í Hafnarfirði „Flatarhrauni" við Iðnskólann. Eldhúskrókur og baðherbergi, húsaleigubætur fást á þessa íbúð „lögheimili" Sameiginlegt þvottahús á hæðinni m. þvottavél og þurrkara!! Upplýsingar í s:699-5595 milli 16:00 og 18:00.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu herbergi á svæði 104, sérinngangur og sérsnyrting, aðgangur að þvottavél og geymslu. Uppl. í s. 895 9702.

Herb. í 108 R. til leigu,stofa, baðh, eldh. sameiginl. með öðrum leigendum. Ískápur, þvottavél og internt. 35Þ. á mán. Uppl. í s: 692 8826.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Herbergi í Hraunbæ. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

## Húsnæði óskast

ALLAR GERÐIR FISKIBÁTA ÓSKAST
***Ókeypis skráning***
SKIPANAUST
SKIPA- OG HÚSANAUST ehf.
SKIPASALA
530-7200

Vantar húsnæði. Laun frá tryggingastofnun. Einungis einn mán fyrirfram. Greiðslug. frá 50-100 þús. S. 697 6027.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð á Reykjavíkursv. sem fyrst. Erum með hund. Uppl. í s. 893 4278.

Fimm manna fjölskylda óskar eftir að leigja hús eða góða íbúð í Kópavogi (svæði 200/201). S. 858 0156

Lítil íbúð óskast á leigu, til skemmri tíma hálf til ár sem næst Smáralind. S. 663 4929.

## Atvinnuhúsnæði



Frábær staðset. Til leigu 60m2 pláss á Malarhöfða hátt til lofts. S. 896 6621.

Geymslu, Lager og/eða Skrifstofuhúsnæði í Ármúla. 694 3113, leiga.armuli@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Gallerý fiskur
Starfólk óskast í afgreiðslu og þjónustustafa.
Reynsla skilyrði. Vinnutími frá 8-16 eða 9-17 og stundum lengur. Umsóknir sendist á galleryfiskur@galleryfiskur.is

**Bifreiðasmiður óskast**
Bílmálning ehf. óskar eftir bifreiðasmið Góð laun í boði. Umsóknir sendist á tjonaskodun@tjonaskodun.is. Uppl. í s 445 6480.

Veitingastaðurinn Saffran. Getum bætt við okkur vönum pizzabökurum í fullt starf og aukastarf. Umsóknir sendist á oddur@saffran.is

Leitum að kvk 18-30 ára í mjög vel launaða vinnu, engin reynsla eða menntun skilyrði en krafa er gerð um gott útlit. Uppl. á nuddstofa09@gmail.com

## Atvinna óskast

Þrítugur karlmaður, röskur, áreiðanlegur og duglegur óskar eftir vinnu. Hef meirapróf. En hvað sem er kemur til greina. S. 771 8058.

31.árs smiður með mikla reynslu óskar eftir vinnu. Get byrjað strax. Arnar S:8959502

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Símadömur 908 1616**
**Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!**

**Opið þegar þér hentar 908 1616.**

**Strákar spjallið við Evu**
S. 908 1010

## Fasteignir

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
*Leifur Aðalsteinsson, löggildur fasteignasali*

# TIL LEIGU

**Óskað er eftir leigutilboði í neðangreind húsnæði.**

### Stangarhylur 7, Reykjavík



Um það bil 435fm húsnæði á annarri hæð. Móttaka, búningsklefar og sturtur á fyrstu hæð. Stór æfingarsalur, minni æfinga svæði, salerni og kaffi aðstaða á annarri hæð. Einnig mjög gott 464fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð með innkeyrsludyrum. Góð lofthæð (ca 3.70m) Næg bílastæði og gott aðgengi.

### Bæjarlind 14-16, Kópavogi



Skrifstofuhúsnæði á 3ju hæð (efstu). Húsnæðið er með glugga á 4 vegu, glæsilegt útsýni. Í sama húsnæði á annarri hæð eru til leigu ca 10 fm og ca 50 fm skrifstofuherbergi. Sameiginleg kaffiaðstaða og snyrting.

### Skeiðarás 3, Garðabær



Lager eða verkstæðishúsnæði , 504 fm sem hentar vel fyrir ýmsan iðnað eða verkstæði. Mjög gott útisvæði er við húsið.

### Lyngás 12, Garðabær



Mjög gott 125 fm atvinnuhúsnæði, tvennar innkeyrsludyr, 2,70 m á breidd, 2,80 m á hæðina, lofthæð 3,80 m, 4,40 m undir mæni.

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FRÁBÆRT VERÐ Í BÓNUS
698
KR.KG
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
598
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1698
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
BÓNUS
Kjúklingur
Kjúklingalundir
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR/FILET
FROSINN FISKUR Í BÓNUS
STEINBÍTSBITAR
698
KR.KG
NN STEINBÍTUR ROÐ OG BEINLAUS
898
KR.KG
NN ÝSUBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR
FISK
698
KR.KG
K.S LÉTTSALTAÐIR ÞORSKBITAR
TILBOÐ
KJÖTFARS
398
KR.KG
K.F NÝTT KJÖTFARS
598
KR.STK
K.F FROSIÐ NAUTAHAKK 620g
BÓNUS
100% HREINN SAFI
149
KR. 3 FERNUR
BÓNUS 100 % HREINN SAFI 3 X 250ml
EPLA EÐA APPELSÍNU
Majskorn • Maissinjyviä • Sweetcorn
EURO SHOPPER
100 ÞÚS DÓSIR Í BOÐI
39
KR.DS
EUROSHOPPER MAISKORN Í DÓS 340g
Best fyrir júlí 2010
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

**BUDDY HOLLY LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1959.**

*„Dauðinn er oft sagður góður fyrir framann.“*

***Buddy Holly var bandarískur söngvari og lagahöfundur og einn af frumkvöðlum rokksins. Hann sló fyrst í gegn með laginu That'll Be the Day sem hann tók upp með hljómsveit sinni The Crickets árið 1957. Hann lést í flugslysi árið 1959.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 3. FEBRÚAR ÁRIÐ 1966

## *Lunik 9 lendir á tunglinu*

Þennan dag árið 1966 stýrðu Sovétmenn ómönnuðu geimfari að nafni Lunik 9 inn til lendingar á svæði sem nefnist Vindahafið á tunglinu.

Eftir lendinguna opnaðist á farinu hringlaga hylki þannig að úr varð loftnet og farið hóf að senda ljósmyndir og sjónvarpsefni til jarðarinnar. Svæðið sem hægt var að skoða var vestan megin við gígana Reiner og Marius og var þetta í fyrsta sinn sem mátti sjá tunglið frá yfirborði þess. Þá voru sjö útvarpssendingar sendar sem samtals voru rúmlega átta klukkustunda langar.

Farinu, sem vó um 100 kíló, var skotið frá jörðu 31. janúar en Lunik 9 var þriðja stóra tunglferðin í geimáætlun Sovétríkjanna.

Lunik 2 var fyrsti manngerði hluturinn til að ná til tunglsins þegar hann skall á yfirborði þess 14. september árið 1959. Lunik 3 flaug umhverfis tunglið 7. október sama ár og sendi aftur til jarðar fyrstu myndirnar af myrku hlið tunglsins.



### MERKISATBURÐIR

**1517** Tyrkjaveldi nær Kaíró á sitt vald.

**1605** Víkurkirkja í Reykjavík er vígð af Stefáni Jónssyni Skálholtsbiskupi.

**1815** Fyrsta ostabúið tekur til starfa í Sviss.

**1951** Dick Button vinnur bandaríska meistaramótið í listhlaupi á skautum, fjórða sinn í röð.

**1981** Síðasti torfbærinn, Litla-Brekka við Suðurgötu í Reykjavík, er rifinn. Þar bjó Eðvarð Sigurðsson alþingismaður.

**1991** Fárviðri gengur yfir Ísland og verður mikið eignatjón. Sterkasta vindhviðan var 237 km/klst og mældist hún í Vestmannaeyjum.

### AFMÆLI



**Henning Mankell** rithöfundur er 62 ára.



**Isla Fisher** leikkona er 34 ára.



**Warwick Davis** leikari er fertugur.



**Nathan Lane** leikari er 54 ára.

**NANNA BRIEM:** FJALLAR UM SIÐBLINDU OG BIRTINGARMYNDIR HENNAR

# Siðblindir í röðum stjórnenda

Geðlæknirinn Nanna Briem flytur erindi um einkenni siðblindu og hvaða tækjum geðlæknisfræðin er búin til greiningar á henni, á hádegisfundi í Háskólanum í Reykjavík í dag. Þar vísar hún meðal annars í fullyrðingar breskra sálfræðinga um að siðblinda hafi orðið fyrirtækjum á borð við Enron að falli.

„Í fyrri hluta erindisins mun ég fjalla um siðblindu, hvað einkennir hana og hvar hana er að finna en í seinni hlutanum styðst ég við hugmyndir tveggja sálfræðinga sem hafa stundað rannsóknir á siðblindu. Annar þeirra er Robert Hare, prófessor í sálfræði við University of Colombia. Hann er höfundur greiningartækisins Psychopathy Checklist (PCL) og hefur bent á það að siðblindir finnist ekki aðeins í fangelsum heldur alls staðar í samfélaginu. Hinn sérfræðingurinn er vinnusálfræðingurinn Paul Babiak en saman hafa þeir skrifað bókina Snakes in Suits: When Psychopaths Go to Work. Bókin fjallar um siðblindu í fyrirtækjum og hvernig stendur á því að siðblindir einstaklingar séu ráðnir, haldi vinnunni og nái jafnvel að vinna sig upp í áhrifastöður.“

Greiningartæki Hare er skipt í tvennt. Sum einkenni lýsa tilfinningalífi og samskiptum en önnur andfélagslegum lífsstíl. „Þeir sem skora hærra á andfélagslega sviðinu eru líklegri til að missa stjórn á sér, vera ofbeldisfullir og lenda á bak við lás og slá en þeir sem skora hátt á tilfinninga- og samskiptasviðinu geta frekar leynst í samfélaginu. Siðblindir eru samviskulausir og ófærir um að setja sig í spor annarra en þeir sem eru klárir eiga margir auðvelt með að kveikja á persónutöfrunum, ráðskast með fólk og komast jafnvel til áhrifa.“

Þeir Babiak og Hare hafa skoðað tíðni siðblindu hjá stjórnendum fyrirtækja og niðurstöður þeirra benda til þess að hún sé tvisvar til þrisvar sinnum meiri en í almennu þýði. Þeir halda því fram að ákveðnir einstaklingar sem tengjast Enron-málinu hafi verið með einkenni siðblindu. Þeir telja mikilvægt að fyrirtæki skimi fyrir einkennum hennar til að koma í veg fyrir margvísleg vandamál. Nanna segir þá félaga hafa komist að því að ákveðin fyrirtæki laði frekar til sín siðblinda einstaklinga. „Þetta eru oft fyrirtæki þar sem framgangan er hröð, lagt er upp úr háum bónusum og gróða. Eftirliti er oft ábótavant og á meðan starfsmennirnir græða er jafnvel litið framhjá því hvaða aðferðum þeir beita,“ segir Nanna. Hún segir siðblinda hins vegar eiga erfiðara uppdráttar í fyrirtækjum með meira eftirlit.

Nanna gerir ráð fyrir því að á Íslandi leynist siðblindir einstaklingar í fyrirtækjum eins og annars staðar. „Ef umhverfið í fyrirtækjum er eða hefur verið með fyrrgreindum hætti kann vel að vera að einhverjir þeirra hafi komist til áhrifa. Ég vil þó ekki halda því fram að þeir séu undirrót þess vanda sem við glímum við. Þetta er bara innlegg í umræðuna og ef til vill ein af mörgum skýringum.“ Fyrirlestur Nönnu fer fram í stofu 101 og hefst klukkan 12.10. **vera@frettabladid.**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SIÐBLINDIR GETA KOMIST TIL ÁHRIFA** Sé eftirliti ábótavant innan fyrirtækja eru meiri líkur á að siðblindir komist til áhrifa, að sögn Nönnu.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Una Herdís Gröndal**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 29. janúar sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðrún G. Gröndal**
**Jón Halldór Jónasson**
**Össur Ingi Jónsson**
**Hjálmar Snorri Jónsson**
**Sveinbjörn Össur Gröndal**
**Þóra Jónsdóttir**
**Ásgrímur Karl Gröndal**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Rósa Eiríksdóttir**

frá Dagsbrún,

andaðist á hjúkrunardeild Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað, þriðjudaginn 26. janúar. Jarðsungið verður frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 14.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Elísabet Kristinsdóttir**
**Þórdís Kristinsdóttir**
**Kristinn Pétursson**


†

*Æviminning*

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**



† Gísli Eiríkur Helgason
Trésmíðameistari

Gísli Eiríkur Helgason fæddist í Reykjavík 1. janúar 1931. Hann lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 12. janúar síðastliðinn. Foreldrar hans voru Guðrún Jónsdóttir frá Þingeyri í Dýrafirði f. 1917, d. 1988, og Helgi Gíslason frá Ísafirði, f. 1915, d. 1970. Gísli Eiríkur bjó fyrstu æviár sín í Reykjavík en fluttist eftir það vestur til Ísafjarðar með foreldrum sínum og systkinum.

Systkini Gísla Eiríks eru Jón Hannes, f. 1933, Sigríður Ása, f. 1936 og Guðmundur, f. 1941.

Eiginkona Gísla Eiríks er Margrét Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur, f. 4. apríl 1937. Þau gengu í hjónaband árið 1960. Börn Gísla Eiríks og Margrétar eru: 1) Magnús kennari, f. 1.5. 1972, kvæntur Guðbjörgu Björnsdóttur kennara, f. 30.11. 1971. Börn þeirra eru Margrét, f. 17.2. 1997 og Björn Jóhann, f. 20.1. 1999. 2) Helgi tæknifræðingur, f. 18.6. 1975, í sambúð með Jórunni Dröfn Ólafsdóttur leikskólakennara, f. 15.2. 1975. Þeirra dóttir er Þórunn Ásta, f. 24.12. 2001. 3) Guðrún læknir, f. 14.11. 1979, í sambúð með Þór Halldórssyni stjórnmálafræðingi, f. 6.6. 1980.

Gísli Eiríkur lauk skyldunámi á Ísafirði en hélt suður til Reykjavíkur 17 ára gamall til að nema húsasmíði. Húsasmíðar urðu ævistarf hans. Framan af starfsævinni vann hann á Trésmíðaverkstæðinu Furu en eftir að hafa fengið meistararéttindi í iðn sinni stofnaði hann sitt eigið fyrirtæki, Gísli, Eiríkur, Helgi, sem hann átti og rak þar til fyrir fáeinum árum.

Stangveiði var aðaláhugamál Gísla Eiríks alla tíð og sinnti hann meðal annars trúnaðarstörfum fyrir Stangveiðifélag Reykjavíkur.

*Útför Gísla Eiríks fer fram í dag kl. 13.00 í Fossvogskirkju.*


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.** Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur og bróðir,*

**Dr. Karl-Ulrich Müller**

sendiherra Þýskalands á Íslandi,

lést laugardaginn 23. janúar. Útför hans fer fram í Þýskalandi.

**Augusta Opfermann Müller**
**Balthasar Müller**
**Anna Philippa Müller**
**Friedel Müller**
**Arndt Müller**
**Hartwig Müller**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Guðrún Eiríksdóttir**

Skarðshlíð 10b, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 22. janúar sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.

**Eiríkur Ragnarsson**
**Kristín R. Trampe**
**Jón Ragnarsson**
**Þórdís R. Trampe**
**Halla Björk Ragnarsdóttir**
**Bjarney Sveinbjörnsdóttir**
**Anna Marý Jónsdóttir**
**Ari Albertsson**
**Bergur Júlíusson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**



**PERLA** Nikulás litli var langvinsælasta kvikmyndin í Frakklandi í fyrra.

# Frönsk kvikmyndahátíð teygir sig til Akureyrar

Í tilefni af því að nú í janúar var franska kvikmyndahátíðin haldin í tíunda sinn í Reykjavík mun hún teygja sig til Akureyrar. Valdar myndir af hátíðinni í Reykjavík verða sýndar í Borgarbíó dagana 6. til 10 febrúar næstkomandi.

Fjölskyldumyndin Nikulás litli (Le Petit Nicolas) er opnunarmynd hátíðarinnar, en hún sló rækilega í gegn á kvikmyndahátíðinni í Reykjavík og laðaði jafnframt til sín fleiri en fimm milljónir áhorfenda í Frakklandi.

Franska kvikmyndahátíðin mun jafnframt setja svip sinn á bæjarlífið með ýmsum hætti. Meðal annars verður frönskum bókmenntum og kvikmyndum gert hátt undir höfði á bókasafninu og á veitingastaðnum Strikið verður boðið upp á franskan matseðil og ljósmyndasýningu.

Þess má geta að sendiherra Frakklands, Caroline Dumas, og Alan Bones, sendiherra Kanada, munu opna kvikmyndahátíðina í Borgarbíói 5. febrúar klukkan 19.15. Hátíðin er skipulögð af franska sendiráðinu, kanadíska sendiráðinu, Alliance Française og Senu, í samstarfi við Borgarbíó, Græna ljósið, Akureyrarstofu, Strikið, Kvikyndi og Amtsbókasafnið á Akureyri. **- rve**

# Öskupokakvöld í Iðusal

Öskupokakvöld styrktarfélagsins Sóleyjar og félaga verður haldið í Iðusal í Lækjargötu í kvöld klukkan 18, en félagið styður heimilislaus börn í Tógó.

Bragi Ólafsson rithöfundur les upp úr verkum sínum, Ingveldur Ýr Jónsdóttir messósópran syngur nokkur lög og boðið verður upp á veitingar. Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona verður kynnir kvöldsins.

Þá verða saumaðir öskupokar en ágóði af sölu þeirra rennur í byggingasjóð Sóleyjar og félaga og eru saumaklúbbar þegar farnir að sauma öskupoka fyrir félagið. Einn þeirra hengdi öskupoka á matreiðslumanninn Úlfar Eysteinsson þar sem hann stóð fyrir utan Þrjá frakka.

Nánari upplýsingar er að finna á síðunni www.soleyogfelagar.is. **- rat**



Matreiðslumaðurinn Úlfar skreyttur öskupokum. MYND/SÓLEY OG FÉLAGAR

---



†

*Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Þorgilsson**

kennari, Gnoðarvogi 76,

lést að morgni 30. janúar.

**Helga Karlsdóttir**
**Örn Guðjónsson** **Sigurósk Garðarsdóttir**
**Guðmundur Karl Guðjónsson** **Margrét Gísladóttir**
**Vilhjálmur Guðjónsson** **Louisa Einarsdóttir**
**Ásdís Guðjónsdóttir**
**Ásgeir Guðjónsson** **Arna Sæmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Birna Björnsdóttir**

Ægisgötu 15, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð að morgni sunnudagsins 31. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 11. febrúar kl. 13.30.

**Axel Jóhannesson**
**Ásdís Axelsdóttir Colbe** **Anker Colbe**
**Björn Þröstur Axelsson** **Anna Halldóra Karlsdóttir**
**Steingerður Axelsdóttir**
**Jóhannes Axelsson** **Sigrún Arnsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Yndislegur sonur okkar, bróðir, vinur og barnabarn,*

**Orri Ómarsson**

Breiðvangi 46, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 30. janúar. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 8. febrúar kl. 13.00.

**Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir** **Ómar Ingi Bragason**
**Bragi Ómarsson**
**Guðrún Árnadóttir** **Einar Guðmundsson**
**Aðalheiður Aðalsteinsdóttir** **Bragi Bjarnason**

---



†

**Helga Guðjónsdóttir**

lést á Droplaugarstöðum 28. jan. sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Hanna Kristín Brynjólfsdóttir**
**Úlfar Brynjólfsson** **Rósa Aðalsteinsdóttir**
**Guðrún Bjarnadóttir** **Geir Þórólfsson**
**Ragnheiður Brynjólfsdóttir** **Jón Þorkell Rögnvaldsson**

---



†

*Elsku hjartans kona mín, móðir okkar, dóttir, systir og tengdadóttir,*

**Erla Magnúsdóttir**

Lækjarseli 11, 109 Reykjavík,

lést miðvikudaginn 27. janúar. Útförin fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 13.00.

**Stefán Benediktsson**
**Inga Lára Stefánsdóttir**
**Ásta Margrét Stefánsdóttir**
**Benedikt Stefánsson**
**Birta Stefánsdóttir**
**Sandra Líf Stefánsdóttir**
**Magnús Theodórsson** **Ástríður Ingadóttir**
**Gunnar Magnússon** **Salóme Huld Garðarsdóttir**
**Benedikt Stefánsson** **Margrét Árnmarsdóttir**

---



†

*Elskuð eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Aðalbjörg Jónsdóttir**

frá Fremstafelli í Köldukinn,

andaðist sunnudaginn 31. janúar 2010 á sjúkradeild Hornbrekku í Ólafsfirði. Útför hennar verður gerð frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 6. febrúar klukkan 14.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Þórir Jónsson.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,*

**Kristján Frímannsson**

Grenilundi, Grenivík,

lést 28. janúar. Útför hans fer fram frá Grenivíkurkirkju laugardaginn 6. febrúar kl. 13.30.

**Frímann Kristjánsson**
**Helga Laufey Kristjánsdóttir**
**Adolf Kristjánsson**
**afa- og langafabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, bróðir, tengdasonur og frændi,*

**Gunnlaugur Nielsen**

Skógarlundi 10, Garðabæ,

lést föstudaginn 22. janúar. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ fimmtudaginn 4. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á MND félagið.

**Friðný Heiða Þórólfsdóttir**
**Guðný Nielsen**
**Þórólfur Nielsen** **Lára Hannesdóttir**
**Þorsteinn Jökull Nielsen**
**Áslaug G. Nielsen**
**Kristín Theodóra Nielsen** **Jón Alfreðsson**
**Vilhelmína Nielsen** **Guðmundur H. Jóhannesson**
**Þóra Lind Nielsen**
**Axel Emil Nielsen** **Jóhanna Á. Sigurðardóttir**
**Hjalti Nielsen** **Elín Björg Smáradóttir**
**Þórólfur Jónsson**
**Hallfríður Gunnlaugsdóttir** **Bjarni Þorsteinsson**
**og systkinabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalheiður R. Benediktsdóttir**

áður Naustahlein 4, Garðabæ,

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 1. febrúar sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Unnur Pálsdóttir**
**Rúnar Pálsson**
**Sævar Pálsson**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elín Svava Sigurðardóttir**

Skaftahlíð 42,

lést sunnudaginn 31. janúar. Jarðarför auglýst síðar.

**Bergsteinn Ragnar Magnússon** **Else M. Magnússon**
**Ragnhildur Magnúsdóttir** **Kristinn Eymundsson**
**Sigrún Magnúsdóttir**
**Magnús Svavar Magnússon** **Hafdís Magnúsdóttir**
**Margrét Halla Magnúsdóttir** **Hafsteinn Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

IÐNÓ
TILBRIGÐI VIÐ STEF
eftir Þór Rögnvaldsson Stef: Hin sterkari eftir Strindberg
Næstu sýningar: 4/2, 6/2, 11/2, 14/2, 21/2, 25/2, 27/2 – kl. 20
Fbl.★★★★★ Elísabet Brekkan *Klassískt verk fullt af leikgleði.*
Mbl. ★★★ Ingibjörg Þórisdóttir *Leikstjóranum Ingu Bjarnason tekst vel upp enda enginn nýgræðingur í faginu.*
Sími: 562 9700 kl. 11–16 og tveim tímum fyrir sýningu – www.midi.is




# Grunaður um karlrembu

**BAKÞANKAR Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Maður fær enga forgjöf lengur á Spáni fyrir það að vera Íslendingur. Það er einn af kostunum við nýja Ísland. „Svo þú ert Íslendingur," sagði Juan á bæjarskrifstofu Zújar þegar ég var að gera grein fyrir búsetu minni þar í bæ með þar til gerðum pappírum. Síðan spurði hann hvort Eyjólfsson væri móðurnafn mitt. „Nei það er föðurnafnið," svaraði ég. „Nú er Sigurður þá móðurnafnið?" Ég útskýrði fyrir honum að við Íslendingar tækjum venjulega ekki eftirnafn frá móður líkt og Spánverjar. „Eruð þið svona miklar karlrembur?"

**MÉR** þótti þessi aðfinnsla hjá honum til marks um breytt viðhorf Spánverja í garð Íslendinga. Áður var ég borinn á höndum þegar ég greindi frá þjóðerni mínu hér syðra. Hófst þá venjulega spænskur lofsöngur um Sigur Rós, Björk og einstaka sinnum um Eið Smára. Það var líka eins og Spanjólarnir væru upp með sér að Íslendingur sýndi af sér þá auðmýkt að yfirgefa allsnægtirnar í þessu forríka fyrirmyndarlandi og drífa sig á Íberíuskagann til að borða af sama brauði og spænskur lýður.

**ÞÁ** voru mér allar dyr opnar en svo sat ég skyndilega í eins konar yfirheyrslum, grunaður um karlrembu. Ég varðist þó ásókn Juans fimlega og minntist á Vigdísi Finnboga, Kvennalistann og að allir handhafar forsetavalds væru konur.

**ÉG** var við það að sannfæra hann um hvað við værum mikil kvenfrelsisþjóð þegar hann spurði hvort íslenskan væri fallegt tungumál. Svaraði ég játandi og því til staðfestingar þuldi ég Þorraþrælinn. Hinn sjálfmiðaði Spánverji vildi hins vegar annað sýnishorn. „Hvernig segir maður „español" á íslensku?" spurði hann. „Spánverji" segi ég á minni ylhýru. „En española?" spyr hann þá.

**ÞÁ** voru góð ráð dýr. Ég var við það að hringja í Steinunni Valdísi en hún fann ekki einu sinni kvenkynsorð fyrir ráðherra svo varla fyndi hún neitt fyrir Spánverja. Baráttunni við Juan lauk síðan yfir björglasi á barnum. Var oft hart tekist á en síðan skildum við í mesta bróðerni, staðráðnir í því að taka upp þráðinn aftur við fyrsta hentugleika.

**ÞAÐ** var ekki svona auðvelt að finna drykkjufélaga á Spáni í þá daga þegar Ísland var forríka fyrirmyndarríkið og hin þunglyndislega Sigur Rós blés spænskum viðhlæjendum anda í brjóst.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið



**ÓLAFUR REYNIR GUÐMUNDSSON** Semur rómantísk píanóverk og pælir í Hruninu.

# Dreymandi píanó í Grafarholti

**Ólafur Reynir Guðmundsson heldur námskeið um bresti í innviðum ríkisins stuttu eftir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kemur út. Í hádeginu í dag heldur hann hins vegar tónleika í Guðríðarkirkju í Grafarholti og leikur þar eigin tónsmíðar.**

„Þetta eru fremur einföld klassísk verk, dreymandi í síðrómantískum stíl en þó nútímaleg um leið, vona ég. Mörg eru ef til vill styttri en fólk á að venjast,“ segir Ólafur Reynir Guðmundsson lögfræðingur.

„Þegar ég var við nám í Boston byrjaði ég að semja kyrrlátar melódíur og finnst gaman að leita uppi tóna sem líður vel saman. Svo rabba ég um verkin á milli laga. Þeir Davíð Ólafsson og Stefán Stefánsson óperusöngvarar taka líka lagið.“

Ólafur Reynir er með burtfararpróf í píanóleik og var kennari hans Rögnvaldur Sigurjónsson. Ólafur er lögfræðingur og með gráðu í stjórnun frá Harvard. Hann fór úr starfi í norska fjármálageiranum og flutti til Íslands í október. Hann starfar hjá Samtökum verslunar og þjónustu.

Um miðjan mars, stuttu eftir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis kemur út, verður Ólafur Reynir með námskeið við Endurmenntun HÍ sem ber heitið „Brestir í innviðum ríkisins“.

„Þar ætla ég að fjalla um hvað kemur í veg fyrir að ríkið nær sjaldan að taka hina bestu mögulegu ákvörðun hverju sinni, það er með tilliti til almannahagsmuna. Raunar fjöllum við um hvað það sé í yfirbyggingunni sem verður til þess að kerfinu mistekst að ná markmiðum sínum. Til að skýra vanhæfi ríkisins þá berum við það enn fremur saman við rekstur einkafyrirtækis og fáum þannig skemmtilegan samanburð,“ segir hann.

Ólafur Reynir á ekki von á að sameina þetta tvennt, tónlistina og pælingar um ríkið. „Ég veit ekki hvernig slíkt verk myndi hljóma. Ég á reyndar nokkrar fremur þungar melódíur en ég efast um að ég treysti mér til að semja tónverk upp úr skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Það myndi líklega verða svolítið tyrfið.“

- drg


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

**Brennuvargarnir** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 5/2 | kl. 20:00 | U | Fim 18/2 | kl. 20:00 Síðasta sýn. | U |
| Mið 17/2 | kl. 20:00 | U | Mið 24/2 | kl. 20:00 Aukas. | Ö |

„Besta leiksýning ársins“ MBL, IÞ. Aukasýning 24. febrúar komin í sölu!

**Oliver!** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 6/2 | kl. 15:00 | U | Sun 28/2 | kl. 15:00 | U | Sun 21/3 | kl. 15:00 | Ö |
| Lau 6/2 | kl. 19:00 | U | Sun 28/2 | kl. 19:00 | Ö | Sun 21/3 | kl. 19:00 | Ö |
| Sun 14/2 | kl. 15:00 | U | Sun 7/3 | kl. 15:00 | Ö | Lau 27/3 | kl. 15:00 | Ö |
| Sun 14/2 | kl. 19:00 | Ö | Sun 7/3 | kl. 19:00 | Ö | Lau 27/3 | kl. 19:00 | |
| Sun 21/2 | kl. 15:00 | U | Sun 14/3 | kl. 15:00 | U | Sun 28/3 | kl. 15:00 | |
| Sun 21/2 | kl. 19:00 | Ö | Sun 14/3 | kl. 19:00 | Ö | | | |

Oliver! ★★★★ MBL, GB. Nýjar sýningar komnar í sölu.

**Gerpla** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12/2 | kl. 20:00 Frums. | U | Fim 25/2 | kl. 20:00 Aukas. | U | Fös 5/3 | kl. 20:00 7. K | Ö |
| Lau 13/2 | kl. 20:00 2. K | U | Fös 26/2 | kl. 20:00 5. K | Ö | Lau 6/3 | kl. 20:00 8. K | Ö |
| Fös 19/2 | kl. 20:00 3 K | Ö | Lau 27/2 | kl. 20:00 6. K | Ö | Fim 11/3 | kl. 20:00 | Ö |
| Lau 20/2 | kl. 20:00 4. K | U | | | | | | |

Miðasala hafin – tryggið ykkur sæti á fyrstu sýningar!

**Fíasól** (Kúlan)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13/3 | kl. 15:00 Frums. | U | Lau 27/3 | kl. 13:00 | U | Sun 11/4 | kl 15:00 | U |
| Sun 14/3 | kl. 13:00 | U | Lau 27/3 | kl. 15:00 | U | Lau 17/4 | kl 13:00 | |
| Sun 14/3 | kl. 15:00 | U | Sun 28/3 | kl. 13:00 | U | Lau 17/4 | kl 15:00 | |
| Lau 20/3 | kl. 13:00 | U | Sun 28/3 | kl 15:00 | U | Sun 18/4 | kl 13:00 | |
| Lau 20/3 | kl. 15:00 | U | Lau 10/4 | kl 13:00 | U | Sun 18/4 | kl 15:00 | U |
| Sun 21/3 | kl. 13:00 | U | Lau 10/4 | kl 15:00 | U | | | |
| Sun 21/3 | kl. 15:00 | U | Sun 11/4 | kl 13:00 | U | | | |

Sprellfjörug sýning um gleðisprengjuna ómótstæðilegu!

„Besta leiksýning ársins“ Mbl., IÞ
BRENNUVARGARNIR










# Avatar og The Hurt Locker með flestar tilnefningar

**Stórmyndin Avatar og spennumyndin The Hurt Locker fengu flestar tilnefningar til Óskarsverðlaunanna í ár, eða níu talsins. Næst á eftir kom stríðsópus Quentins Tarantino, Inglorious Basterds, með átta tilnefningar.**

Alls voru tíu kvikmyndir tilnefndar sem besta mynd ársins og er það í fyrsta sinn síðan 1943 sem sá háttur er hafður á hjá Óskarsakademíunni. Auk hinna þriggja ofantöldu mynda voru tilnefndar geimverutryllirinn District 9, teiknimyndin Up, The Blind Side, Up in the Air með George Clooney í aðalhlutverki, A Serious Man eftir Coen-bræður, An Education og Precious.

Athygli vekur að í flokkunum besta myndin og besti leikstjórinn keppa hjónin fyrrverandi James Cameron (Avatar) og Kathryn Bigelow (The Hurt Locker). Það verður einnig forvitnilegt að sjá hvort Cameron endurtaki leikinn frá síðustu mynd sinni Titanic sem rakaði til sín ellefu Óskarsverðlaunum árið 1998, þar á meðal fyrir bestu mynd og leikstjórn.



**AVATAR** Kvikmyndin Avatar fékk níu tilnefningar til Óskarsverðlaunanna, rétt eins og The Hurt Locker.

**FLESTAR TILNEFNINGAR:**

9 - Avatar og The Hurt Locker
8 - Inglourious Basterds
6 - Precious og Up In the Air
5 - Up
4 - Dictrict 9, Nine og Star Trek
3 - An Education, Crazy Heart, The Princess and the Frog og Queen Victor

Þeir fjórir leikarar sem hafa sópað til sín verðlaunum að undanförnu voru allir tilnefndir til Óskarsins. Sandra Bullock fyrir aðalhlutverk sitt í The Blind Side, Jeff Bridges fyrir myndina Crazy Heart, Mo´nique fyrir aukahlutverk sitt í Precious og hinn austurríski Christoph Waltz fyrir frammistöðu sína í Inglorious Basterds. Beri þau sigur úr býtum 7. mars næstkomandi verða það fyrstu Óskarsverðlaun þeirra allra.

Auk Bullock voru tilnefndar fyrir aðalhlutverk Óskarsverðlaunahafarnir Meryl Streep og Helen Mirren ásamt nýliðunum Carey Mulligan og Gabourey Sidibe. Í karlaflokki voru tilnefndir auk Bridges þeir George Clooney, Colin Firth, Jeremy Renner og Morgan Freeman, sem fékk þarna sína fimmtu tilnefningu.

Þrátt fyrir að The Hurt Locker hafi fengið níu tilnefningar var hún ekki tilnefnd fyrir listræna stjórnun. Karl Júlíusson, sem hannaði leikmyndina, fær því ekki tækifæri til að ganga eftir rauða dreglinum í þetta sinn. Annar Íslendingur kemur þó við sögu þegar Óskarinn er annars vegar því Karl Örvarsson var í hljómsveitinni sem spilaði tónlistina sem hljómar í Sherlock Holmes. Karl hefur undanfarin ár starfað með Hans Zimmer, sem er tilnefndur fyrir tónlistina í myndinni.

# Bók Ramsays á íslensku í haust

Bókaútgáfan Opna hefur gengið frá samningi við sjónvarpskokkinn Gordon Ramsay um útgáfu á bók hans, World Kitchen, á íslensku í haust.

„Við höfum verið að kanna hvort við fáum hann hugsanlega til að koma hingað í tengslum við útgáfu bókarinnar. Það er ekki frágengið enn þá en það væri draumurinn,“ segir Sigurður Svavarsson hjá Opnu. Bókin er nýkomin út á heimsvísu og hefur hún fengið góðar viðtökur.

„Hún þykir mjög pottþétt. Þó að sumir sjái hann [Ramsay] sem sjónvarpsmann og stundum dálítið grófan og orðljótan þá er hann algjör meistarakokkur og aðrir kokkar bera honum mjög vel söguna. Það er líka mjög auðvelt að elda upp úr bókunum hans,“ segir Sigurður. „Þarna geta menn farið í taílenskan mat eða ítalskan eða franskan mat og alla þessa helstu matargerðarskóla. Menn geta farið í ýmsa tilraunastarfsemi með það en líka þessa rétti sem öllum finnst þeir þurfa að geta eldað úr viðkomandi landi, svona lykilrétti.“

Sigurður og félagar hjá Opnu ákváðu að ráðast í útgáfu bókarinnar eftir miklar vinsældir hinnar endurútgefnu Matur og drykkur eftir Helgu Sig frá árinu 1954. Hún var á meðal söluhæstu bóka síðasta árs, sem er óvenjulegt þegar um endurútgáfu er að ræða. - fb



**NÝ MATREIÐSLUBÓK** Sigurður Svavarsson með matreiðslubók Helgu Sig. Næst á dagskrá er ný bók frá Gordon Ramsay sem gæti hugsanlega verið á leiðinni til Íslands á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40, 8 og 10.20 | 12 |
| SKÝAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... 3D | kl. 3.50 - Ísl. tal | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 7 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| MAMMA GÓ GÓ | kl. 4 | 10 |
| AVATAR 3D | kl. 6 og 9 | 10 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE BOOK OF ELI | kl. 8D - 10:30D | 16 |
| WHERE THE WILD THINGS ARE | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | 7 |
| UP IN THE AIR | kl. 8 - 10:20 | L |
| PLANET 51 M/ ísl. Tali | kl. 5:50D | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | L |

já -er svarið NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CARMEN Ópera endurflutt | kl. 6 | 16 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 5:50D - 8:10D - 10:40D | 12 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5:30 - 8 - 10:10 | 12 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:30 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CARMEN Ópera | kl. 6 | L |
| THE BOOK OF ELI | kl. 10 | 16 |
| BJARNFREÐARSON | kl 5:40 | L |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 10:30 | 12 |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| IT´S COMPLICATED LÚXUS | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 3.40 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| DYHAT MORGANS | kl. 8 - 10.20 | 7 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 4.40 - 8 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 5.50 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AVATAR 3D | kl. 8 | 10 |
| NIKULÁS LITLI www.graenaljosid.is | kl. 6 - 8 - 10 Íslenskur texti | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| CLOUDY WITH MEATBALLS 2D | kl. 5.50 - 8 - 10.10 enskt tal | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 5.50 íslenskt tal | L |
| HARRY BROWN | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| THE ROAD | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR 2 | kl. 6 íslenskt tal | L |
| JULIE & JULIA | kl. 5.30 - 8 - 10.35 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | kl. 6 | L |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | 7 |
| AVATAR 2D | kl. 8 | 10 |





**KEITH RICHARDS** Gítarleikari Rolling Stones ætlar ekki að gefa sígaretturnar upp á bátinn.

# Hættir ekki að reykja

**Þrátt fyrir að Keith Richards, gítarleikari Rolling Stones, sé hættur að drekka í bili er hann svo sannarlega ekki hættur að reykja. Hann hætti að drekka fyrir nokkrum mánuðum af heilbrigðisástæðum en neitar að gefa sígaretturnar upp á bátinn.**

**„Keith getur ekki byrjað daginn án þess að fá sér sígarettu. Núna eru reykingar eini löstur Keiths og hann ætlar ekki að hætta þeim," sagði kunningi gítarleikarans. Hinn 66 ára Keith er þekktur fyrir að reykja á tónleikum þrátt fyrir að það sé bannað, enda finnst honum slík boð og bönn eintóm þvæla.**



**LEIKUR RITSTJÓRA** Matthew Broderick leikur ritstjóra í nýrri sjónvarpsþáttaröð.

# Broderick í sjónvarpið

**Gæðaleikarinn Matthew Broderick hefur tekið að sér að leika aðalhlutverkið í nýjum gamanþáttum NBC-sjónvarpsstöðvarinnar. Þeir heita Beach Lane og fjalla um þekktan rithöfund sem tekur að sér að ritstýra dagblaði í smábæ. Broderick bauðst hlutverkið fyrir ári en ákvað loks að láta slag standa eftir að hafa lesið handritið, að því er kemur fram í Hollywood Reporter. Væntanlega hefur það síðan ekki skemmt fyrir að eiginkona Brodericks, Sarah Jessica Parker, hefur átt farsælan feril í sjónvarpinu, í þáttunum Sex and the City.**



**SAKNAR MICHAELS** Janet Jackson býst enn þá við símtali frá bróður sínum.

# Bíður eftir Michael

**Janet Jackson, systir hins látna Michaels Jackson, bíður enn eftir því að heyra röddina hans í símanum sínum. Þetta kemur fram í viðtali við söngkonuna í tímaritinu Wonderland. „Stundum hringir síminn og þá vona ég að þetta sé hann," segir Janet í viðtalinu en hún hefur haldið sig til hlés eftir að bróðir hennar fór yfir móðuna miklu og aðeins birst opinberlega til að styðja við bakið á börnum Jacksons. „Fólk syrgir bara á mismunandi hátt."**

# Eurovision kemur í stað handboltans

„Núna er handboltinn nýbúinn og þá er Eurovision byrjað," segir Páll Óskar Hjálmtýsson um hina árlegu tónleika sína á Nasa á laugardagskvöld sem verða haldnir eftir úrslitin í Eurovision. „Það er alltaf troðið, það er bara þannig. Þjóðin fríkar alltaf út."

Páll Óskar, Hera Björk og Haffi Haff stíga þar á svið ásamt dönsurum og eftir það þeytir Palli skífum alla nóttina. En fyrst tekur hann þátt í upphafsatriðinu í Eurovision-útsendingu Sjónvarpsins ásamt þremur öðrum fyrrverandi Eurovision-förum, eða Selmu Björnsdóttur, Friðriki Ómari og Regínu Ósk.

Palli segir að Eurovision-keppnin á laugardaginn gæti orðið tvísýn. „Það sem fólk má ekki gleyma er að það eru sex lög í keppninni en ekki tvö," segir hann og á þar við lög Jógvans og Heru Bjarkar sem hafa verið mest í umræðunni. „Ef eitthvað er þá er standardinn á þessari undankeppni mun hærri og betri en verið hefur. Það getur allt gerst í beinni útsendingu og sigurinn er aldrei gefinn, ekki frekar en í handboltanum."

Palli er í miklu Eurovision-stuði þessa dagana því hann undirbýr nú af kostgæfni þættina Alla leið sem hefjast í Sjónvarpinu um miðjan apríl. Spekingarnir þrír, Reynir Þór Eggertsson, Dr. Gunni og Guðrún Gunnarsdóttir, verða áfram á sínum stað og nú verða þættirnir fimm í stað fjögurra. „Þessir þrír spekingar eru búnir að vera svolítið sannspáir. Við byrjum fyrsta þáttinn á því að tékka á því hversu sannspá þau eru og það kemur sláandi vel út fyrir þau."

Eurovision-partíið á Nasa verður opnað klukkan 23 á laugardagskvöld. Forsala miða fer fram á Nasa á föstudaginn milli 13 og 17.



**PÁLL ÓSKAR** Páll Óskar er kominn í hörku Eurovision-gír og spáir spennandi keppni á laugardaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

VERÐHRUN
ÚTSÖLULOK
Kringlunni • Sími 551 3200
next á Íslandi er á facebook, ert þú orðin vinur?
next

## > Lítið frí hjá Björgvini Páli

Landsliðsmarkvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson fær ekki mikinn tíma til þess að jafna sig eftir átökin á EM. Hann kom heim með landsliðinu á mánudag, hélt utan til Sviss í gær og mun svo í kvöld spila með félagi sínu, Kadetten Schaffhausen, í átta liða úrslitum bikarkeppninnar gegn Amicitia Zurich sem Kári Kristján Kristjánsson spilar með. „Þetta er svolítið lítil hvíld og ég er eiginlega ekki enn búinn að fatta að það sé leikur hjá mér strax,“ sagði Björgvin Páll við Fréttablaðið í gær.



# sport

sport@frettabladid.is

KRISTINN JAKOBSSON: ER STADDUR Á MÖLTU TIL AÐ UNDIRBÚA SIG FYRIR KOMANDI ÁTÖK Í EVRÓPUDEILD UEFA

## *Maður stefnir alltaf á sigur í hverjum einasta leik*

Millilríkjadómarinn Kristinn Jakobsson er staddur þessa dagana á Möltu þar sem nú stendur yfir ráðstefna fyrir Elite/Premier dómara evrópska knattspyrnusambandsins, UEFA. Ráðstefnan er nú haldin í átjánda skiptið en þar hittast nú allir fremstu dómarar Evrópu og fara yfir stöðu mála fyrir lokasprettinn í Evrópudeild UEFA og Meistaradeild Evrópu.

„Þetta snýst fyrst og fremst um að undirbúa þessa dómara sem eru í efsta flokki fyrir komandi átök í 32 liða úrslitum Evrópudeildar UEFA og 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Þetta eru annars vegar fyrirlestrar og fundir og hins vegar æfingar, mælingar og meldingar,“ segir Kristinn.

Þegar er búið að raða dómurum niður á komandi leikdaga í bæði Evrópudeild UEFA og Meistaradeild Evrópu en ekkert er uppljóstrað um hvaða leiki hver dómari dæmir fyrr en aðeins nokkrir dagar eru í leik. Kristinn er búinn að fá það verkefni að dæma seinni leik í 32 liða úrslitum Evrópudeildar UEFA sem fram fer hinn 25. febrúar næstkomandi og er hann að vonum ánægður með það.



„Þetta er mjög skemmtilegt og krefjandi verkefni og þetta er í raun frábært framhald á því sem maður hefur verið að gera. Maður stefnir ávallt á sigur í hverjum leik og bíður svo og vonar eftir því að fá fleiri skemmtileg verkefni. Það er líka gaman að það verður keyrt áfram á þessu fimm manna íslenska teymi sem við höfum myndað í þessari keppni,“ segir Kristinn og á þar við tilraunaverkefni sem UEFA er að prófa með að hafa fimm manna dómarateymi á leikjum, það er að segja aðaldómara, auk tveggja aðstoðardómara og svo tveggja aukaaðstoðardómura sem staðsettir eru fyrir aftan mörkin til þess að auka enn meira á gæði dómgæslunnar.

„Ég held að svona atvik eins og þegar Thierry Henry lagði upp sigurmark Frakka í umspilsleiknum gegn Írum á dögunum með ólögmætum hætti verði til þess að fá menn til þess að spyrja sig hvað hefði gerst hefðu aukaaugu verið staðsett á bak við mörkin,“ segir Kristinn að lokum.

John Terry í stórræðum:

## Terry sagt að tjá sig ekki

**FÓTBOLTI** John Terry mun komast að því á föstudaginn hvort hann verði áfram fyrirliði enska landsliðsins.

Þá mun landsliðsþjálfarinn, Fabio Capello, funda með Terry um kynlífshneykslið sem mikið hefur verið fjallað um síðustu daga.

Capello hefur sagt að hann viti allt um málið en ætli ekki að tjá sig fyrr en hann hefur rætt við Terry. Leikmanninum hefur að sama skapi verið ráðlagt að tjá sig ekki við fjölmiðla fyrr en fundi hans með Capello lýkur.

Sumir fjölmiðlar greindu síðan frá því í gær að Terry myndi fá frí hjá Chelsea svo hann gæti farið til Dubai og reynt að bjarga hjónabandi sínu. Þangað flúði eiginkona hans er upp komst um framhjáhald Terrys. **- hbg**

Ólympíulandslið Íslands fyrir vetrarólympíuleikana í Vancouver var kynnt í gær:

# Fjórir keppendur frá Íslandi til Vancouver

**VETRARÓLYMPÍULEIKARNIR 2010** Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands kynnti í gær hvaða keppendur munu verja heiður Íslands á vetrarólympíuleikunum í Vancouver í þessum mánuði. Leikarnir eru frá 12. til 28. febrúar.

Fjórir keppendur fara frá Íslandi að þessu sinni. Það eru þau Björgvin Björgvinsson frá Dalvík, Stefán Jón Sigurgeirsson frá Húsavík, Árni Þorvaldsson úr Ármanni og Íris Guðmundsdóttir frá Akureyri. Öll taka þau þátt í alpagreinum.

Ísland sendir einnig einn keppanda á Ólympíumót fatlaðra en það er hún Erna Friðriksdóttir sem keppir einnig í alpagreinum.

Tveir þjálfarar, þeir Pavel Cebulj og Primoz Skerbinek, fara með liðinu. Mundína Ásdís Kristinsdóttir er sjúkraþjálfari hópsins og Guðmundur Jakobsson flokksstjóri.



**Á LEIÐ TIL VANCOUVER** Þeir Stefán Jón Sigurgeirsson, Árni Þorvaldsson og Björgvin Björgvinsson halda á næstu dögum til Kanada þar sem þeir munu taka þátt í vetrarólympíuleikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Andri Stefánsson er aðalfararstjóri og þau Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, og Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, verða einnig með í för. Þetta er í allt ellefu manna hópur.

Björgvin er okkar reyndasti skíðakappi en þeir Stefán Jón og Árni hafa verið á uppleið.

Mótið stendur yfir eins og áður segir í sautján daga en alls verða 5.500 manns á leikunum ef taldir eru keppendur og aðstoðarfólk.

Áttatíu lönd senda fulltrúa til þátttöku að þessu sinni en mikill áhugi er hjá fjölmiðlum á leikunum og er búist við 10 þúsund fulltrúum fjölmiðla í Vancouver.

Rúv mun sýna beint frá leikunum en búist er við því að allt að 3 milljarðar muni fylgjast með útsendingum frá leikunum að þessu sinni. **- hbg**


1.300.0



ÞÚ TALDIR RÉTT:
**1.300 MILLJÓNIR**

Fíton/SÍA



**UNDIR SMÁSJÁ** Vel var fylgst með John Terry í gær og áhorfendur bauluðu á hann. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin:

## Chelsea gerði jafntefli

**FÓTBOLTI** Chelsea er aðeins með tveggja stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir 1-1 jafntefli gegn Hull í gær. Liðið á þess utan ekki lengur inni leiki á Man. Utd sem er í öðru sæti.

Chelsea lenti undir í leiknum en Didier Drogba kom liðinu til bjargar með glæsilegu marki beint úr aukaspyrnu. Þetta var fyrsti leikur Drogba með Chelsea síðan hann snéri aftur úr Afríkukeppninni.

John Terry spilaði með Chelsea í gær þrátt fyrir áföll í einkalífinu. Hann var skotspónn áhorfenda sem bauluðu á hann er hann hafði boltann. **- hbg**

## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

Hull City-Chelsea 1-1
1-0 Steven Muoyokolo (30.), 1-1 Didier Drogba (42.)

**STAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | 24 | 17 | 4 | 3 | 58-20 | 55 |
| Man. United | 24 | 17 | 2 | 5 | 56-20 | 53 |
| **Arsenal** | 24 | 15 | 4 | 5 | 60-28 | 49 |

*N1-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| Fylkir-FH | 21-17 |
| KA/Þór-Valur | 20-31 |
| Stjarnan-HK | 37-19 |

# Mun bíða eftir rétta tækifærinu

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari er í sérstakri stöðu þessa dagana. Þó svo hann sé búinn að sanna sig sem einn hæfasti handknattleiksþjálfari heims er hann ekki með fasta dagvinnu þar sem félag hans, GOG, fór á hausinn er EM stóð sem hæst. Hann ætlar ekki að taka fyrsta atvinnutilboði sem berst.



**ÞOLINMÆÐI ER DYGGÐ** Það er leit að hæfari þjálfara á lausu í dag en Guðmundi. Hann ætlar að vera þolinmóður og bíða eftir nægilega spennandi tilboði. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari hvílir lúin bein þessa dagana eftir erfitt EM. Hann þarf ekki að drífa sig aftur út til Danmerkur enda er félag hans, GOG, gjaldþrota. Guðmundur fékk að vita tíðindin í gegnum sms-skeyti skömmu fyrir leik Íslands á EM.

„Næstu skref hjá mér eru óljós. Það er eitt og annað í Danmörku en fyrst og fremst er verið að skoða framhaldið hjá GOG. Félagið er að skoða stöðuna, hvort félagið byrji frá grunni í neðstu deild eða taki yfir lið jafnvel í 2. deild. Menn eru ekki hættir að spila handbolta þarna. Það eru fjárfestar í startholunum og menn eru að ráða ráðum sínum um hvorn kostinn þeir ætla að velja," sagði Guðmundur en hann segist vera að skoða næstu skref þessa dagana. Hvort eitthvað komi upp á borðið eins og gera má ráð fyrir í ljósi þess frábæra árangurs sem hann hefur verið að ná með íslenska landsliðinu.

„Það er ekkert komið upp í hendurnar á mér enn þá sem hægt er að tala um. Þetta er líka oft spurning um tímasetningu. Það eru ekki mörg alvöru lið sem eru í boði og oft eru þessi félög nýbúin að gera samninga við þjálfara eða nýbúin að framlengja. Þetta snýst því líka um að vera réttur maður á réttum stað á réttum tíma. Þá er maður í svolítið erfiðri stöðu," sagði Guðmundur sem ætlar því að vera þolinmóður.

„Ég er alveg ákveðinn í því að bíða eftir rétta tækifærinu þó svo það taki mig lengri tíma. Ég mun ekki ana út í neitt heldur bíða eftir því að rétta tilboðið og félagið komi. Ég verð mjög vandlátur á það sem verður. Hvort sem það verður í Danmörku eða annars staðar. Það hefur ekkert áhugavert fallið í fangið á mér enn þá ef ég á að segja satt," sagði Guðmundur en hann hefur verið orðaður við hið nýja sameiginlega félag FCK og AG Håndbold sem skartgripajöfurinn Jesper Nielsen stendur á bak við en hann er einnig aðalmaðurinn hjá Rhein-Neckar Löwen.

Guðmundur mun einmitt hitta Nielsen næstkomandi miðvikudag en Nielsen hefur boðið Guðmundi að koma á leik Rhein-Neckar Löwen og Kiel í sínu boði. Guðmundur segir ekkert samhengi vera á milli þeirrar ferðar og þessa orðróms.

„Þeir ku ætla að fela Klavs Bruun Jörgensen og Sören Herskind það að þjálfa þetta nýja félag. Þeir eru vissulega reynslulitlir en það hefur ekki verið minnst á það við mig að taka við þessu félagi. Jesper sendi mér tölvupóst þar sem hann óskaði mér til hamingju með árangurinn á EM og hann er eðlilega stoltur af þeim íslensku leikmönnum sem spila með Löwen. Hann ákvað af því tilefni að bjóða mér á leikinn," sagði Guðmundur Guðmundsson. **henry@frettabladid.is**



> Phil McGraw

„Fyrst er að viðurkenna vandann en það er gagnslaust nema þú gerir eitthvað í málinu.“

***Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw er á dagskrá alla virka daga hjá Skjá einum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HORFÐI Á WIPEOUT

# *Hlátur og annað fólk*



Fyrir nokkrum árum fékk ég Guitar Hero-tölvuleikinn í afmælisgjöf frá vinum mínum. Í kjölfarið hélt ég frábæra afmælisveislu þar sem bjórinn flæddi og gestir skiptust á að spila lag. Allir þurftu að setja upp sérstakan hatt sem gaf til kynna að þeir væru að gera og ég gaf gestum góðfúslegt leyfi til að stíga upp á húsgögn aðeins til þess að stökkva niður af þeim aftur.

Þegar ég vaknaði daginn eftir sá ég gítarinn liggja einmanalega á gólfinu. Það var enn þá kveikt á sjónvarpinu og leikurinn var enn þá í gangi í tölvunni. Ég var einn í herberginu og ákvað að taka einn leik – allsgáður og aleinn. Það var ekkert gaman. Ég fann enga þörf til að stökkva upp á húsgögn og mér leið hálf kjánalega með þennan litla gítar framan á mér. Ég gleymdi líka að setja upp hattinn og þegar ég mundi eftir honum sá ég hreinlega ekki tilganginn. Síðan þá hef ég aðeins spilað Guitar Hero í góðra vina hópi um helgar og finnst það alltaf jafn gaman. Guitar Hero er sem sagt nákvæmlega eins og Wipeout. Áður en íslenska þáttaröðin hófst horfði ég oft á þá bresku í góðra vina hópi. Wipeout var með betra og kjánalegra sjónvarpsefni sem ég hafði séð. Ég gat hlegið endalaust af mistökum keppendanna og náði oft ekki andanum í endursýningunum. Svo byrjaði íslenska Wipeout og ég var gríðarlega spenntur. Ég horfði á fyrsta þáttinn einn heima og það vantaði eitthvað. Af hverju hló ég ekkert? Ég horfði á keppendurna detta aftur fyrir sig ofan í ískalt vatnið og eina sem ég gat hugsað um var hversu sársaukafull lendingin var.

Það var tvennt í stöðunni: annaðhvort hafði ég glatað barnslegum húmor mínum eða ég var að gera eitthvað vitlaust. Ég komst ekki að niðurstöðu fyrr en ég horfði á Wipeout í stórum hópi með bjór í hönd og hló alveg jafn mikið og í gamla daga. Wipeout og Guitar Hero eru eins og góður brandari: Maður hlær ekki upphátt þegar maður er einn og les hann aftan á Andrésblaðinu …

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.35 Seinfeld** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.45 How I Met Your Mother** STÖÐ 2



▶ **20.00 Employee of the Month** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20 Bráðavaktin** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.55 Britain's Next Top Model** SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var... - Maðurinn** (18:26)(e)

**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Finnbogi og Felix.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.20 Bráðavaktin** (ER XV) (4:24) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg.

**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Miles Davis** (Kind of Miles) Dönsk heimildarmynd. Í ágúst 1959 kom út hljómplatan Kind of Blue sem átti eftir að verða mest selda djassplata sögunnar. Þar hafði Miles Davis með sér nokkra af fremstu djassleikurum þess tíma, til dæmis John Coltrane, Bill Evans og Cannonball Adderley. Stórsveit danska útvarpsins hélt upp á hálfrar aldar afmæli plötunnar með glæsilegum tónleikum þar sem leiknar voru nýjar útsetningar af þekktustu lögum hennar.

**23.25 Kastljós** (e)

**00.05 Lögin í söngvakeppninni**

**00.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Buena Vista Social Club**

**10.00 Shopgirl**

**12.00 Employee of the Month**

**14.00 The Birdcage**

**16.00 Buena Vista Social Club**

**18.00 Shopgirl**

▶**20.00 Employee of the Month** Gamanmynd með Dane Cook og Jessicu Simpson í aðalhlutverkum.

**22.00 Breathtaking**

**00.00 From Dusk Till Dawn 3**

**02.00 Tristan + Isolde**

**04.05 Breathtaking**

**06.00 Paris, Texas**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Ruff's Patch, Nornafélagið og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Auddi og Sveppi**

**11.00 Supernanny** (18:20)

**11.50 Gilmore Girls** (4:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Worst Week** (12:16)

**13.25 Ally McBeal** (16:23)

**14.10 Sisters** (17:28)

**15.00 E.R.** (6:22)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Nornafélagið og Ruff's Patch.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (19:21)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (15:24) Nágrannakona Charlies ætlar að flytja úr landi. Getur verið að Charlie eigi eftir að sakna hennar?

▶**19.45 How I Met Your Mother** (3:22) (3.22) Ted lætur undan þrýstingi og leyfir Barney að krydda fyrir sig ástarlífið sem að sjálfsögðu endar með ósköpum.

**20.10 Oprah's Big Give** (5:8) Þáttaröð frá Opruh Winfrey þar sem tíu einstaklingar keppa innbyrðis í gjafmildi.

**20.55 Mercy** (4:22) Dramatísk þáttaröð um hjúkrunarfræðinga sem starfa á Mercy-spítalanum í New Jersey.

**21.40 Ghost Whisperer** (2:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon.

**22.25 Tell Me You Love Me** (4:10)

**23.15 Tim Gunn's Guide to Style** (2:8)

**00.00 The Mentalist** (10:23)

**00.45 The Closer** (5:15)

**01.30 E.R.** (6:22)

**02.15 Sjáðu**

**02.45 The Gospel of John**

**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Crystal Palace - Wolves** Útsending frá leik í ensku bikardeildinni.

**16.05 Century Club Of San Diego** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**17.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

**17.55 Crystal Palace - Wolves** Útsending frá leik í ensku bikardeildinni.

**19.35 Leeds - Tottenham** Útsending frá leik í ensku bikardeildinni.

**21.35 Bestu leikirnir: Fylkir - ÍBV 16.07.00** Fylkir barðist við Íslandsmeistara KR um Íslandsmeistaratitilinn þetta árið en þeir tóku á móti ÍBV í 10. umferð. Leikurinn var hin besta skemmtun og var eitt af mörkum sumarsins skorað í leiknum en það var Momir Mileta sem átti heiðurinn af því.

**22.00 Champions Invitational** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**22.50 Leeds - Tottenham** Útsending frá leik í ensku bikardeildinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Hull - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.15 Wigan - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.55 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**19.50 Fulham - Portsmouth** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.00 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.

**22.30 West Ham - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**00.10 Fulham - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**15.55 Girlfriends** (12:23) (e)

**16.20 7th Heaven** (13:22)

**17.05 Dr. Phil**

**17.50 Innlit/ útlit** (2:10) (e)

**18.20 Top Design** (8:10) (e)

**19.05 America's Funniest Home Videos** (26:50) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**19.30 Fréttir**

**19.45 King of Queens** (1:25) (e)

**20.10 One Tree Hill** (5:22) Haley fær mikla athygli vegna hneykslismálsins sem Nathan er flæktur í. Millicent byrjar í nýrri vinnu og Brooke leyfir Julian að halda áfram að vinna með Julian.

▶**20.55 Britain's Next Top Model** (2:13) Stúlkurnar 13 sem komust áfram flytja inn í lúxusíbúð en síðan tekur alvaran við. Þær fara í kennslustund hjá Miss J Alexander, leika í auglýsingu fyrir Wedding Channel og fækka fötum fyrir myndatökuna.

**21.45 The L Word** (2:12) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Shane er fengin til að sjá um hárgreiðslu fyrir brúðkaup og það leiðir til erótískra atburða. Tasha segir Alice hvers vegna hún var ekki send til Íraks með hersveit sinni.

**22.35 The Jay Leno Show**

**23.20 CSI: Miami** (13:25) (e)

**00.10 Fréttir** (e)

**00.25 King of Queens** (1:25) (e)

**00.50 Premier League Poker** (4:15) (e)

**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**20.00 Maturinn og lífið** Fritz M. Jörgensson ræðir við gest sinn um lífið og tilveruna á meðan þeir fylgjast með matreiðslumestara matreiða ljúffengar kræsingar.

**20.30 Heim og saman** Þórunn Högnadóttir með frábærar lausnir.

**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningar- og auglýsingamál til mergjar.

**21.30 Óli á Hrauni** Óli og Viðar með góða gesti.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# STAÐREYNDIR UM DAGBLAÐALESTUR



ÍSLENDINGAR YNGRI EN 55 ÁRA VERJA LENGRI TÍMA Á VIRKUM DÖGUM TIL AÐ LESA SÍÐUR FRÉTTABLAÐSINS EN SÍÐUR MORGUNBLAÐSINS.




Heimild: Lestrarkönnun Capacent maí-okt 2009.

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.40**

### Ghost Whisperer

Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda. Melinda rekur antikbúð í smábænum þar sem hún býr með eiginmanni sínum. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Alkemistinn – NÝTT**

**INN kl. 21.00**

Viðar Garðarsson hefur umsjón með þætti um markaðsmál. Í fyrsta þættinum verður meðal annars fjallað um hvernig frambjóðendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík nýttu Netið í kosningabaráttunni, rætt verður við Friðrik Eysteinsson, aðjúnkt í markaðsfræði, og skoðuð íslensk könnun sem sýnir hvernig íslenskir stjórnendur brugðust við í kreppunni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Óðurinn til frelsisins
**21.10** Út um græna grundu
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.20** Bak við stjörnurnar
**23.10** Sveitarstjórnarmál - kjörlendi kvenna
**00.05** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Falcon Crest** (1:18) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis-fjölskyldunum, og hvernig lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

▶**18.35 Seinfeld** (14:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Falcon Crest** (1:18)

**20.35 Seinfeld** (14:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Modern Family** (1:22) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þeirra liggja saman og þær lenda í drepfyndnum aðstæðum.

**22.15 Chuck** (22:22) Chuck Bartowski lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

**23.00 Hung** (5:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO um Ray Drecker, skólaliðsþjálfara á fimmtugsaldri sem reynir fyrir sér á nýjum vettvangi og selur einmana konum blíðu sína.

**23.30 Entourage** (2:12)

**00.00 Fréttir Stöðvar 2**

**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.05** Lab Rats **12.35** Blackadder Goes Forth **13.05** Absolutely Fabulous **13.35** Robin Hood **14.20** Robin Hood **15.05** The Green Green Grass **15.35** The Inspector Lynley Mysteries **16.25** Hustle **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** My Hero **19.00** Little Britain **19.30** New Tricks **20.20** Holby Blue **21.10** Little Britain **21.40** Only Fools and Horses **22.10** Lab Rats **22.40** Blackadder Goes Forth **23.10** Absolutely Fabulous **23.40** Holby Blue

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Ha' det godt **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Svampebob Firkant **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Drengen de sagde hængte sig **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Mord på hjernen **22.40** Onsdags Lotto **22.45** OBS **22.50** Livvagterne **23.50** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Urix **12.30** Filmavisen 1959 **12.40** Med hjartet på rette staden **13.30** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** FBI **19.15** Folk. Ole Einars gullkokke **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** En ripe i lakken **23.45** Skavlan

## SVT 1

**13.10** Local Hero - byns hjälte **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Kamrat Sverige **16.25** Bullar av stål **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Andra Avenyn **20.45** Trapper happy tv **21.00** Nip/Tuck **21.45** Skavlan **22.45** Landet runt **23.30** Sissela och dödssynderna




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér núna múslí með mjólk, ávöxt og svo glas af safa. Annars hef ég verið í kornflexinu og hafragraut. Finnst líklegt að ég detti í það aftur bráðlega.“*

Sif Atladóttir knattspyrnukona.

# Kaffibarssjósund endaði á spítala

„Það endaði einn á spítala síðast – ofkældist næstum því. Það var reyndar ég. Ég fór aðeins of langt út í,“ segir Karl West, formaður sjósundsselskapar Kaffibarsins.

Hópurinn hittist tvisvar í viku og á mánudag endaði ferðin á því að formanninum var ekið í sjúkrabíl á spítala. „Ég ofreyndi mig – dreif ekki alveg til baka,“ segir Karl eldhress, enda búinn að endurheimta 36,8 gráðu líkamshita þegar Fréttablaðið náði í hann. Hann telur að líkamshitinn hafi farið niður í 34 gráður þegar hann komst upp úr ísköldum sjónum við illan leik. „Ég fór inn og var settur í mörg teppi og svo var hringt á sjúkrabíl. Það tók klukkutíma að ná í mig hita aftur.“

Sjósundsselskapur Kaffibarsins er um tveggja mánaða gamall hópur og samanstendur af velunnurum og starfsmönnum Kaffibarsins, sem er einn vinsælasti skemmtistaður borgarinnar. Hópurinn hittist á mánudögum og miðvikudögum og fer í samfloti frá Kaffibarnum í Nauthólsvík. „Þetta er opið félag fyrir þá sem óska. Við erum ekkert strangir,“ segir Karl og neitar því að nýir meðlimir þurfi að ganga í gegnum einhvers konar vígsluathöfn.

Karl segist ekki óttast að fara aftur „í hafið“ eins og hann orðar það í kvöld. „Þetta er eins og þegar maður dettur af hestbaki, það fyrsta sem maður gerir er að fara aftur á bak,“ segir hann. „Núna þekki ég takmörk mín. Ég get tekið sirka 90 sundtök og þá er ég örmagna. Ég hlakka til og fer galvaskur út í.“ **- afb**



**FRÍÐUR HÓPUR** Sjósundsselskapur Kaffibarsins hittist tvisvar í viku og fer í hafið. Formaður félagsins lenti á sjúkrahúsi síðast.



**LÁRÉTT**
**2.** hland, **6.** slá, **8.** mánuður, **9.** tunna, **11.** í röð, **12.** smápeningar, **14.** mjóróma, **16.** kusk, **17.** svelgur, **18.** pota, **20.** tveir eins, **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þrákelkni, **3.** óhreinindi, **4.** samtals, **5.** persónufornafn, **7.** heimakoma, **10.** ról, **13.** kk nafn, **15.** laun, **16.** umrót, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** piss, **6.** rá, **8.** maí, **9.** áma, **11.** mn, **12.** aurar, **14.** skræk, **16.** ló, **17.** iða, **18.** ota, **20.** uu, **21.** stuð.

**LÓÐRÉTT: 1.** þráa, **3.** im, **4.** samræðu, **5.** sín, **7.** ámusótt, **10.** ark, **13.** ari, **15.** kaup, **16.** los, **19.** au.


ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is


BALTASAR KORMÁKUR: GRAFARÞÖGN HVÍLD Í BILI

# Baltasar gerir kvikmynd eftir einleik Jóns Atla

Baltasar Kormákur hyggst gera kvikmynd sem verður lauslega byggð á einleik Jóns Atla Jónassonar, Djúpinu. Hann sótti innblástur sinn til ótrúlegrar þrekraunar Guðlaugs Friðþórssonar sem synti í land eftir að skip hans, Hellisey VE-503, fórst við Vestmannaeyjar aðfaranótt 11. mars árið 1984. Fjórir vinir Guðlaugs fórust en hann komst einn lífs af eftir að hafa synt rúma fimm kílómetra og verið sex tíma í ísköldu Atlantshafinu.

Baltasar viðurkennir að hann hafi lengi dreymt um að gera mynd sem byggðist á þessum atburðum. Hann hafi hins vegar ekki fundið neinn flöt á því fyrr en hann sá æfingu á Djúpinu eftir Jón Atla með Ingvari E. Sigurðssyni í hlutverki skipbrotsmannsins í Borgarleikhúsinu. Hann tekur hins vegar fram að kvikmyndin verði sjálfstætt verk þótt vissulega byggist það á einleiknum og atburðunum við Stórhöfða. „Ég talaði við Jón Atla strax eftir æfinguna og við fórum að vinna handritið. Sú vinna hefur bara gengið það vel að þetta er að verða að veruleika,“ segir Baltasar en myndin fékk vilyrði fyrir styrk hjá Kvikmyndamiðstöð Íslands nýverið og er nú beðið svara hjá Norræna kvikmyndasjóðnum.

Baltasar segir enga ákvörðun hafa verið tekna um hvaða leikarar komi til greina í aðalhlutverkið en útilokaði þó Ingvar E. Sigurðsson. „Ég ætla samt ekki að fara að binda þetta við eitthvert aldursbil eða útlit en Ingvar hentar einfaldlega ekki í þetta hlutverk,“ segir Baltasar en viðurkennir um leið að hann sé með nokkra leikara í sigtinu.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá stóð til að ráðast í gerð kvikmyndar eftir bók Arnaldar Indriðasonar, Grafarþögn, en leikstjórinn segir hana hafa verið setta til hliðar um stundarsakir. „Arnaldur er að skrifa handritið en vegna anna hjá honum hefur það dregist aðeins á langinn. Þannig að þetta verkefni fer fram fyrir röðina.“

**freyrgigja@frettabladid.is**





**FANN FLÖTINN HJÁ JÓNI ATLA**

**Baltasar Kormákur** ætlar að gera kvikmynd sem verður lauslega byggð á einleik **Jóns Atla**, Djúpinu. Sá einleikur er innblásinn af ótrúlegu þrekvirki Guðlaugs Friðþórssonar sem komst einn lífs af þegar Hellisey VE-503 sökk við Vestmannaeyjar í mars 1984.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Pókerklúbburinn Kojack hélt sérstakt góðgerðapókermót á mánudag, eins og Fréttablaðið greindi frá um helgina. Félagarnir Arnar Gunnlaugsson, Egill Gillz og **Auðunn Blöndal** þóttu hlutskarpastir og skiptu með sér sigrinum þar sem þeir höfðu allir valið sama málefni til að styrkja áður en mótið hófst. Potturinn, sem var 315 þúsund krónur, rann því óskiptur til langveikra barna.



Það er rífandi gangur hjá tónlistarmanninum **KK**. Hann hélt tvenna uppselda tónleika á Rosenberg um helgina þar sem hann spilaði fyrstu tvær plöturnar sínar með upprunalegu spilurunum. Á fésbókar-síðu sinni tilkynnti tónlistarmaðurinn nýlega að hann væri giftur og fékk fjölmargar heillaóskir í kjölfarið. KK var þó ekki að gifta sig heldur aðeins að uppfæra „statusinn“. Hann er búinn að vera með sömu konunni síðan hann var tvítugur og þau giftu sig fyrir nokkrum árum.



Baráttan hefur heldur betur harðnað í hinu íslenska Eurovision því á Netinu ganga nú ásakanir á víxl um að tvö lög séu stolin. Fyrst byrjaði umræðan um lag Örlygs Smára með franska nafnið og svo dúkkaði allt í einu upp sú umræða að lag **Bubba** og Óskars Páls væri líka stolið. Sennilega eru það hins vegar engin ný tíðindi að lög í þessari ágætu keppni séu svolítið keimlík.



IMOGAZE®
gegn uppþembu og lofti í maga
Imogaze 240mg
Fæst án lyfseðils í næsta apóteki
IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðsspennu loftbólanna í meltingarveginum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.
IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgangs) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáltíðar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en í 10 daga. Ef einkennin eru viðvarandi eða fara versnandi, eða ef um langvarandi hægðatregðu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfsins eiga ekki að nota lyfið. Hugsanlegar aukaverkanir: Ógleði, hægðatregða og ofnæmisviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.


# Gulljakkinn varð bronsjakki

„Eigum við ekki að segja að jakkinn sé bronslitaður,“ segir varnarjaxlinn Ingimundur Ingimundarson.

Íslenska landsliðið í handbolta kom með bronsverðlaun um hálsinn til landsins á mánudag eftir góða ferð til Austurríkis. Athygli vakti að Ingimundur klæddist bronslituðum jakka þegar hann steig út úr flugvélinni í Keflavík. „Þeir gáfu mér afmælisgjöf drengirnir – jakka og buxur,“ segir Ingimundur spurður út í jakkann. Hann fagnaði þrítugsafmælinu 29. janúar, daginn eftir að Ísland vann frækinn sigur á Norðmönnum. „Jakkinn átti að tákna gullið fyrir okkur. En svo kom á daginn að hann er bronslitaður eftir allt saman.“

Ingimundur segir að markvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson hafi verið valinn til að bræða tískuverslanirnar í Vín í leit að réttu gjöfinni. Er hann tískulöggan í hópnum? „Hann vill meina það. Ég veit það ekki,“ segir Ingimundur léttur. **- afb**




**FLOTTUR JAKKI** Ingimundur í bronsjakkanum við komuna til landsins á mánudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



GB, Mbl.

# GÓÐIR ÍSLENDINGAR

lordofthewasteland@internet.is ▷ „Finnst við ekki vera í tengslum við raunveruleikann“

## HÁRBEITT HÁÐ UM ÍSLENSKA ÞJÓÐ

**„Það er verið að taka okkur öll í gegn í þessari sýningu – grínið fleytir kerlingar á yfirborðinu – en undiraldan segir: „Þið ættuð að skammast ykkar!““**

GB, Morgunblaðið

**„Ein hressilegasta og hollasta sýning sem sést hefur lengi.“**

EB, Fréttablaðið

**„Þetta er magnaður hópur sem saman getur gert hvað sem vera skal enda er sýningin frábær.“**

SA, tmm.is

**„algerlega frábær sýning sem við hvetjum alla til að sjá...“**

Lostafulli listræninginn, RÚV





| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| fös. 5. febrúar | **UPPSELT** | lau. 13. febrúar | |
| lau. 6. febrúar | örfá sæti laus | fös. 19. febrúar | |
| fös. 12. febrúar | örfá sæti laus | lau. 20. febrúar | síðasta sýning |

SNARPUR SÝNINGARTÍMI

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

Fíton / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Jogastudio.org

JÓGA Stúdíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Milljónir í súginn



Eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag voru það kvikmyndirnar Avatar og The Hurt Locker sem fengu flestar tilnefningar til Óskarsverðlaunanna, eða alls níu. Kvikmynd **Sigurjóns Sighvatssonar**, Brothers, fékk hins vegar enga en aðstandendur myndarinnar höfðu gert sér vonir um að fá einhverjar tilnefningar og eyddu nokkrum milljónum í sérstaka Óskars-kynningarherferð. Sérstaklega höfðu þeir veðjað á frammistöðu Tobey Maguire og lagið Winter með U2 en allt kom fyrir ekki, Akademían horfði framhjá Köngulóarmanninum og írsku risunum. **- fgg**

### Sjö fylgja fjórum keppendum

Í gær var tilkynnt hverjir færu fyrir Íslands hönd til keppni á vetrarólympíuleikunum í Vancouver, en þeir hefjast á föstudag. Að þessu sinni fara fjórir keppendur og eru þeir allir í alpagreinum. Vonandi ná þeir góðum árangri á mótinu, í það minnsta verður ekki hægt að kenna um ónógri umsjón á staðnum verði svo ekki. Keppendum fjórum fylgja nefnilega sjö manns: þjálfarar, sjúkraþjálfi, flokksstjóri og aðalfararstjóri, ásamt forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ. Ellefu manns og fjórir að keppa.

### Flokkur í klípu

Frjálslyndi flokkurinn er í vanda staddur. Forkólfar hans vilja ekkert með borgarfulltrúann **Ólaf F. Magnússon** hafa, og afneita honum statt og stöðugt, en eru samt háðir hjálp hans um skil á ársreikningi fyrir árið 2008. Illa gengur að nálgast svör við því hvernig á að leysa úr þessari klemmu, því þegar hringt er í símanúmer flokksins, sem gefið er upp á vefsíðu hans, fást þau svör að númerið sé ekki rétt valið.



## Mest lesið VISIR.IS

1. Dóttir Sophiu Hansen bar vitni á tyrknesku
2. Hjó drukkinn félaga sinn í höfuðið með sverði
3. Jóhanna hittir Barroso
4. Náttfari gripinn á Selfossi
5. Óskarstilnefningarnar komnar





Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.






Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is